

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 16. júní 2022

Mál nr. S-1580/2020:

Ákærvaldið

(Elimar Hauksson saksóknarfulltrúi)

gegn

Georg Mikaelssyni

(Ólafur Garðarsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð og endurteknum málflytningi föstudaginn 22. apríl 2022, er höfðað með ákæru héraðssaksóknara, útgefinni 18. júní 2020, á hendur Georg Mikaelssyni, kt. 000000-0000, [...], „fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum [...]:

1. Með því að hafa staðið skil á efnislega röngum skattframtölum gjaldárin 2010 til og með 2014, vegna tekjuáranna 2009 til og með 2013, með því að láta undir höfuð leggjast að gera grein fyrir eignarhaldi sínu á félaginu Georg Mikaelsson Ltd., skráð og stofnað á Seychelleseyjum, og með því að láta undir höfuð leggjast að telja fram á skattframtölum sínum vegna sömu ára, tekjur að fjárhæð kr. 66.354.336 er stöfuðu af hlutareign ákærða í félaginu Georg Mikaelsson Ltd. sem skattskyldar eru sem fjármagnstekjur sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 4. tl. C-liðar 7. gr. sömu laga, sem og rekstrarhagnað félagsins Georg Mikaelsson Ltd. að fjárhæð kr. 469.291.384, sem skattskyldar eru skv. 1. mgr. 57. gr. a. laga nr. 90/2003, sbr. 2. og 3. mgr. sama ákvæðis og B-liðar 7. gr. sömu laga, en með framangreindu komst ákærði undan greiðslu fjármagnstekjuskatts að fjárhæð kr. 8.097.934 og tekjuskatts og útsvars að fjárhæð kr. 212.147.525, sem sundurliðast sem hér greinir:

Tekjuárið 2009

Fjármagnstekjuskattur

Vanframtaldar fjármagnstekjur 66.354.336 kr.

Vangreiddur fjármagnstekjuskattur

(10% af allri fjárhæðinni) 6.635.434 kr.

(5% af fjárhæð eftir 1. júlí umfram 250.000 kr.) 1.462.500 kr.

8.097.934 kr.

Tekjuárið 2010

Tekjuskattur og útsvar

Framtaldar tekjur 3.456.000 kr.

Rekstrarhagnaður GM Ltd. skv. CFC skráningu Ekki skilað

Vanframtalinn rekstrarhagnaður GM Ltd. 70.507.287 kr.

Tekjuskattur, 2. þrep 1.172.880 kr.

Tekjuskattur, 3. þrep 21.833.885 kr.

Útsvar 8.785.208 kr.

Ónýttur persónuafsláttur 0 kr.

Vangreiddur tekjusk. og útsvar 31.791.973 kr.

Tekjuárið 2011

Tekjuskattur og útsvar

Framtaldar tekjur 3.052.800 kr.

Rekstrarhagnaður GM Ltd. skv. CFC skráningu Ekki skilað

Vanframtalinn rekstrarhagnaður GM Ltd. 70.748.075 kr.

Tekjuskattur, 2. þrep 1.319.360 kr.

Tekjuskattur, 3. þrep 20.871.700 kr.

Útsvar 9.664.187 kr.

Ónýttur persónuafsláttur 0 kr.

Vangreiddur tekjusk. og útsvar 31.855.247 kr.

Tekjuárið 2012

Tekjuskattur og útsvar

Framtaldar tekjur 3.456.000 kr.

Rekstrarhagnaður GM Ltd. skv. CFC skráningu Ekki skilað

Vanframtalinn rekstrarhagnaður GM Ltd. 36.759.551 kr.

Tekjuskattur, 2. þrep 1.289.071 kr.

Tekjuskattur, 3. þrep 10.100.682 kr.

Útsvar 5.021.355 kr.

Ónýttur persónuafsláttur 0 kr.

Vangreiddur tekjusk. og útsvar 16.411.108 kr.

Tekjuárið 2013

Tekjuskattur og útsvar

Framtaldar tekjur 3.456.000 kr.

Rekstrarhagnaður GM Ltd. skv. CFC skráningu Ekki skilað

Vanframtalinn rekstrarhagnaður GM Ltd. 291.276.471 kr.

Tekjuskattur, 2. þrep 1.397.872 kr.

Tekjuskattur, 3. þrep 90.902.960 kr.

Útsvar 39.788.366 kr.

Ónýttur persónuafsláttur 0 kr.

Vangreiddur tekjusk. og útsvar 132.089.197 kr.

Vanframtalinn rekstrarhagnaður GM Ltd. alls 469.291.384 kr.

Vanframtaldar fjármagnstekjur alls 66.354.336 kr.

Vangreiddur tekjusk. og útsvar alls 212.147.525 kr.

Vangreiddur fjármagnstekjuskattur alls 8.097.934 kr.

[...]

Framangreind brot ákærða skv. 1. tölulið ákæru teljast varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. einnig 1. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, og 2. mgr. 22. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

[...]

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Upphaflega var ákæran í tveimur liðum en ákæruvaldið féll frá ákærulið II.

Að lokinni aðalmeðferð málsins lýsti ákæruvaldið yfir að það féllist á að nánar greindar fjárhæðir teldust til útgjalda [félagsins Georg Mikaelsson Ltd.]. Voru þær þessar:

Dags.	Aðili	Fjárhæð í dölum	Fjárhæð í kr.
2. 12. 2010	[...]	7.595,22 evrur	1.156.904
9. 5. 2011	[...]	20.000 dalir	2.271.800
20. 5. 2011	[...]	20.000 dalir	2.298.400
19. 7. 2011	[...]	50.000 dalir	5.848.500
4. 10. 2011	[...]	15.000 dalir	1.788.150
27. 10. 2011	[...]	6.000 dalir	678.960
14. 11. 2011	[...]	20.000 dalir	2.312.800
26. 1. 2012	[...]	28.000 dalir	3.425.520

19. 4. 2012	[...]	19.400 dalir	2.464.382
30. 4. 2012	[...]	10.000 dalir	1.255.500
7. 5. 2012	[...]	10.000 dalir	1.244.100
22. 2. 2013	[...]	7.000 dalir	887.670
24.4. 2013	[...]	1.869 dalir	218.411
17. 6. 2013	[...]	6.350 dalir	762.826
17. 6. 2013	[...]	2.835 dalir	340.569
20. 8. 2013	[...]	883 dalir	105.563
22. 10. 2013	[...]	12.300 dalir	1.481.289
12. 12. 2013	[...]	54.145 dalir	6.319.804
8. 6. 2010	A	70.000 evrur	10.909.500
6. 12. 2011	[...] 45.373 evrur	7.100.000	

Alls féllst ákærvaldið þannig á að 52.871.648 króna útgjöld drægjust frá þeirri fjárhæð rekstarhagnaðar sem ákærði væri í ákæru talinn hafa vanrækt að telja fram.

Við munnlegan endurflutning málsins kom fram af hálfu sækjanda að ákærvaldið féllist enn fremur á að 151.265 Bandaríkjadalir, sem jafngiltu 18.619.080 krónum, drægjust frá rekstrartekjum félagsins. Voru það eftirtalin útgjöld félagsins:

Dags.	Aðili	Fjárhæð í dölum	Fjárhæð í kr.
15. 2. 2012	[...]	25.000	3.067.750
21. 2. 2012	[...]	10.000	1.232.700
29. 2. 2012	[...]	9.200	1.144.204
6. 3. 2012	[...]	6.450	810.959
27. 3. 2012	[...]	16.000	2.017.280
19. 7. 2012	[...]	15.000	1.877.850
26. 7. 2012	[...]	28.000	3.458.280
6. 9. 2012	[...]	2.000	245.700
19. 12. 2012	[...]	9.115	1.139.557
7. 3. 2013	[...]	10.000	1.250.900
3. 5. 2013	[...]	20.500	2.373.900

Ákærði neitar sök. Hann byggir á því að meint brot vegna tekjuársins 2009 séu fyrnd. Hann viðurkennir að hafa ekki tilgreint eignarhald sitt á Félaginu GM og rekstrarhagnað þess tekjuárin 2010 til 2013. Hann byggir á því að enginn rekstrarhagnaður hafi verið, og því að hann hafi einungis átt 10% í félaginu á umræddum tíma

Málavextir

Samkvæmt gögnum málsins var félagið Georg Mikaelsson Ltd. stofnað á Seychelles eyjum hinn 23. 3. 2009. Hafi ákærði í upphafi verið tilnefndur eini stjórnarmaður félagsins. Óumdeilt er í málinu að ákærði hafi í upphafi verið eini eigandi félagsins. Hann byggir á því að í framhaldi af lánasamningi og síðar vanskilum samkvæmt honum hafi 90% hlutur í félaginu farið úr sinni eigu. Verður vikið að því síðar.

Samkvæmt bréfi Seychelles Revenue Commission til skattrannsóknarstjóra dags. 3. febrúar 2017 var [félagið Georg Mikaelsson Ltd.,] afskráð 1. janúar 2016.

Það erlenda félag sem málið varðar, Georg Mikaelsson Ltd., bar nafn ákærða. Til aðgreiningar verður félagið að jafnaði nefnt Félagið GM í dómi þessum, fremur en formlegu heiti sínu. Sá háttur verður þó að jafnaði ekki hafður á þegar vitnað er í beinan texta úr skjölum.

Óumdeilt er að ákærði var á þeim tíma er málið varðar eigandi félagsins [...].

Af hálfu ákæruvaldsins er byggt á því að skattrannsóknarstjóri hafi með tölvupósti 29. desember 2015 tilkynnt ákærða að hafin væri rannsókn á skattskilum ákærða vegna tekjuársins 2009. Ákærði byggir á því að sér hafi verið tilkynnt um þetta með ábyrgðarbréfi í janúar 2016.

Hinn 5. apríl 2016 tilkynnti skattrannsóknarstjóri ákærða að rannsókn tæki einnig til tekjuáranna 2010 til og með 2013.

Í niðurstöðum skýrslu skattrannsóknarstjóra, dags. 17. apríl 2019, á tekjum og skattskilum ákærða tekjuárin 2009 til og með 2013 segir meðal annars að fyrir liggja gögn frá Seychelles Revenue Commission á Seychelleryjum þess efnis að félagið Georg Mikaelsson Ltd. hafi verið stofnað hinn 23. 3. 2009. Áskrifandi að hlutafé félagsins hafi verið nánar greindur aðili en samkvæmt ákvörðun þess aðila hafi ákærði verið tilgreindur eini stjórnarmaður félagsins. Hafi Seychelles Revenue Commission staðfest við

skattrannsóknarstjóra 3. 2. 2017 að ákærði hafi verið eini stjórnarmaður og eigandi félagsins. Sé að mati skattrannsóknarstjóra vafalaust að ákærði hafi verið eini stjórnarmaður og eigandi félagsins allt rannsóknartímabilið. Ákærði hafi ekki gert grein fyrir eignarhlut sínum í félaginu á skattframtölum vegna tímabilsins. Þá hafi ekki verið staðin skil á eyðublöðunum RSK 4.24 og 4.25 vegna tekjuáranna 2010 til og með 2013, en þar sé gert ráð fyrir að skilað sé skýrslu fyrir félagið og gerð grein fyrir eignarhaldi, atkvæðisrétti, arði og hlutdeild í tekjum og eignum. Þá segir í skýrslunni að ársreikningar, bókhald og bókhaldsgögn hafi ekki verið afhent, þrátt fyrir beiðni skattrannsóknarstjóra.

Í skýrslunni er fjallað um greiðslur inn á bankareikning Félagsins GM í Nordea Bank S.A. í Luxemburg umrædd ár og er niðurstaðan sú að þær nemi 470.507.380 krónum. Bókhaldsgögn félagsins hafi ekki verið afhent og þá hafi ekki komið fram upplýsingar frá ákærða um möguleg rekstrargjöld félagsins. Sé skattrannsóknarstjóra ekki mögulegt að leggja sjálfstætt mat á möguleg rekstrargjöld félagsins eftir skoðun á bankareikningnum einum en þó telji embættið að vaxtagjöld og bankakostnaður séu möguleg rekstrargjöld. Þegar þau hafi verið dregin frá hafi hagnaður félagsins, sem beri að skattleggja sem tekjur ákærða, verið sem hér segir: Árið 2010 hafi hagnaður numið 70.507.287 krónum. Árið 2011 hafi hagnaður numið 70.748.075 krónum. Árið 2012 hafi hagnaður numið 36.759.551 krónu. Árið 2013 hafi hagnaður numið 291.276.471 krónu. Alls hafi hagnaðurinn á þessum árum numið 469.291.384 krónum.

Þá er í skýrslunni fjallað um greiðslur af reikningi Félagsins GM inn á persónulega reikninga ákærða og greiðslur af persónulegum reikningum ákærða inn á reikning Félagsins GM. Segir að á árinu 2009 hafi alls 114,5 milljónir króna verið greiddar af reikningi Félagsins GM inn á persónulega reikninga ákærða, en 48.145.664 krónur af persónulegum reikningum ákærða inn á reikning Félagsins GM. Hafi þannig 66.354.336 krónur runnið frá félaginu til ákærða umfram það sem rann frá ákærða til félagsins.

Hinn 20. maí 2019 vísaði skattrannsóknarstjóri skattamálinu til héraðssaksóknara.

Ríkisskattstjóri endurákværðaði opinber gjöld ákærða með úrskurði 26. maí 2020. Í úrskurðarorði segir að vegna gjaldárs 2010 hækki stofn til greiðslu fjármagnstekjuskatts um 66.354.336 krónur; vegna gjaldárs 2011 hækki stofn til tekjuskatts og útsvars um 70.507.287 krónur; vegna gjaldárs 2012 hækki stofn til tekjuskatts og útsvars um 70.748.075 krónur; vegna gjaldárs 2013 hækki stofn til tekjuskatts og útsvars um 40.215.551 krónu og vegna gjaldárs 2014 hækki stofn til tekjuskatts og útsvars um

291.276.471 krónu. Þá reiknist 2,5% verðbótaálag á mismun á álögðum sköttum og staðgreiðslu samkvæmt 122. gr. laga nr. 90/2003.

Ákærði gaf skýrslu hjá skattrannsóknarstjóra 7. júní 2016. Var hann þá meðal annars spurður hvað hann gæti sagt um Félagið GM. Ákærði svaraði að hann ætti það. Hann var spurður hvort hann væri eini hluthafinn og játaði hann því. Ákærði kvaðst hafa stofnað félagið. Spurður hvers vegna hann hefði ekki greint frá eignarhaldi sínu á félaginu á skattframtölum svaraði ákærði að félagið væri erlent. Hann bætti svo við: „Nei, ég hef bara gleymt því.“ Nánar spurður um félagið svaraði ákærði að það hefði tvo starfsmenn er störfuðu á Seychelles eyjum. Spurður hverjir sætu í stjórn sagðist ákærði ekki muna það. Spurður hvernig stjórnun félagsins væri háttað sagðist ákærði ekki muna það. Spurður hverjir stýrðu daglegum rekstri svaraði ákærði: „Það eru bara erlendir aðilar, ég þarf bara að ráðfæra mig við hann hvort að hann vilji láta nafns síns getið bara.“ Spurður hvort hann kæmi ekkert að rekstrinum svaraði ákærði neitandi. Spurður hvort félagið hefði haft bankareikninga erlendis svaraði ákærði að hann myndi það ekki.

Þáv. verjandi ákærða skrifaði skattrannsóknarstjóra tölvubréf 30. september 2016 og sagði ákærða óska eftir að gefa skýrslu að nýju „til að leiðrétta hluta af framburði sínum hjá SRS.“ Af hálfu skattrannsóknarstjóra var boðinn tiltekinn tími og bætt við að embættið myndi „þá vilja nota tækifærið og spyrja hann út í nokkur atriði til viðbótar.“

Ákærði gaf skýrslu að nýju hjá skattrannsóknarstjóra 1. desember 2016. Í upphafi skýrslutökunnar var hann spurður hvort hann vildi tjá sig sjálfstætt um málið og svaraði: „Já. Síðast þá hliðraði ég aðeins til sannleikanum, bara í einu atriði að mig minnir, hann er sá að í sambandi við Georg Mikaelsson Ltd. félagið, þá á ég það ekki að fullu leyti, að öllu leyti, ég á bara 10% í því, og ef þið óskið eftir þá mun ég afla gagna þess efnis. Af hverju sagði ég ekki allan sannleikann? Af því að ég bara mátti það ekki og já.“ Ákærði var þá spurður hvers vegna hann hefði ekki mátt segja allan sannleikann, og svaraði: „Ég bara, viðskiptafélagi minn vildi það ekki.“ Ákærði bætti við: „Og er ekki alveg á því ennþá að vilja það, þannig að ég er að fara út til [...] núna á sunnudaginn og ræða við hann um það efni meðal annars.“ Ákærði var þá spurður hvort þetta væri erlendur aðili og svaraði hann játandi. Ákærði var þá spurður hvort hann ætti einhver stofngögn og kvaðst ákærði útvega þau. Hann þyrfti tíma til þess en myndi útvega þau. Hann var þá spurður hvort hann ætti ekki gögnin og neitaði hann því. Hann var þá spurður hvort hann

ætti ársreikninga eða slíkt og svaraði: „Ég á, er ekki með neitt undir höndum en ég mun útvega þetta allt saman.“

Í málinu liggur skjal á pólsku, dags. 8. febrúar 2009. Jafnframt liggur skjal á íslenzku sem mun vera sama efnis. Fyrir dómi sagðist vitnið B hafa þýtt skjalið af pólsku. Verður hér vísað til þess texta. Skjalið ber heitið „Lánasamningur (evrur – tryggingar) milli Georg Mikaelsson og Georg Mikaelsson ltd. sem lántaka og C sem lánveitanda.“ Í upphafi sammingsins segir að lánveitandi, til heimilis á nánar greindum stað í Póllandi og lántakar geri með sér samning um „skammtímalán með tryggingu í 90% af útgefnu hlutafé Georgs Mikaelssonar í IBC félaginu Georg Mikaelsson ltd“ að fjárhæð 1,2 milljónir evra, með nánar greindum skilmálum. Þá segir: „Lánið er veitt til skamms tíma þar sem að nauðsynlegt er að bregðast hratt við því tækifæri sem boðist hefur en mun lánveitandi endanlega vera 90% eigandi af félaginu Georg Mikaelsson ltd. sem hér er lögð fram sem trygging fyrir endurgreiðslu. Útborgun láns fer fram á undirritunardegi skv. samningi. Form að kröfu um afhendingu á 90% eignarhlutum í félaginu Georg Mikaelsson ltd fylgir með samningi þessum sem Viðauki 1.“ Í samningnum segir að „lántaki“ skuldbindi sig til endurgreiða lánið með einni greiðslu í síðasta lagi 10. janúar 2010. Lánið beri 5% vexti en verði afborgana laust til lokagjalddaga. Vextir leggist á í fyrsta sinn 31. desember 2009. Fyrsti vaxtadagur sé undirritunardagur. Undir samninginn skrifa C sem lánveitandi og ákærði fyrir sína hönd og Félagsins GM. Á samninginn rita sem vottar B og D, sem mun vera eiginmaður B.

Þá liggur í málinu skjal á pólsku, dags. 15. febrúar 2010 og annað á íslenzku nefnt „Viðauki 1 – tilkynning um vanskil á endurgreiðslu láns og krafa um afhendingu framlagðrar tryggingar skv. lánasamningi.“ Skjalið er dagsett 15. febrúar 2010, stílað á ákærða, og efni þess er sagt „Krafa um afhendingu tryggingar skv. lánasamningi.“ Í upphafi skjalsins er vísað til lánasammings dags. 8. febrúar 2009 þar sem veitt hafi verið skammtímalán að fjárhæð 1,2 milljónir evra með tryggingu „í 90 eignarhlutum þínum“ í Félaginu GM. Sé tilkynnt að vegna vanskila endurgreiðslu samkvæmt lánasamningnum sé gengið að þeim tryggingum sem lagðar hafi verið fram við gerð lánasammingsins. Undir skjalið er skráð nafnið C en undir er handritað: „fh. B“. Á skjalið er jafnframt prentaður texti þar sem ákærði lýsir yfir að C sé réttur eigandi 90% eignarhluta ákærða í Félaginu GM. Undir textann er handritað nafn ákærða.

Í málinu liggur útprentað tölvubréf, skráð sent 28. 3. 2010 kl. 19.31, frá B, á tölvupóstfangið [...]. Tölvubréfið er á ensku en í þýðingu lögg. skjalapýðanda segir: „Halló. C er móðir mín. Georg sendi þér samning dagsettan 8. febrúar 2009 og tilkynningu dagsetta 15. febrúar 2010. Vinsamlegast breyttu eignarhaldi félagsins Georg Mikaelsson Ltd. IBC númer [...] frá 15. mars 2010. Bestu kveðjur B.“ Jafnframt liggur fyrir útprentað svarbréf á ensku frá umræddu netfangi, þar sem skráð er nafn sendanda E. Í þýðingu lögg. skjalapýðanda segir: „Ágæta frú, Já þetta hefur þegar verið gert. [Fangamark skráðs sendanda]“.

Af hálfu ákærða hafa verið lögð fram í málinu skjöl sem nefnd eru „Financial statements“ fyrir Félagið GM, 31. desember hvert ár 2010, 2011, 2012 og 2013. Frumritin eru á ensku en einnig liggja skjölin fyrir í þýðingu lögg. skjalapýðanda. Öll frumritin eru undirrituð af ákærða sem stjórnanda félagsins. Þá eru öll frumritin undirrituð fyrir hönd endurskoðanda og báru bæði ákærði og vitnið E fyrir dómi að þar hefði hinn síðarnefndi ritað undir. Við nafn hvors um sig er skráð dagsetning. Er jafnframt á frumritunum stimpill sem ber með sér að vera frá félaginu [...]. Á reikningi sem miðaður er við 31. 12. 2010 er við undirritun ákærða handrituð dagsetningin 7. 3. 2011 og við undirritun endurskoðandans handrituð sama dagsetning. Á reikningi sem miðaður er við 31. 12. 2011 er við undirritun ákærða handrituð dagsetningin 13. 3. 2012 og við undirritun endurskoðandans handrituð sama dagsetning. Á reikningi sem miðaður er við 31. 12. 2012 er við undirritun ákærða handrituð dagsetningin 1. 3. 2013 og við undirritun endurskoðandans handrituð sama dagsetning. Á reikningi sem miðaður er við 31. 12. 2013 er við undirritun ákærða handrituð dagsetningin 14. 3. 2014 og við undirritun endurskoðandans handrituð sama dagsetning.

Í þýðingu lögg. skjalapýðanda segir í ársreikningi vegna ársins 2010 að stjórnarmenn Félagsins GM séu ákærði, sem eigi 10% hlut í félaginu, og C sem eigi 90% hlut. Í efnahagsreikningi segir að bankainnstæður og handbært fé nemi 245.026 evrum en viðskiptaskuldir 1.132 evrum. Í rekstrarreikningi segir að tekjur hafi verið 33.833 evrur vegna gengishagnaðar en 64 evrur vegna vaxta af bankainnstæðum. Útgjöld félagsins hafi numið 35.189 evrum. Þar af hafi 32.313 evrur verið vegna ráðgjafarþóknana, 1.132 evrur vegna þóknunar endurskoðanda, 453 evrur vegna bankakostnaðar og vaxta, 230 evrur vegna gjaldfærslu eigna, 442 evrur vegna fargjalda vegna ferðalaga og 620 evrur vegna gistingar. Tap ársins hafi numið 1.292 evrum.

Í þýðingu lögg. skjalapýðanda segir í ársreikningi vegna ársins 2011 að stjórnarmenn Félagsins GM séu ákærði, sem eigi 10% hlut í félaginu, og C sem eigi 90% hlut. Í efnahagsreikningi segir að bankainnstæður og handbært fé nemi 415.689 evrum en viðskiptaskuldir 179.323 evrum. Í rekstrarreikningi segir að tekjur félagsins hafi numið 7.863 evrum og þar af hafi 7.687 evrur verið vegna gengishagnaðar en 176 evrur vegna vaxta af bankainnstæðum. Útgjöld félagsins hafi numið 9.906 evrum, þar af hafi 3.298 evrur verið vegna ráðgjafarþóknana, 1.132 evrur vegna þóknunar endurskoðanda, 1.016 evrur vegna bankakostnaðar og vaxta, 557 evrur vegna almenns skrifstofukostnaðar, 427 evrur vegna máltíða og risnu, 1.789 evrur vegna fargjalda vegna viðskiptaferða og 1.687 evrur vegna gistingar. Tap ársins hafi numið 2.043 evrum.

Í þýðingu lögg. skjalapýðanda segir í ársreikningi vegna ársins 2012 að stjórnarmenn Félagsins GM séu ákærði, sem eigi 10% hlut í félaginu, og C sem eigi 90% hlut. Í efnahagsreikningi segir að bankainnstæður og handbært fé nemi 195.064 evrum og viðskiptakröfur 86.983 evrum. Viðskiptaskuldir nemi 62.115 evrum. Í rekstrarreikningi segir að gengistap hafi numið 10.754 evrum. Útgjöld félagsins eru sögð hafa numið 13.134 evrum, þar af hafi 5.349 evrur verið vegna ráðgjafarþóknana, 1.131 evra vegna þóknunar endurskoðanda, 1.316 evrur vegna bankakostnaðar og vaxta, 293 evrur vegna almenns skrifstofukostnaðar, 133 evrur vegna máltíða og risnu, 2.024 evrur vegna fargjalda vegna viðskiptaferða og 2.887 evrur vegna gistingar. Tap ársins hafi numið 23.888 evrum.

Í þýðingu lögg. skjalapýðanda segir í ársreikningi vegna ársins 2013 að stjórnarmenn Félagsins GM séu ákærði, sem eigi 10% hlut í félaginu, og C sem eigi 90% hlut. Í efnahagsreikningi segir að bankainnstæður og handbært fé nemi 345.891 evru og viðskiptakröfur 186.983 evrum. Viðskiptaskuldir nemi 177.132 evrum. Í rekstrarreikningi segir að gengistap hafi numið 10.562 evrum. Útgjöld félagsins eru sögð hafa numið 7.790 evrum, þar af hafi 1.449 evrur verið vegna ráðgjafarþóknana, 1.132 evrur vegna þóknunar endurskoðanda, 565 evrur vegna bankakostnaðar og vaxta, 2.960 evrur vegna fargjalda vegna viðskiptaferða og 1.684 evrur vegna gistingar. Tap ársins hafi numið 18.352 evrum.

Í skýrslutöku hjá skattrannsóknarstjóra 7. júní 2016 var ákærði meðal annars spurður um innborganir Félagsins GM á persónulegan bankareikning hans árið 2009, alls að fjárhæð 84.500.000 krónur. Ákærði svaraði: „Ég þarf að kynna mér þetta aðeins nánar,

þetta er allavega, einhver hluti af þessu, mig minnir að þetta sé lán en ég þarf að kynna mér þetta bara betur.“ Spurður hvort gerður hafi verið lánasamningur svaraði ákærði að það hlyti að vera.

Í skýrslutöku hjá skattrannsóknarstjóra 1. desember 2016 var ákærði meðal annars spurður um innborgun Félagsins GM á persónulegan bankareikning hans árið 2009, að fjárhæð 42 milljónir króna hinn 22. júní. Ákærði svaraði að þetta væri lán til sín. Hann var þá spurður hvenær lánið hefði verið greitt til baka og svaraði þá: „Þetta er 2009, fyrirgefðu, ég ætla ekki að tjá mig um þetta.“ Í upphafi skýrslutökunnar hafði komið fram af hálfu ákærða að þar sem honum hefði ekki verið tilkynnt um rannsókn fyrr en á árinu 2016 væru atvik ársins 2009 utan rannsóknarinnar og myndi hann ekki svara spurningum um þau. Var honum þá kynnt að hann yrði spurður um slík atriði allt að einu en þetta yrði þá skýringin á að hann neitaði að svara spurningunum.

Ákærði var jafnframt spurður um millifærslur af reikningi Félagsins GM inn á reikning hans, 13 milljónir króna 30. júní 2009 og 29,5 milljónir króna 24. júlí 2009. Ákærði neitaði að svara spurningum um þær, þar sem þetta hefði verið á árinu 2009.

Ákærði var jafnframt spurður um innborganir Félagsins GM á persónulegan bankareikning hans árið 2013, alls að fjárhæð 84.500.000 krónur. Hann var fyrst spurður um greiðslu að fjárhæð 100.000 evrur, eða 15.855.000 krónur, og svaraði ákærði að þetta hefði verið lán. Spurður hvenær lánið hefði verið endurgreitt svaraði ákærði að hann minnti að ekki væri „búið að borga þetta til baka, þetta var kúla.“ Ákærði var spurður hvort lánið væri enn ógreitt og sagði hann svo vera. Hann var spurður hvort gerður hefði verið lánasamningur og hvort hann væri til og játaði hann því. Hann var beðinn um að afhenda samninginn en kvaðst ekki vera með hann meðferðis. Ákærði var spurður um vexti á láninu og sagðist hann ekki muna það nákvæmlega, „en mig minnir eitthvað um 6%, það var það á þessum tíma.“

Hinn 12. desember 2016 kyrrsetti sýslumaðurinn [...] fyrir 100 milljónir króna eignarhluta ákærða í fasteigninni [...] að kröfu tollstjórans [...] vegna væntanlegrar skattkröfu og sektar vegna skattskila ákærða. Samkvæmt gerðabók krafðist tollstjóri kyrrsetningar til tryggingar kröfum að fjárhæð 367 milljónir króna, en tollstjóri kvaðst telja verðmæti umræddrar fasteignar vera um 100 milljónir króna.

Svo sem áður greinir komst skattransóknarstjóri að þeirri niðurstöðu að greiðslur inn á bankareikning Félagsins GM í Nordea Bank S.A. í Luxemburg á þeim árum sem um ræði hafi alls numið 470.507.380 krónum. Að frádregnum vaxtagjöldum og bankakostnaði standi eftir 469.291.384 krónur og í ákæru var sú fjárhæð í upphafi talin vera rekstrarhagnaður félagsins, sem ákærði hafi talið fram til skatts.

Í málinu er ekki deilt um að umræddar fjárhæðir hafi verið lagðar inn á reikning Félagsins GM.

Eftirfarandi umræddar innlagnir eru í gögnum málsins skráðar frá 47 aðilum, en ekki liggur í öllum tilfellum fyrir hverjir þeir aðilar eru. Erlendur gjaldeyrir er í evrum nema annað sé tekið fram og er þá um Bandaríkjadali að ræða:

	dags.	evrur	fjárhæð í kr.
1. [...]	8. 1. 2010	50.000	9.000.500
2. F	22. 3. 2010	40.462	6.931.950
	31. 3. 2010	15.000	2.580.450
	5. 3. 2012	6.000	997.080
	17. 12. 2013	3.086	494.377
3. G	25. 3. 2010	11.561	1.993.926
	7. 12. 2011	3.125	496.156
	16. 1. 2012	3.125	495.688
	8. 2. 2012	6.173	997.001
	2. 4. 2012	3.530	593.817
	25. 5. 2012	3.072	498.002
	23. 8. 2013	40.000	6.405.600
	28. 8. 2013	38.000	6.078.100
4. [...]	25. 3. 2010	34.200	5.898.474
	28. 4. 2010	23.700	4.031.607
	19. 5. 2010	18.700	2.993.870
	21. 5. 2010	19.500	3.121.170
	25. 5. 2010	31.000	4.950.390

5. [...]	25. 6. 2010	140.000	21.968.800
6. H	16. 8. 2010	46.500	7.107.525
7. [...]	20. 5. 2011	33.802,66	5.541.270
8. [...]	26. 5. 2011	6.385,70	1.047.638
	1. 11. 2011	8.410	1.327.519
	18. 4. 2013	8.260	1.269.314
	14. 10. 2013	7.678	1.265.104
9. [...]	21. 6. 2011	2.700	444.771
10. I	5. 9. 2011	11.650,50	1.892.973
	22. 9. 2011	34.990,50	5.565.589
	14. 10. 2011	11.650,50	1.854.410
	25. 11. 2011	9.245,50	1.472.253
11. J	26. 9. 2011	60.000	9.532.800
	25. 10. 2011	45.600	7.244.016
12. K	28. 10. 2011	32.338	5.150.797
13. L	9. 11. 2011	12.455 dalir	1.440.296
	6. 2. 2013	7.440	1.275.067
	13. 3. 2013	10.030	1.647.628
	17. 6. 2013	10.030	1.604.299
	29. 8. 2013	8.800	1.400.520
14. M	16. 11. 2011	10.000	1.581.600
	17. 11. 2011	10.000	1.584.200
	18. 11. 2011	10.000	1.585.500

		21. 11. 2011	10.000	1.588.800
		21. 11. 2011	10.000	1.588.800
		23. 11. 2011	10.000	1.590.500
		23. 11. 2011	10.000	1.590.500
		23. 11. 2011	10.000	1.590.500
		25. 11. 2011	10.000	1.592.400
		18. 1. 2012	37.000	5.889.660
15. [...]		6. 12. 2011	45.373,37	7.213.458
16. N		8. 12. 2011	29.962,50 dalir	3.550.856
		9. 12. 2011	24.962,50 dalir	2.961.052
17. O		18. 5. 2012	3.352,94	543.344
18. [...]		20. 9. 2012	6.000	957.840
		18. 10. 2012	1.586	254.442
		30. 1. 2013	2.000	347.360
		27. 3. 2013	526	83.614
19. P		15. 8. 2012	10.000	1.469.500
		23. 8. 2012	10.000	1.487.100
20. Q	10. 10. 2012	36.800	5.808.512	
21. [...]	30. 11. 2012	10.000	1.629.500	
22. [...]	11. 12. 2012	94.000	15.384.980	
		9. 1. 2013	29.411	4.957.518
		4. 4. 2013	200.000	31.562.000
		11. 4. 2013	100.000	15.515.000
		8. 8. 2013	96.875	15.257.500
		2. 12. 2013	15.244	2.468.918

23. [...]	14. 1. 2013	10.000	1.707.100
24. R	21. 1. 2013	5.000	852.950
	21. 2. 2013	5.000	854.000
	15. 3. 2013	5.000	813.300
	25. 4. 2013	2.600	395.408
25. [...]	22. 1. 2013	58.480	9.997.273
26. S	28. 1. 2013	47.000	8.100.920
27. [...]	31. 1. 2013	80.000	13.708.800
	29. 4. 2013	135.725	20.738.780
	19. 12. 2013	100.000	15.935.000
28. T	5. 2. 2013	6.400	1.095.424
29. U	11. 2. 2013	15.000	2.579.400
	8. 5. 2013	8.700	1.331.796
30. V	26. 2. 2013	5.000	828.950
	28. 2. 2013	15.000	2.467.050
	5. 6. 2013	25.000	3.983.500
	21. 6. 2013	18.800	3.031.500
31. [...]	13. 3. 2013	8.000	1.314.160
32. P	18. 3. 2013	66.000 dalir	8.273.100
33. Æ	12. 4. 2013	2.262	350.225
	3. 5. 2013	5.162	784.159
	9. 7. 2013	3.162	513.351

34. Ö		25. 4. 2013	4.250	646.340
		30. 4. 2013	2.000	304.960
		2. 5. 2013	2.000	304.360
		6. 5. 2013	1.000	151.700
		9. 10. 2013	1.650	271.359
		24. 10. 2013	4.745	784.064
		17. 12. 2013	4.700	752.940
35. AA	29. 4. 2013	10.000	1.528.000	
		12. 6. 2013	10.000	1.599.100
		7. 8. 2013	10.000	1.572.500
		5. 11. 2013	10.000	1.637.800
		6. 12. 2013	10.000	1.614.600
		30. 12. 2013	8.185	1.297.241
36. AB		6. 5. 2013	2.578	391.083
37. AC		27. 6. 2013	43.160	6.938.402
38. [...]		10. 7. 2013	4.000 dalir	504.360
39. [...]		1. 8. 2013	41.782	6.570.637
40. [...]		1. 8. 2013	321.145	50.503.263
41. AD		15. 10. 2013	5.000	816.650
		15. 10. 2013	2.500	408.325
		11. 12. 2103	5.000	806.300
		12. 12. 2013	300	48.207
42. AE		30. 10. 2013	30.926 dalir	3.711.429

43. [...]	4. 12. 2013	5.000	809.100
44. AG	10. 12. 2013	14.000	2.256.100
45. AH	11. 12. 2013	6.000	967.560
	11. 12. 2013	4.700	757.922
46. AI	11. 12. 2013	77.200 dalir	9.050.156
47. AJ	27. 12. 2013	22.000	3.495.800

Af hálfu ákærða voru undir rekstri málsins lögð fram gögn vegna stórs hluta þessara innborgana:

1. [...]. Af hálfu ákærða var lagt fram tölvuprentað skjal undir fyrirsögninni „Staðfesting“, svohljóðandi: „[...] lagði 50.000 evrur inn á Georg Mikalsson [svo] Ltd., reikning hjá Nordea í Luxemborg nr. [...] í byrjun janúar 2010 (líklega 8. jan). Georg hefur í dag endurgreitt kr. 8.800.000. Afgangurinn u.þ.b. 200.000 kr. er hagnaður GL Ltd. 21 jan 2010 F.h. [...]“. Undir er handritað: „f.h. [...]“.

2. F. Af hálfu ákærða var lagt fram tölvuprentað skjal undir fyrirsögninni „Greiðslukvittun“, svohljóðandi: „Þann mars 2012 lagði ég inn á bankareikning Georgs Mikalssonar Ltd í Lúxemborg (Nordea) 6.999 evrur. Georg endurgreiddi mér í dag kr. 920.000 í íslenskum krónum. 8. mars 2012 F.“ Undir er handrituð undirskrift, ólæsileg.

Af hálfu ákærða var lagt fram tölvuprentað skjal undir fyrirsögninni „Staðfesting“, svohljóðandi: „Þann 22. mars 2010 lagði ég inn á bankareikning Georg Mikalssonar [svo] Ltd. [...] hjá Nordea Bank 40.462 evrur og aftur þann 31. mars 15.000 evrur eða samtals 55.462 evrur. Georg hefur nú afhent mér í íslenskum krónum kr. 9.000.000 og telst skuldin því að fullu greidd. 4 apríl 2010 F.“ Undir er handrituð undirskrift, ólæsileg.

Af hálfu ákærða var lagt fram tölvuprentað skjal undir fyrirsögninni „Kvittun“ svohljóðandi: „Þann 17 des 2013 lagði ég inn 3.086 evrur á bankareikning Georg Mikalssonar [svo] Ltd. [...]. Georg Mikalsson [svo] Ltd. hefur nú endurgreitt mér í ísl. Krónum 450.000. 21 desember 2013 F.“ Undir er handrituð undirskrift, ólæsileg.

3. G. Af hálfu ákærða var lagt fram tölvuprentað skjal undir fyrirsögninni „Kvittun“ svohljóðandi: „25 mars 2010 lagði ég 11.561 evrur inn á reikning G M Ltd. hjá Nordea bank [...]. Í dag afhenti Georg mér 1.994.000 krónur á móti. Við erum því kvittir. 28. mars 2010. G.“ Undir er handritað:.

Af hálfu ákærða var lagt fram tölvuprentað skjal undir fyrirsögninni „Kvittun“ svohljóðandi: „7 des 2011 lagði ég 3.125 evrur inn á reikning Georg Mikalssonar [svo] Ltd. hjá Nordea bank [...]. Í dag afhenti Georg mér 496.000 krónur á móti. Við erum því kvittir. 10 des 2011 G.“ Undir er handritað: G.

Af hálfu ákærða var lagt fram tölvuprentað skjal undir fyrirsögninni „Kvittun“ svohljóðandi: „Þann 16 jan 2012 lagði ég 3.125 evrur inn á reikning Georg Mikalssonar [svo] Ltd. hjá Nordea bank [...] og þann 8. febrúar s.l. lagði ég 6.173 evrur inn á sama reikning. Georg endurgreiddi mér þessar fjárhæðir í einu lagi í dag samtals kr. 1.493.000 og erum við því skuldlausir hvor við annan. 12 feb. 2012. G.“ Undir er handritað: G.

Af hálfu ákærða var lagt fram tölvuprentað skjal undir fyrirsögninni „Kvittun“ svohljóðandi: „Þann 2 apríl 2012 lagði ég 3.530 evrur inn á reikning Georg Mikalssonar [svo] Ltd. hjá Nordea bank [...]. Einnig lagði ég 3072 evrur inn á sama reikning 24 eða 25 maí s.l. Georg greiddi mér þessar fjárhæðir í einu lagi í dag samtals kr. 1.092.000 og erum við því kvittir. 29 maí 2012. G.“ Undir er handritað: G.

Af hálfu ákærða var lagt fram tölvuprentað skjal, án fyrirsagnar, svohljóðandi: „23 ágúst lagði ég 40.000 evrur inn á reikning Georg Mikalssonar [svo] Ltd. hjá Nordea bank [...] og þann 28. ágúst 38.000 evrur eða samtals 78.000 evrur. Georg greiddi mér til baka í íslenskum krónur í dag 1 september kr. 12.485.000. G“. Undir er handritað: G.

4. [...]. Af hálfu ákærða var lagt fram skjal á ensku undir fyrirsögninni „Receipt“. Í þýðingu lögg. skjalapýðanda: „Þann 25 mars 2010 greiddi [...] 34.200 evrur inn á reikning Georg Mikaelsson Ltd hjá Nordea bank [...]. Síðan aftur þann 28. apríl 2010, 23.700 evrur og síðan 3 greiðslur í maí 2010; 19. maí 18.700 evrur, 21. maí 19.500 evrur og 25. maí 31.000 evrur. Samtals 127.100 evrur. Georg greiddi mér til baka með einni greiðslu núna þann 1. júní 2010 í íslenskum krónum, samtals 20.845.511. [...] I.A.“ Undir enska útgáfu skjalsins er handrituð undirskrift, ólæsileg. Fyrir dómi kvað vitnið AK þetta vera undirskrift sína. Í enskri útgáfu skjalsins er nafn Félagsins GM ritað „Georg Mikalsson Ltd“.

5. [...]. Af hálfu ákærða var lagt fram skjal, undirritað af ákærða, stílað á A, dags. 8. júní 2010. Þar segir: „Georg Mikaelsson Ltd. kaupir [bifreið] af A með verksmiðjunúmeri [...] á 140.000 Euro. Georg Mikaelsson Ltd. greiðir mer bifreiðinni [...] að verðmæti 70.000 Euro og millifærslu að upphæð 70.000 Euro þann 8. júní 2010.

Ákæruvaldið lýsti yfir við meðferð málsins að það féllist á að vegna þessara viðskipta hefði Félagið GM haft 70.000 evra kostnað.

6. H. Af hálfu ákærða var lagt fram skjal, undirritað af ákærða, stílað á H til heimilis á nánar greindum stað í Sviss, dags. 19. ágúst 2010: „Georg Mikaelsson Ltd. selur H [...] með verksmiðjunúmeri [...]. Söluverð: 46.500 Euro NETTO.“

Af hálfu ákærða var lagður fram reikningur, dags. 18. ágúst 2010, útgefinn af „[...] til Félagsins GM, vegna kaupa á [...] bifreið að fjárhæð 46.500 evrur. Viðtakandi bifreiðarinnar verði H til heimilis á nánar greindum stað í [...].

7. [...]. Af hálfu ákærða var lagt fram tölvuprentað skjal merkt „Kvittun“, svohljóðandi: „Þann 20 [maí] greiddi [...] 33.802,66 evrur inn á Nordea reikning Georg Mikaelssonar [svo] Ltd. [...]. Georg hefur nú greitt kr. 5.459.000 í íslenskum krónum til baka. F.h. [...] AL.“ Undir skjalið er handritað: AL.

8. Af hálfu ákærða var lagt fram tölvuprentað skjal sem ber með sér að stafa frá „[...]“ til heimilis á nánar greindum stað í [...]. Skjalið ber yfirskriftina „Invoice 301“ og er viðskiptavinur skráður Félagið GM. Á skjalið er meðal annars skráð „4x Computers & accessories“ og að „Total balance for item“ séu 50 þúsund Bandaríkjadalir. Eru skráðar bankaupplýsingar [...] og neðst á skjalinu er feitletrað: „NOTICE: Please make sure to indicate: Item IDs, and Customer Name when making a payment.“

Af hálfu ákærða voru lögð fram fjögur skjöl á ensku, öll undir yfirskriftinni „Invoice“. Útgefandi er Félagið GM en viðskiptavinur [...]. Af öllum skjölunum verður ráðið að selt sé „Computer & accessories“. Fyrsta skjal er dagsett 16. maí 2011 að fjárhæð 6.385,7 evrur. Annað skjal er dagsett 18. október 2011 að fjárhæð 8.410 evrur. Þriðja skjal er dagsett 8. apríl 2013 að fjárhæð 8.260 evrur og fjórða skjal er dagsett 3. október 2013 að fjárhæð 7.678 evrur.

9. [...]. Af hálfu ákærða hafa verið lagðir fram tveir reikningar [...] til Félagsins GM, dags. 9. 3. 2011. Segir á báðum í þýðingu lögg. skjalapýðanda: „Við reikningsfærum yður neðangreint notað ökutæki samkvæmt kaupsamningi“ og kemur fram að um sé að ræða [...] bifreið og sé „endanlegt verð“ 11.500 evrur. Þá stendur: „Tryggingargjald sem endurgreiðist við útflutning 1350,00 evrur.“ Neðst á skjalinu stendur: „Til greiðslu án frádráttar 09.03.11.“

10. I. Af hálfu ákærða hefur verið lagt fram tölvuprentað skjal á ensku, með yfirskriftinni „Receipt/kvittun“. Í þýðingu lögg. skjalapýðanda hljóðar skjalið svo: „Ég, I, greiddi 4 sinnum inn á reikning Georg Mikaelsson Ltd í Lúxemborg (reikning hjá Nordea). 5. september 2011, 11.650,50 evrur. 22. september 2011, 34.990,50 evrur. 14. október 2011, 11.650,50 evrur og 25. nóvember 2011, 9.245,50 evrur. Samtals 67.537 evrur. Georg greiddi mér til baka samtals 10,5 milljónir í íslenskum krónum. 5. desember 2011 I.“ Undir enska textann er handrituð undirskrift, I og öðru leyti ógreinileg.

Nafn Félagsins GM er í enska textanum ritað „Georg Mikaelsson Ltd.“

13. L. Af hálfu ákærða voru lagðar fram myndir þriggja skjala sem öll bera yfirskriftina „Kvittun“.

Fyrsta skjalið er svohljóðandi: „greiddi 12.455 evrur inn á reikning Georgs Mikaelssonar [svo] hjá Nordea í Lúxemborg [...] þann 9. nóvember s.l. Í dag afhenti ég [...] [svo] 1.400.000 íslenskar vegna þessara viðskipta. 14. nóvember 2011 L.“ Undir skjalið er handritað, að því er virðist „L“. Á skjalið er handstrikið yfir orðið „evrur“ og handskrifað að því er virðist USD og stafirnir GM við.

Annað skjalið er svohljóðandi: „L greiddi 10.030 evrur inn á reikning Georgs Mikaelssonar [svo] hjá Nordea í Lúxemborg [...] þann 17. júní 2013 og aftur 8.800 evrur þann 29. ágúst 2013. Georg hefur nú afhent mér 2.850.000 krónur vegna þessara viðskipta og erum við þá full kvittir. 5. september 2013 L.“ Undir skjalið er handritað, að því er virðist „L“.

Þriðja skjalið er svohljóðandi: L greiddi 7.440 evrur inn á reikning Georgs Mikaelssonar [svo] hjá Nordea í Lúxemborg [...] þann febrúar [svo] 2013 og 10.030 evrur 13. mars 2013. Í dag afhenti ég [...] [svo] kr. 2.750.000 íslenskar vegna þessara viðskipta. 17. mars 2013 L.“ Undir skjalið er handritað, að því er virðist „L“.

14. M. Af hálfu ákærða var lagt fram tölvuprentað skjal undir yfirskriftinni „Kvittun“, svohljóðandi: „Undirritaður lagði 10.000 evrur inn á reikning Georgs Mikaelssonar [svo] Ltd hjá Nordea í Luxemborg [...] þann 16 nóvember s.l., 17 nóvember og 18 nóvember, samtals 30.000 evrur. Í dag afhenti Georg mér kr. 4.600.000 í íslenskum krónum og erum við því kvittir. Reykjavík 20 nóvember 2011. M“. Undir skjalið er handritað, ólæsilegt.

Þá voru lögð fram af hálfu ákærða þrjú afrit reikningseyðublaða. Eru þau handrituð, stíluð á M.

Fyrsta eyðublaðið virðist dagsett 23. nóvember 2011 og þar stendur: „Undirritaður lagði 20.000 € inn á reikning Georg Mikaelsson Ltd. hjá Nordea í Lux [...] þann 21. nóvember 2011 Í dag afhenti Georg mér 3.175.000 kr. og erum vð því kvittir.“ Undir er handrituð undirskrift, ólæsileg. Neðst á seðlinum er merkt við reitinn „Með pen.“ þar sem gera má grein fyrir greiðsluformi.

Annað eyðublaðið er dagsett 30. nóvember 2011 og þar stendur: „Undirritaður lagði 40.000 € inn á reikning Georg Mikaelsson Ltd. hjá Nordea Bank í Lux [...] þann 23. 11. 11 og 25. 11. 11. Í dag afhenti Georg mér 6.725.000 kr og erum við því kvittir.“ Undir er handrituð undirskrift, ólæsileg. Svo er að sjá að upphaflega hafi verið skráð fjárhæðin 4.700.000 krónur en strikað yfir hana og skráð 6.725.000 krónur.

Þriðja eyðublaðið er dagsett 22. janúar 2012 og þar stendur. „Undirritaður lagði 37.000 € inn á reikning Georg Mikaelsson Ltd. hjá Nordea Bank í Lux [...], þann 18. 01. 12. Í dag afhenti Georg mér 5.900.000 kr.“ Undir er handrituð undirskrift, ólæsileg.

15. AM. Ákærvaldið lýsti yfir að það féllist á að Félagið GM hefði haft 7,1 milljónar króna kostnað vegna viðskipta við AM og verða framlögð gögn ákærða vegna þeirra ekki rakin.

16. N. Af hálfu ákærða var lagt fram skjal á ensku, dags. 10. 3. 2011, frá félaginu [...], til heimilis á nánar greindum stað í [...]. Skjalið ber yfirskriftina „Invoice“ og er Félagið GM skráður viðskiptavinur. Í þýðingu lögg. skjalapýðanda kemur fram að keypt sé nánar greind bifreið að fjárhæð 48.970 Bandaríkjadalir. Heildarfjárhæð vörunnar sé með þóknunum og kostnaði 54.000 dalir. Gefnar eru upp reikningsupplýsingar útgefanda reikningsins og neðst á skjalinu er feitletrað: „Gætið þess að gefa upp: Auðkennisnúmer vöru og nafn viðskiptavinar við framkvæmd greiðslu.“

Af hálfu ákærða var lögð fram útprentun úr ökutækjaskrá fyrir nánar greinda bifreið af gerðinni [...]. Fram kemur að verksmiðjunúmer bifreiðarinnar er sama og greinir á reikningi sem fyrr var rakinn. Í skránni segir að innflytjandi bifreiðarinnar sé [...] Á eigendaferli bifreiðarinnar er skráður kaupandi 18. apríl 2012 AN.

17. O. Af hálfu ákærða var lagt fram tölvuprentað skjal undir yfirskriftinni „Kvittun“, svohljóðandi: „Í maí 2012 (líklega 18) lagði O 3.352,94 evrur inn á reikning Georgs Mikaelssonar [svo] Hf [svo] í Luxemborg (Nordea Bank). Nokkrum dögum seinna greiddi Georg mér 500.000 krónur íslenskar og vorum við þá sáttir. Desember 2020 O.“ Undir er handskrifað: „Fyrir hönd AO [ólæsilegt]“ og kennitala vitnisins AO.

19. P. Af hálfu ákærða var lagt fram tölvuprentað skjal undir yfirskriftinni „Kvittun“, svohljóðandi: „P lagði tvisvar inn 10.000 evrur, samtals 20.000 evrur inn á reikning Georgs Mikaelssonar Ltd. í Lux [...], 15. og 23. ágúst 2012. Í dag afhenti Georg mér íslenskar krónur samtals 2.850.000 og erum því kvittir. Kopavogur 27 ágúst 2012“. Undir er rituð undirskrift, ógreinileg.

20. Q. Af hálfu ákærða var lagt fram afrit reikningseyðublaðs, dags. 15. október 2012. Á það er handskrifað: „Q lagði inn 36.700 € inn á reikning Georg Mikaelssonar Ltd í Nordea þann 10. 10. 2012. Georg greiðir kr. 5.600.000.“ Undir er handskrifað að því er virðist [...].

21. [...]. Af hálfu ákærða var lagt fram tölvuprentað skjal undir yfirskriftinni „Staðfesting“, svohljóðandi: „Það staðfestist hér með að Georg Mikaelsson [svo] afhenti mér 1.550.000 í íslenskum krónum í byrjun desember 2012 vegna gjaldeyrisviðskipta. Reykjavík 11 febrúar 2021..“ Undir er handritað „[...] [ógreinilegt]“.

25. [...]. Af hálfu ákærða var lagt fram tölvuprentað skjal undir yfirskriftinni „Kvittun“, svohljóðandi: „Þann 22. janúar 2013 lagði [...] 58.480 evrur inn á Nordea bank í Lúxemborg, reikning Georg Mikaelssonar [...]. Georg afhenti mér í dag 9,9 milljónir í íslenskum krónum. Reykjavík 25. janúar 2013.“ Undir er handritað með öllu ólæsilegt.

26. S. Af hálfu ákærða var lagt fram tölvuprentað skjal undir yfirskriftinni „Kvittun“, svohljóðandi: „Þann 28 janúar 2013 lagði S 47.000 evrur inn á reikning Georgs Mikaelssonar Ltd í Lúxemborg [...]. Í dag afhenti Georg mér samtals 8 milljónir íslenskar krónur vegna ofangreinds innleggs og eru þá viðskiptin uppgerð. 2. febrúar 2013 S.“ Undir er handritað: „FH AO.“

27. [...]. Af hálfu ákærða voru lögð fram þrjú tölvuprentuð skjöl undir yfirskriftinni „Kvittun“.

Fyrsta skjalið er svohljóðandi: „Þann 31 janúar 2013 lagði [...] 80.000 evrur inn á Nordea Bank í Luxemborg, reikning Georgs Mikaelssonar Ltd. [...]. Georg afhenti mér í dag 13.500.000 í íslenskum krónum og erum við þá skuldlausir hvor við annan. Reykjavík 2 feb 2013.“

Annað skjalið er svohljóðandi: „Þann 29 apríl 2013 lagði [...] 135.725 evrur inn á Nordea Bank í Luxemborg, reikning Georgs Mikaelssonar Ltd. [...]. Georg afhenti mér í dag kr. 20.500.000 í íslenskum krónum og eru þá viðskiptin uppgerð. Reykjavík 1 maí 2013.“

Þriðja skjalið er svohljóðandi: „Þann 19 desember 2013 lagði [...] 100.000 evrur inn á Nordea Bank í Luxemborg, reikning Georgs Mikaelssonar Ltd. [...]. Georg afhenti í dag kr. 15.850.000 í íslenskum krónum og eru þá viðskiptin uppgerð. Reykjavík 21 desember 2013.“

Á öllum skjölunum er með öllu ógreinileg undirskrift og stimpill þar sem stendur „[...]“.

Af hálfu ákærða hafa verið lögð fram útprentuð SMS-samskipti sem ákærði kveður hafa farið milli sín og AQ í apríl 2013. Hinn 19. apríl 2013 skrifar ákærði: „135.725“. Hinn 22. apríl skrifar ákærði kl. 13:18: „Sæll! Var þetta farið?“ Viðmælandi hans svarar: „Er búinn að b [...] að millifæra. Mun v í samb á morgun. Mbkv [...]“. Hinn 23. apríl kl. 13:39 skrifar ákærði: „Aurinn?“ og viðmælandi hans svarar: „Búinn að senda á [...] skal hr á hann og h samb v þig soon.“ Ákærði svarar: „Oki“. Hinn 25. apríl 2013 kl. 11:58 skrifar ákærði: „Enn enginn aur [og með fylgir mynd af stóreygu andliti]“. Sama dag kl. 13:42 svarar viðmælandi hans: „Mun h samb [...] STAX og birtir. !“ Við munnlegan málflutning kom fram hjá sækjanda að ákærvaldið vefengdi ekki að samskipti þessi væru milli ákærða og vitnisins AQ.

28. T. Af hálfu ákærða var lagt fram ljósrit skjals sem ber með sér að stafa frá bílasölnunni [...] í [...]. Er skjalið stílað á Félagið GM. Í þýð. lögg. skjalabýðanda segir meðal annars: „Við afhendum yður eftirfarandi ökutæki“. Kemur fram í skjalinu að það varðar bifreið af gerðinni [...] að söluverði 5.900 evrur. Heildarupphæð hafi verið móttækin sem millifærsla.

Af hálfu ákæruvalds var lagt fram ljósrit sambærilegs skjals, sem ber með sér að stafa frá bílasölnunni [...] í [...], stílað á félagið [...] Eru sömu skráningarupplýsingar bifreiðar og greinir í því skjali er lagt var fram af hálfu ákærða. Verð bifreiðar er skráð 7.900 evrur.

Af hálfu ákærða var lögð fram útprentun úr ökutækjaskrár vegna bifreiðar af gerðinni [...]. Verksmiðjunúmer hennar er skráð hið sama og á þeim skjölum sem rakin hafa verið. Innflytjandi bifreiðarinnar er skráður [...] Í eigendasögu bifreiðarinnar er skráður kaupandi AR [...] febrúar 2013.

29. U. Af hálfu ákærða voru lögð fram tvö tölvuprentuð skjöl.

Fyrra skjalið er svohljóðandi: „U greiddi þann 11 febrúar 2013 15.000 evrur inn á reikning Georg Mikalssonar [svo] Ltd í Nordea banka [...]. Georg endurgreiddi mér í íslenskum krónur [svo] 2.580.000. 15 febrúar U“. Undir er handritað með öllu ógreinilegt.

Síðara skjalið er svohljóðandi: „U greiddi þann 8 maí 2013 8.700 evrur inn á reikning Georg Mikalssonar [svo] Ltd í Nordea banka [...]. Georg endurgreiddi mér í íslenskum krónur [svo] 1.332.000. 15 maí 2013 U“. Undir er handritað með öllu ógreinilegt.

30. V. Af hálfu ákærða voru lögð fram þrjú tölvuprentuð skjöl, hið fyrsta án yfirskriftar en hin tvö með yfirskriftinni „Kvittun“.

Fyrsta skjalið hljóðar svo: „V lagði 5.000 evrur inn á reikning Georg Mikalssonar Ltd í Lux, Nordea þann 26 febrúar 2013 og 15.000 evrur 28 febrúar. Í dag endurgreiddi Georg mér kr. 3.230.000 í ísl krónum. V“.

Annað skjalið hljóðar svo: „V lagði 25.000 evrur inn á reikning Georg Mikalssonar Ltd hjá Nordea bankanum í Lúxemborg þan [svo] 5 júní s.l. Í dag endurgreiddi Georg mér kr. 3.950.000 í íslenskum krónum. 6. júní 2013. V“.

Þriðja skjalið hljóðar svo: „V lagði 18.800 evrur inn á reikning Georg Mikalssonar Ltd í Lux, Nordea [...] þann 21 júní 2013. Georg hefur nú endurgreitt Georg mér 3 milljónir í ísl krónum og erum við því kvittir. V“.

Ekkert er handritað á skjölin.

32. Af hálfu ákærða var lagt fram tölvuprentað skjal, undir yfirskriftinni „Kvittun“, svohljóðandi: „Þann 18 mars 2013 greiddi ég, Þ, 66.000 USD inn á bankareikning Georg Mikalssonar [svo] Ltd [...] hjá Nordea banka erlendis. Georg hefur nú endurgreitt mér, afhent, í íslenskum krónum kr. 8.275.000. 25 mars 2013“. Undir er handritað „F.H. [óskýrt] KT. [...]“.

33. Af hálfu ákærða var lagt fram tölvuprentað skjal, undir yfirskriftinni „Yfirlýsing“. Þar stendur: „Undirritaðir aðilar staðfesta hér með að þann 12.apríl 2013 lagði Æ 2262 EUR inn á reikning [svo] Georg Mikalssonar [svo] Ltd hjá Nordea Bank í Luxemborg. Næsta millifærsla [svo] átti sér stað þann 3.maí 2013 upp á 5162 EUR og loka millifærsla upp á 3162 EUR var þann 9.júlí 2013 eða samtals 10.586 EUR. Tveim eða þremur dögum eftir þessar millifærslur afhenti Georg mér samtals 1.600.000 íslenskar krónur. 23.desember 2020 Æ Georg Mikalsson [svo].“ Við nafn hvors um sig er handritað nafn, „Æ [ógreinilegt]“ og nafn ákærða.

34. Ö. Af hálfu ákærða var lagt fram tölvuprentað skjal á þýzku, stílað á ákærða, dagsett í Munchen 19. janúar 2021. Af hálfu ákærða var jafnframt lögð fram íslensk þýðing skjalsins en ekki kemur fram hver hafi gert hana. Í þýðingunni segir: „Hér með staðfesti ég AT og faðir minn Ö að 05. 01. 2013 fengum við lánað 20.345 Euro frá Georg Mikaelssyni. Á sínum tíma endurgreiddum við alla upphæðina 20.345 Euro til í skrefum á árinu 2013 með millifærslum á reikning Georg Mikaelsson LTD í Luxemburg. Þetta snerist um lán án vaxta, þar sem herra Georg er búinn að vera mjög góður fjölskylduvinur í yfir 30 ár. Hann hjálpaði okkur á sínum tíma og því munum við aldrei gleyma. Við staðfestum ofangreint með undirskrift og afriti að skilríkjum. Með vinsemd AT Ö.“

35. AA. Af hálfu ákærða voru lögð fram fram sex tölvuprentuð skjöl, undir yfirskriftinni „Kvittun“.

Frysta skjalið er svohljóðandi: „Þann 29 apríl 2013 lagði AA 10.000 evrur inn á reikning Georg Mikaelssonar Ltd í Lux, Nordea [...]. Georg hefur nú endurgreitt mér kr 1,5m og erum við kvittir. AA.“ Undir er handritað: AA.

Annað skjalið er svohljóðandi: „Þann 12 júní 2013 lagði AA 10.000 evrur inn á reikning Georg Mikaelssonar Ltd í Lux, Nordea [...]. Georg hefur nú endurgreitt mér kr 1,550.000 [svo] og erum við kvittir. AA.“ Undir er handritað: AA.

Þriðja skjalið er svohljóðandi: „Þann 7 ágúst 2013 lagði AA 10.000 evrur inn á reikning Georg Mikaelssonar Ltd í Lux, Nordea [...]. Georg hefur nú endurgreitt mér kr. 1,5 milljónir og erum við kvittir. AA.“ Undir er handritað: AA.

Fjórða skjalið er svohljóðandi: „Þann 5 nóv 2013 lagði AA 10.000 evrur inn á reikning Georg Mikaelssonar Ltd í Lux, Nordea [...]. Georg hefur nú endurgreitt mér kr. 1,6 milljónir og erum við kvittir. AA.“ Undir er handritað: AA.

Fimmta skjalið er svohljóðandi: „Þann 5 desember 2013 lagði AA 10.000 evrur inn á reikning Georg Mikaelssonar Ltd í Lux, Nordea [...]. Georg hefur nú endurgreitt mér kr. 1,6 milljónir og erum við kvittir. AA.“ Undir er handritað: AA.

Sjötta skjalið er svohljóðandi: „Þann 30 desember 2013 lagði AA 8.815 evrur inn á reikning Georg Mikaelssonar Ltd í Lux, Nordea [...]. Georg hefur nú endurgreitt mér kr. 1.250.000 og erum við kvittir. AA.“ Undir er handritað: AA.

36. AB. Af hálfu ákærða var lagt fram tölvuprentað skjal, undir yfirskriftinni „Yfirlýsing“, svohljóðandi: „Undirritaðir aðilar staðfesta hér með að þann 6 maí 2013 lagði AB 2.578 evrur inn á reikning Georg Mikaelssonar [svo] Ltd hjá Nordea Bank í Luxemborg. Tveim eða þrem dögum síðar afhenti Georg mér 360.000 íslenskar krónur. 17. desember 2020. AB Georg Mikaelsson.“ Undir eru handrituð nöfn beggja.

37. AC. Af hálfu ákærða var lagt fram tölvuprentað skjal, undir yfirskriftinni „Kvittun“, svohljóðandi: „Þann 27 júní s.l. greiddi ég 43.160 evrur inn á bankareikning Georg Mikaelssonar [svo] Ltd, [...] hjá Nordea bank. Georg greiddi mér í dag í íslenskum krónum kr. 6.500.000 og erum við því kvittir. 30. júní 2013 AC.“ Undir er handritað heldur ógreinilega, en upphafsstafirnir [...] þó merkjanlegir.

38. [...]. Af hálfu ákærða var lagt fram tölvuprentað skjal á ensku, nefnt „Contract / Invoice“, dags. 7. október 2013. Í þýðingu lögg. skjalabýðanda kemur fram að skjalið stafar frá [...] til heimilis á nánar greindum stað í [...] í [...]. Viðskiptavinur er skráður Félagið GM. Í skjalinu eru skráð „Efni og vinna/þjónusta“ og eru þar talin upp „Smíði

og uppsetning með útskornu rými fyrir vask“ að fjárhæð „-3.850“ og „18 ga eldhúsvaskur“ að fjárhæð „-150“. Er skráð: „Samtals endurgreiðsla -4000,00“.

39 og 40. [...]. Af hálfu ákærða voru lögð fram tvö tölvuprentuð skjöl, bæði undir yfirskriftinni „Kvittun“.

Fyrra skjalið er svohljóðandi: „Þann 1. ágúst 2013 lagði LA Ltd 41.782 evrur inn á Nordea Bank í Lúxemborg, nánar tiltekið reikning Georgs Mikalssonar [svo] Ltd. [...]. Georg afhenti í dag kr. 6,5 milljónir í íslenskum krónum og erum [svo] aðilar þá kvittir. Reykjavík 3 ágúst 2013.“ Undir er handritað afar ólæsilega en auk þess stimplað „[...]“.

Síðara skjalið er svohljóðandi: „Þann 1 ágúst lagði [...] 321.145 evrur inn á Nordea Bank í Lúxemborg, þ.e. reikning Georgs Mikalssonar [svo] Ltd. [...]. Georg hefur undanfarna daga afhent samtals kr. 50 milljónir í íslenskum krónum í 2 hlutum og eru aðilar þá kvittir. Reykjavík 4 ágúst 2013.“ Undir er handritað afar ólæsilega en auk þess stimplað. Sést aðeins hluti af stimplinum, en af því er sést virðist mega lesa „[...]“.

Við upphaf aðalmeðferðar málsins var af hálfu ákærða lagt fram skjal undir yfirskriftinni „Yfirlýsing“, svohljóðandi: „Þann 1. ágúst 2013 lagði fyrirtæki mitt [...] inn 41.782 evrur inn á reikning Georgs Mikalssonar Ltd hjá Nordea bankanum í Lúxemborg. Sama dag lagði annað fyrirtæki mitt [...] inn á sama reikning 321.145 evrur. Einum eða tveimur dögum síðar fékk ég greiðslu frá Georgi að frádreginni 10% þóknun. Mig minnir að það hafi verið 51,3 milljónir sem ég fékk í íslenskum krónum. Reykjavík 4. nóvember 2021. [...]“ Undir er handritað en ógreinilegt.

41. AD. Af hálfu ákærða hefur verið lagt fram tölvuprentað skjal, dags. í [...] 21. janúar 2021, stílað á ákærða. Skjalið ber yfirskriftina „To whom it may concern“ en er að öðru leyti á [...]. Af hálfu ákærða hefur jafnframt verið lögð fram íslenskt þýðing skjalsins en ekki kemur fram hver hafi gert hana. Í þýðingunni segir: „Um sumarið 2013 þegar þröngt var hjá mér fjárhagslega, lánaði vinur minn Georg Mikaelsson mér 12.800 Euro í peningum og vaxtalaust. Ég endurgreiddi alla upphæðina á reikning hans í Nordea Bank í Luxenburg í 4 greiðslum. 1. Millifærsla að upphæð 5.000 Euro þann 15.10.2013. 2. Millifærsla að upphæð 2.500 Euro þann 15.10.2013. 3. Millifærsla að upphæð 5.000 Euro þann 11.12.2013. 4. Millifærsla að upphæð 300 Euro þann 12.12.2013. Reikningurinn var skráður á Georg Mikaelsson LTD þar sem hann er í eigu herra Georg Mikaelssonar. AD.“

42. AE. Af hálfu ákærða var lagt fram tölvuprentað skjal, undir yfirskriftinni „Kvittun“, svo hljóðandi: „Þann 30 okt 2013 lagði AE 30.926 USD inn á Nordea Bank í Luxemborg, reikning Georgs Mikaelssonar Ltd [...]. Georg afhenti mér í dag 3,6 milljónir króna og eigum við þá ekki kröfur hvort á annað. Reykjavík 1. nóvember 2013.“ Undir er handritað, afar ógreinilega.

44. AG. Af hálfu ákærða var lagt fram tölvuprentað skjal, undir yfirskriftinni „Kvittun vegna krónuviðskipta“, svohljóðandi: „Þann 10 desember 2013 lagði AG inn 14.000 evrur inn á reikning Georgs Mikaelssonar [svo] Ltd í Luxemborg (Nordea Bank [...]). Tveim eða þremur dögum síðar afhenti Georg mér 2,2 milljónir króna í íslenskum krónum. Desember 2020.“ Undir er handritað: „Fyrir hönd [óskýrt] [kt. AO]“.

45. AH. Af hálfu ákærða var lagt fram tölvuprentað skjal, undir yfirskriftinni „Kvittun vegna krónuviðskipta“, svohljóðandi: „Þann 11 desember 2013 lagði AH inn 10.700 evrur inn á reikning Georgs Mikaelssonar [svo] Ltd. í Luxemborg (Nordea Bank [...]) í 2 greiðslum 6.000 og 4.700 evrur. Í dag afhenti Georg mér 1,7 milljónir króna í íslenskum krónum. 13 desember 2013 AH.“ Undir er handritað: „Fyrir hönd [óskýrt] [kt. AO]“.

46. AI. Af hálfu ákærða var lagt fram afrit reiknings, með merki og stimpli félagsins [...], stílaðs á AI á nánar greindu heimilisfangi, dags. 10. febrúar 2014. Á reikningnum stendur: „[...] selur AI bifreiðina [...]. AI staðgreiðir bifreiðina. Verð: 10.517.928 kr. V.S.K. 2.682.072. Heildarverð: 13.200.000 kr.“

Af hálfu ákærða var lagt fram afrit kaupsamnings, dags. 10. febrúar 2014, þar sem [...] selur AI þá bifreið sem skráð var á áðurrakinn reikning.

Af hálfu ákærða var lögð fram útprentun úr ökutækjaskrá vegna umræddrar bifreiðar. Þar kemur meðal annars fram að innflytjandi var [...] 6. febrúar 2014 og kaupandi AI 10. febrúar 2014.

47. AJ. Af hálfu ákærða var lagt fram tölvuprentað skjal, undir yfirskriftinni „Kvittun vegna krónuviðskipta“, svohljóðandi: „Þann 27 desember 2013 lagði AJ inn 22.000 evrur inn á reikning Georgs Mikaelssonar [svo] Ltd í Luxemborg (Nordea Bank [...]). Í dag

afhenti Georg mér 3.400.000 [svo] milljónir króna í íslenskum krónum. 29 desember 2013 AJ“. Undir er handritað: „Fyrir hönd [óskýrt] [kt. AO]“.

Skýrslur fyrir dómi

Ákærði kvaðst hafa verið framkvæmdastjóri félagsins Georgs Mikaelssonar ltd. alla tíð frá stofnun þess, sem hefði eftir því sem ákærði myndi verið árið 2009 og þar til það hefði verið afskráð, líklega í lok árs 2015 fremur en byrjun árs 2016. Ákærði hefði verið eini stofnandi félagsins og við stjórnvölinn alla tíð. Á síðari stigum hefði ákærði eitthvað ráðfært sig „við B, dóttur C“, en stýrt félaginu sjálfur. Nánar spurður um það, að hann hefði ráðfært sig við B, sagði ákærði að það hefði verið „voðalega lítið“ en þegar farið hefði að halla undan fæti hefði hann ráðfært sig við hana „annað slagið“, en kvaðst ekki muna eftir sérstökum málum. Spurður hvort það hefði verið tengt almennum rekstri félagsins eða einstökum viðskiptum kvað ákærði svo ekki hafa verið og ítrekaði að það hefði verið „voðalega lítið“ sem hann hefði ráðfært sig við hana og hann myndi ekki alveg hvað það hefði verið. „Hún hafði ekkert með þetta félag þannig að gera“, bætti ákærði við og kvaðst þar vísa til rekstrar félagsins. Ákærði var spurður hvort B hefði haft aðgang að reikningum eða bókhaldi félagsins og svaraði að hann hefði hún haft, ef hún hefði beðið um hann, sem hún hefði ekki gert, eftir því sem ákærði myndi. Nánar spurður sagði ákærði að hún hefði engan aðgang haft að reikningunum og ekki að bókhaldinu. Hún hefði ekki séð bókhaldið, eftir því sem ákærði vissi, en ef hún hefði beðið um það hefði hún fengið að sjá það.

Ákærði sagðist hafa stofnað Félagið GM árið 2009. Ákærði hefði þá verið eini eigandi félagsins. Árið 2010 hefði hann misst 90% eignarhlutans og átt þá 10% hlut eftir. Skýring þess væri sú að ákærði hefði fengið lán sem hann hefði ekki getað endurgreitt. Þrátt fyrir þetta hefði ákærði stýrt félaginu áfram og gert það alla tíð. Spurður hvernig formlega hefði verið staðið að því breyta eignarhaldinu sagði ákærði að ekki hefði verið sitt hlutverk að gera það, „það var C og dóttur hennar að gera það, sem þær gerðu.“ Ákærði sagðist aðspurður ekki hafa, fyrr en eftir á, vitað hvernig að því hefði verið staðið. B, dóttir C, hefði sett sig í samband við endurskoðunarskrifstofuna, á Seychelles eyjum, „sem færði eignarhaldið niður“. Spurður hvort eitthvað hefði komið frá honum um breytt eignarhald sagði ákærði það hefði verið „eitt af þessum símtölum sem ég væntanlega hef fengið á þessum tíma, frá stofunni, ég þurfti að staðfesta það“. Ákærði sagði að sig minnti að hann hefði ekkert skriflegt sent frá sér um þetta, hann hefði engin slík tölvubréf séð,

og gerði hann því ráð fyrir að hafa staðfest þetta með símtali. Ákærði sagði að B hefði sagt sér, að hún hefði haft samband við endurskoðunarstofuna „í gegnum mig“ og ákærði kvaðst þá hafa „væntanlega gert það í gegnum“ þáverandi lögmann sinn. Ákærði sagðist ekkert muna eftir því. „Mig rámar ekki einu sinni í það, en einhvern veginn gerði hún það.“

Ákærði var spurður um það sem eftir honum er haft í fyrstu skýrslutöku hjá skattransóknarstjóra, þess efnis að hann væri eini eigandi félagsins, og svo í síðari skýrslutöku hjá skattransóknarstjóra, 1. desember, þess efnis að hann hefði ekki verið eini eigandi félagsins. Ákærði sagði að skýringin á breyttum framburði sínum hefði verið sú að hann hefði ekki viljað koma C, móður B, „í bobba“. Ákærði sagði aðspurður að C hefði fallið frá árið 2009 eða 2010. Í framhaldi af þessu sagði ákærði að hann hefði ekki viljað koma B „eða dánarbúinu, eða hvað má kalla það, B, við skulum segja hana bara þá“, í bobba. Ákærði var spurður hvers vegna hann hefði ekki greint frá því strax að hann ætti aðeins 10% hlut í félaginu, það hefði hann getað gert án þess að nefna hinn eigandann á nafn, hann hefði engum komið í bobba með því. Ákærði svaraði: „Nei, nei, en ég einhvern veginn gerði það samt ekki.“ Ákærði bætti því við að skýrslutaka hefði verið mjög yfirgripsmikil og farið um víðan völl, en hann hefði ekki verið spurður um Félagið GM nema stuttlega hjá héraðssaksóknara. Hjá skattransóknarstjóra hefði verið rætt um margt annað. Ákærði var spurður um orð sín í skýrslutökunni, þess efnis að meðeigandi hans að Félaginu GM vildi ekki vera nefndur og að ákærði ætlaði til [...] næsta sunnudag til að ræða við „hann“ um það efni, meðal annars, og að meðeigandinn væri erlendur aðili. Ákærði sagðist þar hafa átt við B. Hún hefði verið mikið í [...] á þessum tíma og þau hefðu ætlað að hittast í [...], en ekki hefði orðið úr því. B [...]. Ákærði bætti við hann hefði átt við B, „ég meinti þetta samt svona en þetta er vitleysa, þetta er ekki rétt, þetta er ekki 100% rétt, málfræðilega rétt.“ Hann hefði „mátt orða þetta betur“.

Ákærði var spurður hvers vegna hann hefði ekki talið fram eignarhald sitt á Félaginu GM og svaraði að það hefði hann „að sjálfsgöðu“ átt að gera. „Ég veit það núna, en ég bara gerði það ekki vegna þess að hugsunin var þannig að þetta voru rauðar tölur og mér fannst ég ekki þurfa að gera það nema það væru grænar tölur.“ Þarna hefði verið tap öll árin og „þá þyrfti ég ekkert að borga af því og þá gerði ég það bara ekki.“ Ákærði var spurður hvort fyrir honum hefði vakað að leyna félaginu fyrir hérlendum skattyfirvöldum og neitaði hann því og vísaði til þess að hann hefði látið Félagið GM bera nafn sitt. Hann hefði ekki haft neitt að fela.

Ákærði var spurður um hvernig það hefði borið að, að hann hefði misst 90% hlut í Félaginu GM til C, þá látinnar. Ákærði sagði að á árinu 2009 hefði verið gerður samningur, þar sem C hefði lánað ákærða 1,2 milljónir evra og hefði þá, að tillögu ákærða, tekið veð í hlutabréfum í Félaginu GM, „ef að eitthvað kæmi upp á“. Einnig hefði ákærði veitt veð í húsi sínu með tveimur handhafabréfum. Ákærði hefði borgað „henni eitthvað til baka“. C hefði greitt sér lánið í reiðu fé [...]. Það fé hefði hann farið með til [...] og lagt stóran hluta þess inn á banka. Skýring lánveitingarinnar hefði verið sú að C hefði verið „með peninga sem hana langaði til þess að fjárfesta“. Hún hefði verið búin „að minnast á þetta nokkurum sinnum“ við ákærða, sem hefði fyrst ekki tekið vel í þetta en svo talið það vera „snilldarhugmynd“ og ætlað að nota fjármunina við gjaldeyrisviðskipti. Svo hefði orðið úr „að ég fæ þetta lánað“. Lögfræðistofa á vegum C hefði samið samninginn en B þýtt hann. Í samningnum hefði verið ákvæði þess efnis að ef ákærði stæði ekki við skyldur sínar samkvæmt samningnum þá eignaðist C 90% hlut í félaginu. Ákærði var spurður hver hefði gengið eftir því að þetta ákvæði kæmi til framkvæmda og svaraði hann að þau B væru vinir og hann hefði sagt við hana að nú væri hún, „eða dánarbúið“ orðið eigandi hlutarins en ákærði myndi stýra félaginu áfram og greiða skuldina.

Ákærði sagði að B ætti bróður en hann hefði ekki komið að málinu.

Ákærði var spurður hvernig hann hefði gert B grein fyrir afkomu félagsins og einstökum viðskiptum. Ákærði sagðist hafa „upplýst hana um það að þetta gengi ekkert allt of vel, þetta hefði ekki farið eins og ég hefði ætlað mér“, hann hefði til dæmis aðeins náð í skottið á aflandskrónuviðskiptunum, sem hefðu verið „svona mesti draumurinn í þessu“. B hefði einfaldlega sagt að hún treysti honum til þess að borga til baka. Þau B hefðu verið vinir um áratuga skeið. Milli þeirra væri „100% traust.“ Hún ræki „[...] sem gengur mjög vel“ og væri vel stæð. Ákærði kvaðst enn skulda henni töluvert fé og ætti B veð í húsi ákærða. Sennilega kæmi að því að hann þyrfti að selja húsið. Ákærði sagðist hafa greitt B upp í lánið samtals um fimmtíu þúsund evrur. Það hefði hann greitt í reiðu fé. Hún hefði ekki gefið sér kvittanir fyrir greiðslunum.

Ákærði sagði að meginhluti lánsins hefði farið í gjaldeyrisviðskiptin en eitthvað hefði hann notað persónulega, hugsanlega fimmtung. Lánið hefði alls numið 1,2 milljónum evra en hluti þess verið í dölum og svissneskum frönkum. Ákærði hefði sjálfur tekið dalina og frankana en lagt „mest af evrunum inn“. Hefði meirihluti þeirra farið „inn á

[...]“ og þaðan hefði hann fengið krónur til baka, en einnig hefði hann lagt inn á reikning í Nordea bank. Féð hefði verið lagt inn á nafn ákærða.

Ákærði var spurður um lánstíma og sagðist ekki muna hann. Nánar spurður sagðist hann hafa haft ár til að endurgreiða lánið. Hann hefði hugsað sér að afla fjár til endurgreiðslunnar með betri árangri í gjaldeyrisviðskiptum og einnig hefði hann talið að hann „myndi græða heilmikla peninga líka á þessum [...]“ en þau hefðu farið „því miður ekki vel.“ Einnig hefði hann tapað fé í [...]. Þar hefði hann keypt bifreiðar sem svo hefðu ekki fengið nauðsynlega vottun til að komast á markað í Evrópu og ákærði hefði þurft að selja þær með miklum afföllum.

Ákærði sagðist ekki hafa talið lánið fram sem skuld á skattframtali sínu. Hann kvaðst ekki hafa sérstaka skýringu á því. Sama ætti við um þau félög sem hann hefði átt, hann hefði ekki getið um þau á skattframtali, hann hefði í vanþekkingu sinni talið að „maður þyrfti ekkert að setja neitt inn á skattframtalið nema það væri hagnaður“. Hann hefði átt félög sem hefðu verið stofnuð en ekki haft neina starfsemi, hann hefði ekki gefið þau upp. Nú vissi hann hins vegar betur. Hann hefði ekki leitað sér sérfræðiaðstoðar við persónulega framtalsgerð og hefði það verið „alger kjánagangur“. Hann hefði eftir að málið kom upp „tekið aldeilis vel til í mínum ranni“. Hann myndi telja fram skuldina við B framvegis.

Ákærði sagði að Félagið GM hefði selt bifreiðar en einnig hefðu gjaldeyrisviðskipti verið tilgangur félagsins. Félagið GM hefði ekki staðið í lánveitingum nema það hefði veitt ákærða „persónulega eitthvað lán“ sem hann hefði greitt „fljótlega bara til baka með gjaldeyrisviðskiptunum.“ Þetta hefðu verið „fimmtán milljónir eða eitthvað svoleiðis“.

Ákærði sagði að bifreiðaviðskiptin hefðu ekki orðið eins umfangsmikil og ætlunin hefði verið. Gert hefði verið ráð fyrir bifreiðasölu til [...] en ekki orðið af henni. Hins vegar hefðu bifreiðar meðal annars verið seldar til [...]. Þá hefðu verið bifreiðaviðskipti við nokkura einstaklinga, svo sem kæmi fram í gögnum málsins. Nefndi ákærði þar A, T og AI.

Ákærði sagði, spurður um bifreiðasölu til [...], að félag sitt hefði ekki selt bifreiðar til [...] heldur hefði félag viðskiptafélaga hans, AÆ, gert það. Ákærði hefði hins vegar lánað til félagsins, [...]. Ákærði sagðist ekki muna hver heildarfjárhæðin hefði verið, hún hefði ekki öll verið greidd á sama árinu. Allt í allt hefðu þetta verið milli 200.000 og 300.000 dalir. AÆ þessi væri [...] vinur ákærða sem byggi í Bandaríkjunum. AÆ hefði séð um að kaupa bifreiðar og selja í [...]. Bæði hefðu bifreiðar verið keyptar í [...] og seldar í [...] og

bifreiðar verið keyptar þar og seldar. Hugmyndin hefði verið að ákærði og AÆ skiptu hagnaðinum af starfseminni jafnt.

Spurður um greiðslur Félagsins GM til sín sagði ákærði að þar hefðu verið gerðar upp skuldir, svo sem vegna gjaldeyrisviðskipta. Menn hefðu leitað til ákærða til að skipta gjaldeyri, þeir hefðu látið millifæra erlendan gjaldeyri á reikning Félagsins GM. Félagið hefði millifært krónur á persónulegan reikning ákærða á Íslandi, ákærði tekið þær úr banka og „í flestum tilvikum“ afhent viðskiptavininum í reiðu fé. Að meðaltali hefði framlegð Félagsins GM af þessum viðskiptum verið um 2-3%. Spurður hvað orðið hefði um framlegðina sagði ákærði að „það var bara gert upp á ákveðnum fresti, bara skuldajafnað“. Félagið GM hefði fengið hagnaðinn og hann verið geymdur á reikningi félagsins í Lúxemborg.

Ákærði kvaðst telja að alls hefðu um fjörutíu einstaklingar leitað til hans um gjaldeyrisviðskipti. Hann hefði verið kunnugur mörgum þeirra áður en ekki öllum. Ákærði sagðist ekki vita nákvæmlega hvernig þetta hefði komið til, sér virtist sem margir hrossakaupmenn og flugmenn hefðu leitað til sín. Sennilega hefði þetta byrjað með því að kunningjar og vinir ákærða hefðu leitað til hans en síðar hafi aðrir frétt af þessu. Margir en ekki allir hefðu verið búsettir hér á landi, einhverja hefði hann ekki þekkt og myndi ekki eftir.

Ákærði var spurður hvers vegna hann hefði haft þann hátt á að greiða út í reiðu fé. Hann svaraði að þá hefðu verið „skrítnir tímar“ og skammt frá bankahruni. Hann hefði verið smeykur og „treysti ekki bönkunum“. Þeir hefðu verið með „nýjar kennitölu“ og hann verið „hræddur við annað hrun“. Hann hefði því „jafnt og þétt“ farið og tekið fé út af reikningi og geymt í bankahólf. Nánar spurður sagði ákærði að hann hefði geymt talsvert fé í bankahólfinu og tekið af því til að greiða þeim sem gjaldeyrisviðskiptin hefðu verið við. Til dæmis hefði viðskiptavinur samband og óskaði eftir krónum fyrir gjaldeyri þá hefði ákærði verið „með þær klárar, og hann millifærir og hann kemur samdægurs eða daginn eftir“ og fær krónurnar afhentar. Væri þetta oft fljótleg leið.

Ákærði var spurður hvers vegna leitað hefði verið til hans um gjaldeyrisviðskipti. Hann sagðist gera ráð fyrir að hann hefði „boðið betra gengi“ en bankarnir. Hann hefði „alveg örugglega“ boðið hagstæðara gengi. Spurður hvort svonefndar aflandskrónur hefðu verið notaðar í viðskiptunum svaraði ákærði „líka já“, en síðar hefðu verið „hert löggin þar“. Ákærði sagðist ekki hafa hugmynd um hvort leitað hefði verið til sín vegna

gjaldeyrishafta. Ákærði sagðist telja að hægt hefði verið að eiga samskonar viðskipti við bankana á þessum tíma.

Ákærði sagðist aðspurður hafa fengið aflandskrónurnar hjá fyrirtækinu [...]. Þau viðskipti hefðu farið þannig fram að ákærði hefði millifært evrur frá Lúxemborg til [...] og það félag millifært aflandskrónur á móti.

Ákærði sagði að Félagið GM hefði ekki átt bankareikning hér á landi. Spurður hvort ekki hefði verið einfaldara að félagið ætti hér reikning og taka mætti af honum jafnóðum til að gera gjaldeyrisviðskiptin upp sagði ákærði að það hefði „kannski verið auðveldara, en þannig var þetta ekki gert. Maður getur verið vitur eftir á“. Hann hefði ekki hugsað út í það að félagið stofnaði reikning hér á landi. Hann kvaðst aðspurður ekki hafa verið að leyna félaginu fyrir yfirvöldum hér og bætti við að ef fyrir sér hefði vakað að leyna félaginu hefði hann ekki haft nafn sjálfs sín í heiti þess.

Spurður hvernig hann hefði tryggt sér sönnun þess að hafa innt greiðslurnar af hendi sagði ákærði að „í flestum tilvikum voru náttúrulega bara samningar sem var skrifað undir“. Ákærði hefði alltaf prentað þá út en í einhverjum tilvikum hefði ekki verið skrifað undir þá, að jafnað þá fyrir handvömm. Einstaka aðilar hefðu þó eftir á ekki viljað staðfesta viðskiptin og nefndi ákærði þar mann að nafni J. Kvað ákærði J vita vel að þeir hefðu átt „þessi viðskipti“ og hefði hann „ekki gengið á“ ákærða vegna þeirra, en vildi ekki gangast við viðskiptunum.

Ákærði var spurður hvort hann hefði aldrei verið hræddur um eftirmál af hálfu viðskiptavina í þeim tilvikum þar sem hann hefði ekki haft í höndum gögn um greiðslu af sinni hálfu. Hann sagðist ekki hafa miklar áhyggjur af slíku enda hefði það aldrei komið fyrir. „Þetta var alltaf gert upp, það var enginn sem var óánægður og fór í mál við eða eitthvað svoleiðis.“

Ákærði var spurður hvort hann hefði aldrei velt fyrir sér hvernig hann ætti að útskýra þessi viðskipti fyrir skattayfirvöldum. Ákærði sagðist hafa talið sig hafa verið „að gera allt rétt, þannig lagað.“ Hann hefði talið að samningarnir um gjaldeyrisviðskiptin væru þar nægileg gögn. Hann hefði ekki fengið ráðgjöf um hvernig standa ætti að þessum málum, svo sem frá endurskoðanda eða lögmanni. Ákærði hefði sjálfur séð um persónuleg skattframtöl sín. Hann sagðist hafa lagt stund á viðskiptafræði en ekki lokið námi.

Ákærði sagði að Félagið GM hefði haldið bókhald en slíkt væri skylt á Seychelles eyjum. Bókhaldið hefði verið fært þar og hefði kona að nafni [...] séð um það. Hún hefði

starfað hjá endurskoðanda félagsins á eyjunum. Ákærði hefði aldrei hitt hana en það erlenda félag sem hefði verið innan handar um stofnun félagsins, [...], hefði bent á einhverjar skrifstofur sem gætu fært bókhaldið, þar á meðal hefði verið endurskoðunarstofan sem svo hefði orðið fyrir valinu. Ákærði sagðist hafa tekið kvittanir, svo sem flugmiða, hótélreikninga og samninga um gjaldeyrisviðskipti, og sent í ábyrgðarpósti til Seychelles-eyja, snemma á hverju ári.

Ákærði sagði að við upphaf skattrannsóknar, sem verið hefði árið 2016, hefði hann verið beðinn um gögn. Hann hefði reynt að útvega gögn en á þessum tíma hefði hann átt erfitt með að ná sambandi við þáverandi lögmann sinn. Ákærði hefði ekki munað nafn og áritun endurskoðunarstofunnar og ekki munað annað en nafn [...], sem hann á þessum tíma hefði raunar minnt að hétu [...]. Ákærði hefði beðið þáverandi lögmann sinn að hafa samband við félagið [...] en engin gögn hefðu komið í leitirnar þannig. Félagið GM hefði á þessum tíma verið afskráð og ákærði hættur að senda gögn til Seychelles-eyja. Að lokum hefði ákærði farið til Seychelles eyja árið 2021 til að reyna að afla gagna. Þar hefði hann leitað til símafyrirtækja eftir upplýsingum um endurskoðunarstofur á umræddum tíma, svo sem úr gömlum símaskrá. Þau hefðu ekki haft slíkar upplýsingar, en á fornbókasölu hefði ákærði fundið símaskrá frá árinu 2011 og þar hefði ákærði séð upplýsingar um endurskoðendur sem þá voru starfandi. Ákærði hefði farið á þessar stofur og hafi það að lokum borið þann árangur að hann hefði hitt mann að nafni AÖ, sem hafi sagt honum að einhver [...] hefði unnið hjá vini hans, E, og þegar ákærði hefði heyrt það nafn hefði hann munað eftir af hafa heyrt það áður. AÖ hefði hringt í E, að ákærða viðstöddum, og E hefði lofað að athuga málið og beðið ákærða um að hringja í sig daginn eftir. Það hefði ákærði gert og þá hefði E upplýst að [...] væri látin en hann hefði fundið gögnin. Einum eða tveimur dögum síðar hefði E afhent ákærða ársreikningana. Bókhaldið hefði E hins vegar ekki átt til en ekki hvíldi lagaskylda á stofunni að geyma bókhaldið.

Ákærði sagðist aðspurður engin gögn hafa átt um félagið frá hinni erlendu endurskoðunarstofu, svo sem ársreikninga eða bókhald. Spurður um hvers vegna hann hefði ekki átt nein gögn sagði ákærði að þar hefði meðal annars skipt máli að hann „vissi að fyrirtækið [...] það voru alltaf rauðar tölur, þannig að ég hafði ekkert meiri áhyggjur af því, og þetta bara lá þar óhreyft.“ Hann hefði aldrei fengið ársreikninga senda, en einhvern tíma hefði endurskoðunarskrifstofan hringt í sig vegna einhvers sem hann myndi ekki hvað hefði verið. Það hefðu verið einu samskiptin.

Ákærði sagðist hafa skrifað undir ársreikningana „á staðnum þegar ég hitti E og hann afhenti mér, þá var sem sagt stimplað allt þeirra megin og átti bara eftir að skrifa mín megin og ég gerði það.“ Endurskoðunarstofan hefði gert reikningana á réttum tíma en ákærði hefði ekki skrifað undir þá fyrr en hann hefði hitt E árið 2021. Hann „notaði bara sömu dagsetningu og þeir skrifuðu undir á sínum tíma“. Ákærði einn hefði skrifað undir þegar hann hefði hitt E. „Það var allt stimplað og undirritað.“ Athygli ákærða var vakin á því að svo virtist sem hann hefði skrifað undir reikningana með mismunandi penna og svo virtist sem það kæmi heim og saman við undirritun E, og var ákærði spurður hvort hann væri viss um að E hefði verið búinn að skrifa undir þegar ákærði hefði hitt hann. Ákærði sagðist vera „alveg öruggur á því“. Hann kvaðst ekki hafa skýringar á því sem rakið var um undirritun sína og E á skjölunum. Ákærði sagðist hafa skrifað undir öll skjölin á sama tíma og kvaðst halda að hann hefði skrifað undir öll með sama penna.

Ákærði var spurður hvernig hann, árið 2021, og E, þegar ársreikningarnir hefðu verið gerðir, hefðu vitað að reikningarnir væru réttir, þegar hvor um sig hefði ritað undir þá. Ákærði sagðist hafa sent gögnin út og treyst því að reikningarnir væru réttir. Hann sagðist ekkert hafa stemmt af, þegar hann hefði ritað undir reikningana. Í sjálfu sér hefði ákærði ekki vitað hvort reikningarnir væru efnislega réttir eða ekki. „Hann hefði getað skáldað þetta allt saman, en ég hef bara enga trú á því, hann hafði enga ástæðu til þess, eða [...]“, bætti ákærði við.

Ákærði var spurður um yfirlit um millifærslur Félagsins GM á ýmsa reikninga ákærða, sem liggur fyrir í málinu. Segir þar meðal annars að á árinu 2009 hafi Félagið GM greitt inn á nánar greindan reikning ákærða alls 84,5 milljónir króna. Ákærði sagði að á þessum tíma hefði hann stundað aflandskrónuviðskipti gegnum fyrirtækið [...]. Hann hefði tekið þetta fé út og greitt viðskiptamönnum Félagsins GM vegna þeirra viðskipta. Í yfirlitinu segir einnig að á árinu 2010 hafi Félagið GM greitt 30 milljónir króna til ákærða. Ákærði sagði að það hefði verið vegna gjaldeyrisviðskipta. Hann hefði, eins og árið áður, tekið út féð og greitt viðskiptamönnum Félagsins GM vegna gjaldeyrisviðskipta. Hagnaður af viðskiptunum hefði bæði árin orðið eftir hjá Félaginu GM. Á yfirlitinu segir einnig að ákærði hafi sjálfur millifært 18.718.350 krónur inn á reikning Félagsins GM og sagði ákærði að hann héldi að það hefði verið vegna skuldajöfnunar eða einhvers slíks. Líklega hefði hann ekki þurft að nota allt féð sem hann hefði fengið greitt frá félaginu og hefði því greitt það til baka. Á yfirlitinu segir og að

ákærði hafi sjálfur millifært rúmlega 29 milljónir króna inn á reikning Félagsins GM og sagðist ákærði ekki muna sérstaklega eftir þessu en sagði þetta hafa verið einhvern skuldajöfnuð. Þá segir á yfirlitinu að ákærði hafi fengið greiddar frá Félaginu GM 1.939.000 krónur. Ákærði sagðist ekki muna nákvæmlega eftir því. Ákærði var spurður um 20 milljóna króna greiðslu frá Félaginu GM til sín árið 2010 og sagðist telja þessa greiðslu vera vegna gjaldeyrisviðskipta, en aflandskrónuviðskiptum hefði þá líklega verið lokið. Aðspurður sagðist hann telja að sama ætti við um 13,5 milljóna króna greiðslu frá Félaginu GM til sín. Ákærði var spurður um 21 milljónar króna greiðslu til hans vegna fasteignar í [...] árið 2010. Ákærði sagði að það gæti verið greiðslur N nokkurs til sín vegna sölu fasteignarinnar, en hann hefði greitt sér með bifreið og peningum, en þó ekki greitt að fullu. Ákærði sagðist ekki muna fullt nafn N. Ákærði var spurður um 16 milljóna króna greiðslu N árið eftir og sagði ákærði að N myndi eflaust betur eftir þessu, en væntanlega væri þetta vegna fasteignarkaupna.

Ákærði sagði að allar greiðslur til sín frá Félaginu GM samkvæmt yfirlitinu væru vegna aflandskrónuviðskipta eða gjaldeyrisviðskipta. Ekki væri þar um að ræða greiðslur vegna bifreiðaviðskipta.

Ákærði var spurður um ársreikninga Félagsins GM. Hann var spurður hvort [...] sú er fært hefði bókhald félagsins hefði auk bókhaldsgagna fengið send yfirlit um bankareikninga félagsins í lok árs. Ákærði sagðist gera ráð fyrir því og að hann hefði sent henni yfirlitin í byrjun hvers árs. Hann hefði sent henni þau gögn sem hann hefði verið með, en kvaðst ekki muna nú hvaða gögn það hefðu verið, en bankayfirlit frá Nordea Bank hlytu að hafa verið þar á meðal. Hann væri hins vegar ekki viss um yfirlit frá [...]. Ákærði sagðist engin afrit eiga sjálfur af þeim gögnum sem hann hefði sent.

Ákærði var spurður um það misræmi sem væri milli ársreikninga Félagsins GM og niðurstaðna skattrannsóknarstjóra um afkomu félagsins. Ákærði sagði að skattrannsóknarstjóri vildi „nú meina að þetta allt hafi verið gjöf, allt sem kom inn á reikninginn hafi verið gjöf“, og það gæti skýrt misræmið að einhverju leyti. Ákærði sagðist telja ársreikninga félagsins rétta og hafna niðurstöðum skattrannsóknarstjóra.

Bornar voru undir ákærða árslokastöður Félagsins GM samkvæmt ársreikningum og í samanburði við stöðu á bankareikningum félagsins samkvæmt yfirlitum um reikningana hjá Nordea Bank. Þannig segir ársreikningur fyrir árið 2010 að í árslok hafi „cash at bank

and in hand“ numið 245.026 evrum en samkvæmt gögnum málsins hafi 44.133 evrur verið á reikningi félagsins 1. janúar 2011. Ákærði sagði að hugsanlega væri skýringin sú að Félagið GM hefði einnig átt krónu-reikning í Nordea Bank. Ákærði sagði einnig aðspurður að Félagið GM hefði átt fé sem geymt hefði verið í bankahólf í ákærða á Íslandi til að nota í gjaldeyrisviðskiptum. Hann sagðist ekki vita hvort það fé hefði komið til skoðunar við gerð ársreikninganna. Spurður hvort endurskoðunarstofan á Seychelles eyjum hefði haft upplýsingar um hve mikið fé væri í hólfinu sagði ákærði að hann hefði „líklega skrifað það [...] í skjölum sem ég sendi út, mér finnst það líklegt“. Ákærði var einnig spurður um stöðuna um önnur áramót sem málið varðar, þar sem jafnan var hærri upphæð skráð í ársreikninga sem „cash at bank and in hand“ en yfirlit á reikningi félagsins í Nordea Bank gefur til kynna. Ákærði kvaðst telja að krónureikningur félagsins í bankanum væri hluti af skýringunni, „eða ég hef tekið einhverja stöðu þegar reikningurinn var inni á Íslandi, af því að erlenda félagið náttúrulega átti þá, ég hef verið að nota það, ég man ekki alveg hvernig ég gerði þetta“.

Ákærði var spurður um ársreikning 2012 þar sem gögn málsins gefa til kynna 10.341 evru innstæðu á bankareikningi en í ársreikningi segir að „cash at bank and in hand“ nemi 195.064 evrum. Hann vísaði til þess að félagið hefði átt krónureikning í bankanum og einnig reikning í dölum.

Ákærði var spurður um ársreikning 2013, þar sem gögn málsins gefa til kynna um 312.000 evru innstæðu á bankareikningi en í ársreikningi segir að „cash at bank and in hand“ nemi 345.000 evrum. Ákærði sagðist geta ímyndað sér að mismunurinn skýrðist af innstæðu á krónureikningi félagsins.

Ákærði sagði að Félagið GM hefði átt reikninga í Nordea Bank en ekki í öðrum banka.

Ákærði sagðist ekki hafa tekið sér fé úr Félaginu GM. Hann hefði hins vegar greitt sér alls milli eitt hundrað og tvö hundruð milljónir króna sem arð úr félaginu [...] og hefði því ráðið við útgjöld sín, þrátt fyrir lágar tekjur. Þá hefði hann fengið lán hjá C.

Vitnið sagði Félagið GM hafa verið rekið með tapi, „það voru rauðar tölur.“ Ákærði var spurður hvernig hann hefði vitað það, úr því hann hefði sent bókhaldsgögn félagsins til Seychelles eyja en ekki fengið ársreikninga senda þaðan. Ákærði sagðist hafa verið það lengi í viðskiptum að hann hefði alveg vitað að meira hefði farið út en komið inn. Meginkostnaðarliðir félagsins hefðu annars vegar verið bifreiðar og hins vegar

gjaldeyriskaup, krónur á móti evrum. Einnig hefði félagið haft einhvern kostnað vegna flugs og hóteltistingar, „en annars lenti það mest á [...]“. Ferðir hefðu stundum verið samnýttar. Félagið hefði tapað verulegum fjármunum á ýmsum viðskiptum, svo viðskiptum við AÐ, viðskiptum við [...], og kaupum á [...] bifreiðum. Krafa vegna viðskipta við AÐ hefði verið afskrifuð árið 2014, [...] bifreiðarnar hefðu verið keyptar árið 2014 eða 2015 og [...], hefðu einnig verið 2014 eða 2015.

Ákærði sagðist alla tíð hafa verið mikill reiðufjármaður, hann hefði notað debitkort í hæsta lagi fimm sinnum á ævinni. Eftir bankahrunið hefði hann aukið notkun sína á reiðu fé, „ég bjóst við öðru hruni, maður var hræddur bara“, bætti hann við.

Ákærði var sérstaklega spurður um viðskipti við 47 aðila sem getið væri um í gögnum málsins. Ákærði sagðist kannast við viðskiptin. Í þeim tilvikum sem þessir aðilar hefðu lagt fjármuni inn á reikning Félagsins GM hefði ávallt komið endurgjald fyrir.

Verða nú rakin svör ákærða varðandi einstaka aðila sem samkvæmt gögnum málsins lögðu fé inn á reikning Félagsins GM.

1. [...] lagði 50.000 evrur inn hjá Félaginu GM. Ákærði sagðist kannast við þetta. Ákærði sagðist ekki muna sérstaklega eftir AV þeim sem ritaði undir kvittun. „Í þessu tilviki, af því að þetta er fyrirtæki, þá held ég að ég hafi, það hafi átt sér [stað] millifærsla, í þessu tilviki minnir mig.“

2. F lagði 6.000 evrur inn hjá Félaginu GM hinn 5. 3. 2012 og 22. 3. 2010 lagði hann inn 40.462 evrur. F lagði 15.000 evrur inn hinn 31. 3., og 3.086 evrur hinn 17. 12. Ákærði sagði að hér væri um að ræða flugstjóra og hefði hann fengið greitt að fullu.

3. G lagði inn árið 2010, 2011 og 2012. Ákærði sagði að hér væri um að ræða flugstjóra og hefði hann fengið greiddar krónur á móti þeim evrum sem hann hefði lagt inn.

4. [...]. Ákærði sagðist muna eftir bifreiðaviðskiptum [...] við fyrirtækið en ekki eftir gjaldeyrisviðskiptum við það. Fyrir liggur í málinu kvittun en ákærði sagðist ekki muna sérstaklega eftir viðskiptunum en telja að um gjaldeyrisviðskipti hefði verið að ræða. Kvittunin væri ófölsuð. Ákærði sagði að hann og AK, þáv. starfsmaður [...] töluðust ekki

við lengur, en það væri ótengt atvikum þessa máls. Ákærði hefði ekki séð hann í áratug og væri kalt milli þeirra.

Ákærði sagðist þekkja skjal kvittun sem liggur fyrir í málinu og hefði hann samið skjalið. Ákærði sagðist ekki muna hvernig það hefði komið til að AK hefði ritað undir skjalið, en undirskrift hans væri á því. „Þá hlýtur hann að hafa komið, hitt mig á Íslandi, við hittumst oft náttúrulega, og ég hitti hann líka í [...], en ég hef alveg örugglega ekki farið með krónur þangað.“ Ákærði var spurður hvers vegna félagið [...] hefði viljað kaupa krónur og sagðist ákærði ekki hafa hugmynd um það. Hugsanlega hefði félagið keypt bifreiðar á Íslandi af öðrum en ákærða og því viljað krónur. Á þessum tíma hefðu mjög margar bifreiðar og vinnuvélar verið seldar úr landi.

5. [...]. Ákærði sagðist staðfesta framburð vitnisins A um viðskiptin.

6. H. Ákærði sagðist hafa gert [...], BA, greiða. Hún hefði búið með H í [...] og hefði ákærði keypt fyrir þau bifreið „sem þau náðu svo í og fóru með til [...]“. Ákærði hefði keypt bifreiðina á 46.500 evrur og selt þeim á sama verði. Engin þóknun hefði verið í viðskiptunum.

7. [...], AL, greiddi 33.802 evrur. Ákærði sagði AL vera vin sinn og hefðu 5.450.000 krónur verið greiddar til baka. AL hefði búið í [...] á þessum tíma og verið að flytja þaðan. Hann hefði þá selt bifreið sína og hjól og „það var millifært yfir á reikninginn minn í Luxemburg og ég greiddi honum í krónum.“

8. [...]. Ákærði sagðist hafa keypt „tölvubúnað og allskonar dót“ í magnkaupum og „seldi [...] hluta af þeim“. Viðskiptin hefðu verið í fernu lagi.

9. [...]. Ákærði sagði að hér væri um að ræða endurgreiðslu á virðisaukaskatti. Í þessu tilviki hefði, að því er ákærði teldi, bifreið verið seld til [...], „þá borgarðu bílinn brúttó, með [...] virðisaukaskatti, sem er 19%, og svo flyturðu bílinn til [...] [...], og svo þegar að bíllinn er skráður í [...] [...] þá færðu þennan virðisaukaskatt til baka. Í dag oftast fæ ég að borga bílana nettó, af því að maður er búinn að kaupa svo marga og mér er treyst, en svona nýir aðilar, þá þarftu að alltaf að borga bílinn með [virðisaukaskatti]. Af því að við erum ekki í Evrópusambandinu þá fáum við skattinn endurgreiddan og við nýtum

okkur það, við kaupum nánast bara eingöngu bíla sem bera skatt“. Hér væri um að ræða tvisvar sinnum 1.350 evrur sem hefðu verið greiddar, væntanlega vegna tveggja bifreiða.

10. Samkvæmt gögnum málsins lagði I fjórum sinnum inn á reikning Félagsins GM, samtals 67.537 evrur. Samkvæmt kvittun sem ákærði lagði fram í málinu greiddi ákærði til baka 10,5 millj. króna. Ákærði sagðist muna „ekkert eftir þessum manni, ekki neitt, en ég hef grun um að það hafi einhver Íslendingur verið á bak við það, komið með honum eða eitthvað, en ég man ekkert eftir þessum manni.“

11. Af hálfu ákærða er byggt á því að J hafi hinn 26. 9. 2011 lagt inn 60.000 evrur og 45.600 evrur í október 2011, og ákærði hafi greitt honum til baka 16,5 milljónir króna. J hafi ekki viljað gefa út greiðsluviðurkenningu og þar sem ákærði hafi þekkt hann vel hafi hann talið þetta ekki koma að sök og hafi því sent greiðsluviðurkenningar óundirritaðar til Seschelles-eyja. Ákærði sagði fyrir dómi að þeir J hefðu bæði átt bifreiðaviðskipti og gjaldeyrisviðskipti. J ætti erlent félag er nefndist [...] eða slíkt, „og svo greiddi hann líka persónulega“. Þeir hefðu átt í „heilmiklum gjaldeyrisviðskiptum. J hefði ekki viljað staðfesta viðskiptin og „hann þykist ekki eiga félagið, [...] á hann en þykist ekki eiga, þess vegna vill hann ekki, af því að hann er í brjáluðu dómsmáli sjálfur, þá vill hann ekki kannast við neitt.“ Ákærði var spurður hvernig hann vissi að J ætti þetta félag og svaraði: „Vegna þess að hann millifærði af þessu félagi inn á Georg Mikaelsson ltd. og ég afhenti honum fullt af peningum“. Ákærði sagðist vera búinn að tala „nokkurum sinnum við hann, og hann segist bara ekki geta hjálpað mér út af því að hann sé að verja sína hagsmuni umfram, [...] hann viðurkennir ekki að eiga þetta félag.“

12. „K“. Ákærði sagðist telja öruggt að þar væri um að ræða viðskipti við AQ. Ákærði hefði átt „heilmikil viðskipti við hann“ en þeir væru ágætis vinir. Spurður hvers vegna ekki lægi fyrir nein kvittun frá AQ sagði ákærði að það hefði verið fyrir „handvömm“, en hann treysti AQ.

13. L. Ákærði sagði L vera flugmann og kvaðst muna eftir viðskiptum við hann. Ákærði hefði útbúið kvittanir vegna viðskiptanna og L ritað undir.

14. M. Ákærði sagði að M hefði ætlað að „opna sjálfur reikning [...] og setur inn á mig peninga“, um hundrað þúsund evrur, „fer svo í samband við bankann, þegar hann er búinn að safna einhverjum hundrað og eitthvað þúsund evrum, þá setur hann sig í samband við bankann og vill stofna reikning sjálfur þar, þá segir bankinn við hann að þetta séu ekki nógu háar upphæðir sem hann er með og það verður úr að hann bara tekur peningana til baka í íslenskum krónum frá mér. Þetta endar í gjaldeyrisviðskiptum.“

16. N. Ákærði sagði hér um að ræða bifreiðaviðskipti. N væri [...] og hefði átt dali í Bandaríkjunum. Hann hefði millifært dalina á reikning Félagsins GM í Luxemburg og keypt bifreið af ákærða í kjölfarið og hefði bifreiðin verið skráð á nafn eiginkonu N.

17. O. Ákærði sagði að AO hefði komið fram gagnvart sér fyrir hönd nokkurra einstaklinga, en AO stundaði viðskipti með hross. Fólk hefði lagt inn á reikning Félagsins GM og ákærði greitt AO. Sjálfur hefði ákærði aldrei hitt þennan O. Væntanlega hefði AO sagt sér á sínum tíma „að það kæmi greiðsla inn frá einhverjum manni sem heitir O og svo í framhaldi af því þá hittumst við“. O hafi þá keypt hross af AO og AO sagt honum að leggja kaupverðið inn hjá Félaginu GM.

18. [...]. Ákærði sagðist ekkert muna eftir þessu, en telja víst að um gjaldeyrisviðskipti hafi verið að ræða.

19. P. Samkvæmt gögnum lagði P tvisvar 10.000 evrur inn á reikning Félagsins GM og samkvæmt kvittun er ákærði lagði fram greiddi ákærði honum 2,85 milljónir króna. Ákærði sagði P vera flugmann og þeir hafi skilið skuldlausir.

20. Q lagði 36.800 evrur inn á reikning Félagsins GM og samkvæmt kvittun sem ákærði lagði fram greiddi ákærði Q 5,6 milljónir króna. Ákærði sagði þetta rétt og að hann þekkti Q.

21. AP. Af hálfu ákærða var byggt á því að innlegg frá [...], væri komið frá AP vegna gjaldeyrisviðskipta. Ákærði sagðist ekkert muna eftir honum en hann væri líklega flugmaður.

22. [...]. Samkvæmt gögnum málsins lagði félagið rúmlega 500.000 evrur inn a reikning Félagsins GM. Ákærði sagði J eiga fyrirtækið og þetta hefðu verið gjaldeyrisviðskipti. Ákærði sagðist telja að hann hefði alltaf afhent J fjármuni á heimili sínu. Þó kynni að vera að ákærði hefði í eitt skipti að beiðni J afhent manni að nafni F, sem hefði verið að gera upp hús J, fjármuni. Hefði ákærði, eftir því hann minnti, verið í sms-samskiptum við F vegna greiðslu frá [...]. Spurður hvort verið gæti að F ætti [...] sagðist ákærði vera nær alveg öruggur um að svo væri ekki.

23. [...]. Ákærði sagðist ekkert vita um þennan aðila.

24. R. Ákærði sagði að eiginmaður hennar væri flugmaður. Hún hefði lagt inn og ákærði afhent þeim krónur á móti.

25. [...]. Samkvæmt gögnum málsins lagði félagið inn í eitt skipti, 58.480 evrur í janúar 2013. Samkvæmt kvittun sem ákærði lagði fram greiddi hann á móti 9,9 milljónir króna. Ákærði sagðist halda að AQ hefði staðið á bak við félagið en kvaðst þó ekki vera viss um það.

26. S. Ákærði sagði að þetta væri „einhver [...] sem ég hef aldrei hitt“. S hefði lagt inn 47.000 evrur og ákærði afhent AO 8 milljónir króna.

27. [...]. Samkvæmt gögnum málsins lagði félagið alls inn um 315.000 evrur. Ákærði sagðist telja víst að þetta væri félag AQ og tók fram að það vissi hann vegna sms-skilaboða sem hann hefði átt.

28. T. Vitnið sagði að hér hefðu verið bifreiðaviðskipti. T hefði viljað kaupa bifreið, [...], til að gefa unnustu sinni. Ákærði hefði keypt bifreiðina erlendis „og hann fer beint á nafn kærustunnar þegar bíllinn kemur heim.“

29. BB. Samkvæmt gögnum málsins lagði hann inn um 15.000 evrur í febrúar og 8.700 evrur í maí. Samkvæmt kvittun sem ákærði lagði fram greiddi hann á móti 2.580.000 og 1.332.000 krónur á móti. Ákærði sagði þetta vera vin sinn og hefði hann fengið endurgjald fyrir evrurnar sem hann hefði lagt inn.

30. V. Ákærði sagði V vera flugmann. Ákærði sagðist hafa hringt í V og viljað fá hann til að staðfesta að viðskipti hefðu farið fram milli þeirra. Hann hefði samþykkt það greiðlega. Stuttu síðar hefði ákærði hringt aftur og spurt hvort hann gæti hitt sig, „bara til þess að klára þetta, og þá kannast hann ekkert við að hafa heyrt í mér eða talað nokkurn tíma við mig.“

31. [...]. Ákærði sagðist ekkert muna eftir þessu.

32. Þ. Samkvæmt gögnum málsins lagði hún 66.000 dali inn á reikning Félagsins GM. Samkvæmt kvittun sem ákærði lagði fram greiddi hann á móti 8.275.000 krónur. Ákærði sagði að fyrrverandi eiginmaður Þ hefði ritað undir kvittunina. Þau hafi verið að hugsa um að kaupa íbúð í [...] en hefðu hætt við. „Þá sendu þau bara peninginn yfir á mig og ég afhenti íslenskar krónur.“

33. Æ. Samkvæmt gögnum málsins lagði hann 2.262 evrur, 5.162 evrur og 3.162 evrur inn árið 2013. Ákærði kvaðst hafa ritað kvittun um viðskiptin liggur fyrir í málinu.

34. Ö og AT. Ákærði sagði AT vera vin sinn til margra ára og hefðu fjölskyldubönd verið milli þeirra um tíma. Ákærði hefði lánað honum peninga og hefði greiðslur AT inn á reikninginn í Luxemburg verið endurgreiðsla þess láns.

35. AA. Samkvæmt gögnum málsins lagði hann 10.000 evrur inn á reikning Félagsins GM í apríl, júní, ágúst, nóvember og desember 2013 og 8.185 evrur í desember. Ákærði sagði þetta hafa verið vegna gjaldeyrisviðskipta og hefði AA fengið krónur fyrir evrunar.

37. AC. Samkvæmt gögnum málsins lagði hann 43.160 evrur inn á reikning félagsins. Samkvæmt kvittun er ákærði lagði fram greiddi ákærði honum 6,5 milljónir króna. Ákærði kvaðst þekkja AC og staðfesta þetta.

38. [...]. Ákærði sagði að þessi greiðsla væri „endurgreiðsla á borðplötu sem ég braut úti í húsi í [...] þegar ég var að leigja það.“ Ákærði hefði fengið borðplötu í stað þeirrar

sem hann hefði brotið, en sú nýja hefði verið alls ósambærileg við þá eldri og ákærði því fengið endurgreiðslu.

39 [...] og [...]. Ákærði sagðist ekki hafa talað við forsvarsmann þessara félaga, AU, heldur hefði verið milliliður. Félagið hefði fengið krónur fyrir þær evrur sem lagðar hefðu verið inn. Borið var undir ákærða hvort ákærði hefði viljað 10% af viðskiptunum en ákærði sagðist alls ekki kannast við það. Ákærði hefði aldrei „hitt þennan AU“ hann hefði hringt „í hann tvisvar eða þrisvar, og hann kannaðist aldrei neitt við neitt fyrr en [hann] allt í einu poppar upp“ hjá verjanda ákærða. „En það kom einhver annar fyrir hans hönd“. Spurður hvers vegna hann hefði haft samband við AU vegna viðskiptanna sagði ákærði að við vörn sína í málinu hefði verið athugað hver ætti félagið [...], „af því ég mundi bara ekkert eftir þessum viðskiptum“ og við það hefði komið í ljós að AU ætti félagið. Ákærði hefði í kjölfarið hringt í AU og spurt hvort þeir hefðu átt viðskipti en hann neitað því alfarið. Ákærði hefði hringt aftur og fengið sama svar. Löngu síðar hefði AU komið til verjanda ákærða. Þetta hefði verið „algjör slembilukka svo, af því að ég var næstum farinn að trúá honum bara.“

41. AD. Ákærði sagði að það væri [...] vinur sinn. Ákærði hefði veitt honum lán sem AD hefði síðan endurgreitt.

42. AE. Samkvæmt gögnum málsins lagði hún inn 30.926 dali. Ákærði sagðist ekkert muna eftir þessu og kvaðst telja að aldrei hefði komið til sín [...] „og skipti við mig beint“. Alltaf hefði verið „einhver [...] á bak við“.

44. AG og [...]. AH Ákærði sagði þær vera [...] og væri hér um að ræða viðskipti AO. Hefði AO komið fram fyrir þeirra hönd gagnvart ákærða, sem hefði afhent AO greiðslur.

46. AI. Samkvæmt gögnum málsins lagði AI 70.000 evrur inn á reikning Félagsins GM. Ákærði sagði að hér væri um að ræða bifreiðaviðskipti. „Hann var með einhverja lausa peninga úti í [...] sjálfur, eða einhvers staðar, og greiddi inn á Georg Mikaelsson ltd. og svo afhenti ég honum“ bifreið á Íslandi. AI hefði gert upp „tolla og gjöld og það sem upp á vantar, við [...] og svo er bara eitthvað skuldauppgjör gagnvart mér og“ Félaginu GM. Félagið GM hefði þá skuldað „[...] þá á móti, það var eitthvað uppgjör

bara seinna.“ Hugsanlega hefði hann „tekið þessa peninga og millifært þá, sem sagt Georg Mikaelsson ltd., til seljanda bifreiðarinnar, ég man ekki alveg hvernig þetta var, nákvæmlega.“

47. AJ. Ákærði sagðist ekki muna sérstaklega eftir þessu, en vita til að þarna hefðu viðskipti verið í samræmi við það sem á kvittun segði. Þetta hefði verið tengt [...] AO.

Ákærði sagði að greiðslur sínar samkvæmt þessum viðskiptum hefði hann innt af hendi með reiðu fé sem hann hefði að mestu leyti geymt í bankahólfu sínu. Hann hefði hins vegar ekki vitjað hólfisins í hvert og eitt skipti sem hann hefði greitt heldur hefði hann tekið þar út öðru hverju og geymt á heimili sínu.

Í málinu gaf skýrslu BC og sagði fyrirtæki sitt, [...], hafa átt í viðskiptum við ákærða árið 2011. Í viðskiptunum hefði verið skipt á krónum og evrum og skuldaði nú hvorugur öðrum. Síðar undir rekstri málsins lýsti sækjandi yfir að ákærvaldið félli frá því að telja greiðslur frá fyrirtæki vitnisins til Félagsins GM til hagnaðar Félagsins GM. Þykir ekki ástæða til að rekja framburð vitnisins frekar.

Vitnið A sagðist hafa átt í viðskiptum árið 2010 en ekki muna hvort þau hefðu verið við ákærða persónulega eða fyrirtæki hans. Vitnið hefði á þeim tíma átt heima í [...] og hefði selt bifreið og fengið fyrir hana aðra bifreið og greiðslu inn á bankareikning í [...], 70.000 eða 75.000 evrur, eftir því sem vitnið minnti.

Vitnið BD kvaðst hafa starfað hjá [...] á árunum [...]. Vitnið sagði að almennt hefðu einstaklingar, sem opna hefðu viljað reikning í bankanum, þurft að skila inn opnunargögnum og framvísa persónuskilríkjum og staðfestingu heimilisfangs. Sama ætti við um fyrirtæki en auk þess hefðu þau þurft að skila inn samþykktum sínum og hluthafalista. Fyrirsvarsmáður hefði þurft að rita undir prókúruskjal og endanlegur eigandi þurft að skrifa undir staðfestingu þess að hann væri endanlegur eigandi innstæðu reikningsins.

Vitnið var spurt um eignarhald félagsins [...] en kvaðst ekki geta svarað spurningunni.

Vitnið sagðist ekki vita hver hefði stofnað Félagið GM árið 2009 en sagði að sig minnti að það hefði verið gert gegnum lögmannsstofu á Íslandi. Í kjölfarið hefði félagið opnað reikning í bankanum.

Vitnið var spurt um bifreiðaviðskipti Félagsins GM og vitnisins A. Vitnið sagðist hafa komið „örlítið“ að þeim, en það hefði einkum verið vegna bifreiðaáhuga síns. Ákærði hefði haft samband við sig og sagt að hann hefði eignast bifreið í [...] og spurt hvort vitnið gæti „losað sig við hann, því hann sé ekki að fara að flytja hann til [...]“. Vitnið hefði rætt málið við bifreiðasala og sá maður hefði keypt bifreiðina.

Vitnið BE, lögfræðingur í [...], sagði núverandi verjanda ákærða hafa leitað til sín vorið 2014 fyrir hönd félagsins [...] og ákærða vegna viðskipta við mann að nafni AP, [...]. Vitnið hefði í framhaldinu reynt innheimtu 252.000 dala hjá AP vorið 2014 og verið í sambandi við lögmann í [...] vegna þess. Þrátt fyrir mikla leit og vinnu hefði innheimtan ekki skilað neinum árangri. Lögmaður, sem vitnið hefði leitað til, hefði staðfest við vitnið að greinilegt væri að um skipulögð svik væri að ræða. Vitnið sagði að krafan hefði verið töpuð. Að sínu mati hefði enginn vafi verið á réttmæti kröfunnar.

Vitnið sagðist ekki kannast sérstaklega við Félagið GM.

Vitnið AK kvaðst hafa starfað hjá félaginu [...] í [...] á árinu 2010. Fyrirtækið hefði keypt nokkurar bifreiðar af ákærða á þeim tíma. [Vitnið] hefði verið lágt settur starfsmaður, unnið við að þrifa bifreiðar, sækja þær, senda, auglýsa og ná samskiptum við [...]. Vitnið sagðist muna glögg eftir um níu bifreiðum sem keyptar hefðu verið en kvaðst ekki vita hvort seljandinn hefði verið Félagið GM eða [...], „því ég var ekki neitt á skrifstofu“. Vitnið var spurt um innlegg [...] á reikning Félagsins GM en vitnið kvaðst þar ekki þekkja til.

Vitnið sagðist telja víst að eftir viðskiptin hefði ákærði ekki verið í skuld við [...], þar sem vitnið hefði þá vafalaust verið beðið um að reyna að innheimta skuldina.

Borin var undir vitnið kvittun sem ákærði lagði fram í málinu. Vitnið kvaðst þekkja undirritun sína en bætti við að það hefði „aldrei séð þessa kvittun, það er alveg, þetta er eitthvað sem ég bara, [...] þetta kom svo flatt upp á mig ég veit ekki hvaðan þetta hefur dottið upp af, því að þetta hef ég aldrei séð.“ Vitnið hefði ekki ritað undir skjalið, „en ég þekki skriftina mína“ bætti vitnið við. Þarna væri rithönd vitnisins. Vitnið bætti við að „nafnið á fyrirtækinu er rangt skrifað“, nafn þess væri jafnan ritað í einu orði en ekki

tveimur. Vitnið sagðist skilja „hvorki upp né niður í þessu, frá hverjum þetta er komið og annað slíkt“. Vitnið sagði að það myndi „örugglega muna eftir því ef ég hefði fengið tuttugu milljónir í peningum bara afhent, það eru peningar sem maður sér ekki alla daga og öll ár og alla ævi.“ Vitnið sagðist ekkert hafa haft „með peninga að gera í þessu fyrirtæki“. Vitnið hefði verið almennur starfsmaður og hvorki verið eigandi né haft prókúru.

Vitnið BF kvaðst hafa verið endurskoðandi [...] árin 2010 til 2013. Vitnið sagði aðspurt að rétt gæti verið að ákærði hefði stundum, á ferðalögum erlendis, keypt bifreiðar fyrir hönd félagsins en greitt fyrir þær beint en ekki gegnum félagið. Spurt hvenær það hefði verið gert upp svaraði vitnið að „ef upplýsingarnar komu strax þá var það gert jafnóðum en oft var það þannig að þetta var kannski í afstemmingum sem þetta uppgötvaðist.“ Vitnið sagði að „allar færslur vegna bifreiðanna [hefðu verið] tilvísanamerktar á fastanúmer þannig að það sé auðveldara að finna og stemma af.“ Vitnið var spurt um bifreiðanúmerið [...] sem fram hafi komið á greiðsluviðurkenningu vegna viðskipta [...] og AI. Vitnið sagði að „þetta var semsagt dæmi um það að hann hafði greinilega keypt bílinn erlendis sjálfur og lagt út fyrir honum og það kom upp í afstemmingum seinna og þá var það fært eftir því“.

Vitnið sagðist ekki hafa endurskoðað fyrir ákærða persónulega eða önnur félög á hans vegum. Vitnið sagðist ekki þekkja til annars rekstrar ákærða.

Vitnið BG, fv. verjandi ákærða, kvaðst ekki vita til þess að það hefði aðstoðað ákærða við stofnun félags á Seychelles eyjum árið 2009. Vitnið tók fram að á þessum tíma hefði það starfað á annarri lögmannsstofu en það starfaði nú, og hefði því ekki upplýsingar frá þessum tíma „á takteinum“. Vitnið sagðist kannast við „félagið“ og hafa aðstoðað ákærða „við að ná í skráningarnúmer og annað vegna gagna sem hann var að útbúa.“ Að öðru leyti myndi vitnið ekki eftir að hafa komið að stofnun félagsins. Vitnið sagðist ekki muna hvernig nafn félagsins hefði verið ákveðið.

Vitnið sagðist aðspurt hafa vitað af lánasamningi milli ákærða persónulega, Félagsins GM og C, en ekki hafa frétt af honum fyrr en eftir á. Líklega hefði vitnið frétt af samningnum síðar á árinu 2009.

[...].

Vitnið H sagðist hafa átt heima í [...] árið 2010 en verið að flytja til [...]. Vitnið hefði vantað bifreið af nánar greindri tegund og þekkt til ákærða í gegn um konu sína. Vitnið hefði haft „samband við hann og athugaði hvort hann gæti reddað mér bíl. Og hann fór nú bara að kanna það og úr varð að hann gat reddað mér bíl [...], og hann gat reddað fyrir mig bíl í [...] og við gerðum viðskipti. Ég fór og sótti hann þangað og keyrði hann til [...].“ Vitnið sagðist kannast við millifærslu sína, 45.600 evrur, inn á reikning Félagsins GM 16. ágúst 2010 og hefði vitnið fengið bifreið í staðinn. Eftir viðskiptin hefðu vitnið og ákærði verið sáttir og hvorugur skuldað hinum. Vitnið sagðist efast um að ákærði „hefði haft mikið upp úr þessu“, en þekkja það í sjálfu sér ekki.

Vitnið sagðist hafa fengið bifreiðina afhenta einhvers staðar í [...], en ekki muna nákvæmlega hvar. Vitnið sagði að sig minnti að bifreiðin hefði verið árgömul.

Vitnið BH kvaðst hafa verið framkvæmdastjóri og eigandi [...] á árunum 2011 og 2013. Bornar voru undir vitnið kvittanir sem ákærði hefur lagt fram í málinu, vegna kaupa [...] á tölum og tölvuvörum af Féluginu GM. Vitnið sagðist hafa keypt tölur og tölvuvörur af Féluginu GM á umræddum tíma. Fyrirtæki sitt keypti „töluvert inn af búnaði“ vitnið hefði frétt af nánar greindum búnaði og keypt hann. Hefðu þetta verið „routerar“ sem notaðir væru í tölvukerfi. Hefði fyrirtæki vitnisins notað búnaðinn til ársins 2019 ef vitnið myndi rétt. Vitnið hefði greitt Féluginu GM fyrir búnaðinn í evrum inn á reikning þess í Luxemburg.

Vitnið AL kvaðst hafa verið búinn að dveljast mikið í [...]. Vitnið hefði þar selt bifreið og þrjú vélhjól, kaupandi hefði verið maður að nafni BI, eigandi félagsins [...]. Á þessum tíma hefðu vitnið og ákærði verið í miklu sambandi, en ákærði væri „alþjóðlegur viðskiptamaður“. Vitnið hefði beðið ákærða um greiða, „að leyfa þessum BI að leggja bara inn á hann og hann myndi láta mig fá krónur á Íslandi og [ákærði] gerði mér þann greiða.“

Vitnið sagðist hafa ritað undir kvittun vegna viðskiptanna sumarið 2011.

Vitnið sagði að ákærði hefði enga þóknun tekið fyrir, hann hefði eingöngu gert vitninu greiða.

Vitnið J var spurt hvort vitnið hefði átt í gjaldeyrisviðskiptum við ákærða eða Félagið GM á árinu 2011. Vitnið sagðist sjálft sæta rannsókn og skorast undan því að svara.

Vitnið var spurt hvort rétt væri að það hefði lagt 60.000 evrur inn á reikning Félagsins GM 26. september 2011 og 45.600 evrur 25. október 2011, og kvaðst vitnið ekki muna það. Spurt hvort það hefði fengið krónur fyrir slíkar evrur sagðist vitnið ekki muna það.

Vitnið var spurt hvort það væri forsvarsmáður félags að nafni [...]. Vitnið kvaðst vísa í fyrri svör og skorast undan því að svara. Vitnið var spurt hvort það þekkti til félagsins og svaraði á sama hátt.

Vitnið var spurt hver væri forsvarsmáður verktakafyrirtækis sem hefði breytt fyrir vitnið nánar greindu húsi á umræddum tíma. Vitnið sagðist ekki muna það. Borið var undir vitnið að ákærði segði vitnið hafa beðið ákærða að afhenda fyrirsvarsmanni verktakafyrirtækisins umtalsverðar fjárhæðir í krónum, en vitnið kvaðst ekki muna það. Vitnið var spurt hvort verið gæti að umræddur forsvarsmáður hefði í sms-samskiptum við ákærða komið fram fyrir hönd félagsins [...]. Vitnið kvaðst ekki muna það.

Vitnið sagðist aðspurt ekki muna hvort það hefði oft komið heim til ákærða á umræddum tíma. Aðspurt sagðist vitnið ekki muna eftir að hafa verið þar með ákærða og þeir verið með umtalsverða fjármuni í krónum uppi við.

Vitnið AQ sagðist þekkja ákærða og þeir hefðu stundað viðskipti saman, þar á meðal gjaldeyrisviðskipti árið 2011. Vitnið tók fram að það hefði orðið fyrir slysi og fengið höfuðhögg, og byggi við umtalsvert skert minni eftir það.

Borin var undir vitnið millifærsla aðilans „K“ að fjárhæð 32.338 evrur inn á reikning Félagsins GM 28. október 2011. Vitnið sagðist hafa verið á þessum tíma með umfangsmikinn rekstur og mikið umleikis, og ekki muna sérstaklega eftir þessari færslu. „Þetta getur vel verið, en þetta getur líka ekki verið“, ég get ekki fullyrt um það“, sagði vitnið. Borið var undir vitnið hvort ákærði hefði afhent vitninu fimm milljónir króna, hugsanlega daginn eftir, og vitnið svaraði: „Ég man eftir því að hafa látið hann hafa evrur og fengið hjá honum íslenskar krónur“. Nánar spurt sagði vitnið að fjárhæðin fimm milljónir króna gæti vel verið rétt. Viðskipti þeirra, sem yfirleitt hefðu verið vinargreiðar á báða bóga, hefðu jafnan verið gerð upp og væri hvor skuldlaus við annan. Gjaldyrisviðskipti þeirra hefðu farið þannig fram að vitnið hefði afhent ákærða evrur og fengið krónur á móti í reiðu fé. Vitnið sagði að ákærði hefði enga þóknun tekið fyrir viðskiptin, „þetta var bara farið eftir gengistöflu þess dags og ég man ekki hvort við tókum kaup eða sölu, [...] við vorum ekkert með svoleiðis smáatriði.“ Ef gjaldyrinum hefði verið skipt í banka hefði þurft að greiða bankanum þóknun.

Vitnið var spurt um millifærslu [...], 22. janúar 2013 að fjárhæð 58.480 evrur inn á reikning Félagsins GM og borið var undir vitnið að ákærði bæri að hann hefði afhent vitninu 9,9 milljónir króna í samhengi við þetta. Vitnið sagðist ekki kannast við félagið [...].

Vitnið var spurt hvort það ætti eða stýrði félaginu [...]. Vitnið sagðist ekki muna til þess.

Borin voru undir vitnið útprentuð sms-samskipti sem liggja fyrir í málinu. Vitnið sagðist ekki muna eftir þeim, en tók fram að langur tími væri liðinn frá þeim og minnið slæmt. Vitnið var spurt um fjárhæðina 135.725 sem skráð er í skilaboðunum, og svaraði að það myndi ekki eftir millifærslu slíkrar upphæðar, þótt það væri ekki útilokað.

Vitnið T kvaðst hafa lagt evrur inn á reikning Félagsins GM í febrúar 2013, líklega um sex þúsund evrur. Vitnið hefði fengið ákærða til finna fyrir sig „notaðan [...], þeir fengust ekki hérna á Íslandi, þannig að ég keypti af honum bíl.“ Bifreiðin hafi í framhaldinu verið skráð á konu vitnisins, AR.

Vitnið sagðist ekki vita hvort ákærði hefði haft hagnað af viðskiptunum.

Vitnið sagðist aðspurt hafa talið sig eiga viðskipti við ákærða persónulega, það „hafði fengið upplýsingar um að hann væri að flytja inn bíla.“

Vitnið AA kvaðst hafa átt í gjaldeyrisviðskiptum við Félagið GM á árinu 2013. Vitnið hefði verið með evrur sem vitnið vildi selja „og bankinn tekur náttúrulega seðlagengi en hann borgaði mér hærra gengi og ég seldi honum evrur og hann borgaði mér í íslenskum krónum“. Vitnið hefði lagt evrurnar inn hjá Félaginu GM í Luxemburg og fengið krónur í staðinn, „í seðlum“. Væri hvor skuldlaus við annan eftir viðskiptin.

Bornar voru undir vitnið kvittanir sem ákærði lagði fram í málinu um þessi viðskipti. Vitnið staðfesti undirritun sína á kvittununum og efni kvittananna. Vitnið sagði ákærða hafa haft samband við sig fyrir hálfu ári eða einu, og vitnið hefði farið til hans og ritað undir kvittanirnar, allar á sama tíma. Vitnið sagðist ekki muna hvort vitnið hefði einnig skrifað undir kvittanir þegar viðskiptin hefðu farið fram. Athygli vitnisins var vakin á að ein kvittananna er dagsett í janúar 2014 og sagði vitnið mjög líklegt að hún hefði verið undirrituð þá.

Vitnið sagðist hafa verið flugmaður um áratugaskeið og væri hluti launa sinna greiddur sem dagpeningar og fæðispeningar. Væru þær greiðslur greiddar inn á

gjalddeyrisreikning. Við bankahrúnið hefði vitnið farið að vantreysta bönkum hér á landi og farið að safna evrum. Síðar hefði vitnið hafið framkvæmdir við hús sitt og því viljað selja evrunar.

Vitnið sagðist ekki muna til þess að gerður hafi verið skriflegur samningur um viðskiptin. Vitnið sagðist hafa verið „búinn að heyra að [ákærði] væri traustur maður“. Vitnið hefði ekki haft aðra tryggingu í viðskiptum, „ekki nema það sem ég var búinn að heyra, að hann væri traustur og stæði við það sem hann segði.“

Vitnið M sagðist hafa átt svólítinn sjóð og ætlað að leggja inn í Nordea Bank „og setti hann inn á reikning hjá Georg á meðan ég beið eftir að koma honum inn á sinn stað.“ Að lokum hefði vitnið ekki getað komið peningunum inn í Nordea Bank. „Ég var ekki með nógu mikið. Það var lágmarksfjárhæð inn í sjóðinn sem ég vissi ekki af á þeim tíma, ég man nú ekki hver upphæðin var en ég var dálítið langt frá henni. Þannig að ég fór aldrei inn.“ Vitnið hefði því tekið peningana „út bara til baka eftir þörfum, frá Georg.“ Vitnið hefði lagt inn evrur hjá Félaginu GM og fengið megnið til baka í krónum, ef vitnið myndi rétt.

Vitnið sagði að upphaflega hefði það verið með fé sitt á erlendum banka en hefði svo ekki treyst þeim banka lengur og viljað færa féð í Nordea Bank.

Bornar voru undir vitnið kvittanir vegna viðskiptanna sem liggja frammi í málinu,. Ákærði sagðist kannast við kvittanirnar og undirritun sína. Vitnið sagðist ekki muna hvernig ákærði hefði greitt sér samkvæmt viðskiptunum, „með peningum og innleggjum væntanlega bæði, ég þori ekki alveg að fara með það“, sagði vitnið. Nánar spurt sagði vitnið að það myndi „ekki svo glögg og nákvæmlega hvernig og hvenær þetta var greitt til bara“. Alls hefði upphæðin verið nálægt fimmtán til tuttugu milljónum króna eða svo.

Vitnið sagði að þeir ákærði hefðu verið skuldlausir hvor við annan að þessu loknu. „Þetta var raunverulega bara vinargreiði við mig.“ Þeir væru „búnir að þekkjust lengi.“ Ekki hefði verið gerður skriflegur samningur milli þeirra ákærða, en „Georg lét mig kvitta þegar ég tók út og hélt utan um þetta. Það var nú svona mesta skriffinnskan á bak við þetta.“ Allar kvittanirnar hefðu verið undirritaðar samhliða greiðslum til vitnisins eða í hæsta lagi fáum dögum síðar. Engar hefðu verið undirritaðar löngu síðar. Ákærði hefði útbúið kvittanirnar sem vitnið hefði ritað undir.

Borin var undir vitnið Æ yfirlýsing sem lögð hefur verið fram í málinu og staðfesti vitnið efni yfirlýsingarinnar sem rétt. Vitnið hefði ritað undir hana 23. desember 2020. Ekki hefði önnur yfirlýsing eða kvittun verið gerð um viðskiptin á sínum tíma. Vitnið sagðist hafa samið lokatexta yfirlýsingarinnar, byggðan á grunni sem hefði komið af hálfu ákærða.

Vitnið staðfesti að það hefði þrúvegis lagt inn á reikning Félagsins GM og sagði fullt endurgjald í krónum hafa komið fyrir. Um gjaldeyrisviðskipti hefði verið að ræða, vitnið hefði millifært evrur á reikning Félagsins GM og fengið krónur í staðinn „með góðu gengi“. Gengið hefði verið betra en vitnið hefði getað fengið annars staðar. Evrur vitnisins hefðu verið launagreiðslur frá erlendu félagi, en vitnið hefði starfað sem flugmaður. Vitnið sagðist hafa heyrt frá samstarfsfélagi sínum, G, að „þetta væri góð leið“. Vitnið treysti félagi sínum og hefði farið að dæmi hans.

Vitnið sagði að eftir viðskiptin hefði hvorugur skuldað hinum.

Vitnið AB kvaðst kannast við yfirlýsingu sem liggur fyrir í málinu og undirskrift sína. Yfirlýsingin væri rétt. Vitnið sagðist hafa litið svo á að um gjaldeyrisviðskipti væri að ræða. Vitnið sagðist ekki hafa þekkt ákærða áður. Spurt hvernig viðskiptin hefðu komið til sagðist vitnið hafa heyrt á ákærða af afspurn og að hægt væri að eiga gjaldeyrisviðskipti við hann. Vitnið sagðist hafa litið svo á að með greiðslu 360.000 króna frá ákærða hefði vitnið fengið fullt endurgjald fyrir þær evrur sem vitnið hefði lagt inn á reikning Félagsins GM.

Vitnið sagði evrurnar hafa verið laun sem vitnið hefði unnið sér inn sem flugmaður erlendis.

Vitnið var spurt um aðdraganda þess að það hefði ritað undir yfirlýsinguna og svaraði að ákærði hefði haft samband við sig vegna hennar. Vitnið sagði að annað hvort vitnið sjálf eða lögmaður ákærða hefði lagt til texta yfirlýsingarinnar. Vitnið sagðist hafa fengið aðstoð [...] vegna gerðar yfirlýsingarinnar.

Vitnið sagðist ekki muna til þess að gefin hefði verið út kvittun á sínum tíma, yfirlýsingin sem fyrir liggur í málinu væri eina skjalið sem vitnið hefði ritað undir vegna viðskiptanna.

Vitnið AC staðfesti undirritun sína undir kvittun sem liggur fyrir í málinu og sagði efni kvittunarinnar rétt. Væri þar lýst gjaldeyrisviðskiptum og eftir þau væru vitnið og

ákærði skuldlausir hvor við annan. Vitnið var spurt hvers vegna það hefði leitað til ákærða en ekki banka vegna viðskiptanna og svaraði vitnið að það hefði ekki farið sérstaklega vel út úr viðskiptum sínum við banka hér á landi. Vitnið væri búsett í Lúxemburg og hefði fengið hjá ákærða „sanngjarna meðferð á mínum evrum og heiðarlega.“ Vitnið hefði fengið fullt endurgjald fyrir evrur sínar.

Vitnið sagði að ritað hefði verið undir kvittunina árið 2013, eins og skráð væri á hana. Vitnið sagðist muna eftir því. Vitnið hefði beðið um kvittun áður en það hefði millifært evrur sínar. Athygli vitnisins var vakin á því að samkvæmt texta kvittunarinnar er hún gefin út eftir að viðskiptin hafi átt sér stað. Vitnið svaraði að það gæti „svo sem vel verið að ég hafi fengið þetta til mín eftir að ég var búinn að leggja inn evrurnar.“

Vitnið sagði að evrurnar hefðu verið sparifé sitt. Vitnið hefði leitað til ákærða af því það hafði „heyrt af honum og þegar kemur að bankahruninu sem var hérna rétt þarna aðeins á undan þá náttúrulega vogaði sér enginn að leggja evrur inn á reikninga hjá íslenskum bankastofnunum. Það fór illa hjá mörgum, þar með talið mér.“ Allt hefði staðið eins og stafur á bók hjá ákærða.

Vitnið N kvaðst hafa keypt bifreið af ákærða á árinu 2011 eða 2012. Hugsanlega hefði bifreiðin eftir kaupin verið skráð á eiginkonu vitnisins, AN. Vitnið hefði í viðskiptunum líklega millifært Bandaríkjadali inn á reikning í Luxemburg. Aðilar væru skuldlausir hvor við annan, „við gerðum okkar viðskipti upp á þennan hátt, hluti bílsins var greiddur þarna og hluti bílsins var greiddur annars staðar.“ Vitnið sagði aðspurt að verið gæti að hluta kaupverðsins hefði það greitt félaginu [...] Með bifreiðinni hefði fullt endurgjald komið fyrir það fé sem vitnið hefði lagt inn á reikning Félagsins GM.

Vitnið var spurt hvernig viðskiptin hefðu komið til. Vitnið sagði að annar bifreiðasali hefði vakið athygli sína á því að til stæði að flytja inn „eitthvað af nýjustu týpunni af þessum bíl sem kom þarna þá, og hvort ég hefði áhuga á að vera með í því. Og jú, ég sýndi áhuga og þá var það sem sagt í gegnum Georg.“ Vitnið sagði aðspurt að sjálfsagt hefði það keypt bifreiðina af félaginu [...] Spurt hvers vegna það hefði lagt inn á reikning Félagsins GM svaraði vitnið: „Ja ég er nú ekki klár á þessu, ef ég á að segja eins og er.“

Vitnið F kvaðst hafa átt gjaldeyrisviðskipti við Félagið GM á árunum 2010 til 2013. Vitnið kvaðst ekki muna fjölda viðskiptanna, þetta hefði verið „tvisvar, þrisvar.“ Bornar voru undir vitnið kvittanir sem liggja fyrir í málinu og staðfesti vitnið undirritun sína á

þeim. Dagsetningar kvittananna væru líklega réttar. Vitnið sagðist hafa lagt evrur inn á reikning Félagsins GM og ákærði endurgreitt sér í krónum. Eftir viðskiptin hefði hvor verið skuldlaus við annan.

Vitnið sagði að sig minnti að ákærði hefði bæði greitt sér krónurnar í reiðu fé og með millifærslu, en tók fram að það væri ekki visst. Þó væri það visst um að eitthvað hefði verið greitt í reiðu fé. Kvittanirnar hefðu verið undirritaðar síðar, „frekar nýlega“. Nánar spurt sagði vitnið: „Við kannski gengum ekki frá kvittunum á þessum tíma en vorum alveg sammála um hvenær þetta var gert og framkvæmt.“ Ekki hefði verið skrifað undir kvittanirnar á þeim tíma sem dagsetning þeirra segði til um. Vitnið sagðist ekki muna sérstaklega eftir kvittunum á þeim tíma þegar viðskiptin hefðu farið fram.

Vitnið var spurt hvers vegna stæði á einni kvittuninni að ákærði hefði greitt vitninu „í dag“, nánar greindan dag árið 2012. Vitnið sagðist ekki hafa tekið eftir þessu áður. Vitnið sagði að ákærði hefði samið texta kvittananna.

Vitnið sagði engan ágreining hafa orðið um viðskiptin, „allt stóðst.“

Vitnið sagði að sig minnti að starfsfélagar sínir hefðu þekkt til ákærða og mælt með viðskiptum við hann. Evrurnar hefði vitnið fengið í laun sem flugmaður.

Vitnið AO staðfesti undirritun sína á kvittunum sem lagðar hafa verið fram í málinu. Vitnið sagði efni þeirra rétt.

Vitnið sagði O hafa keypt af vitninu „hesta á sínum tíma og er þarna að klára einhverja þjónustugreiðslu sem greinilega hefur hentað mér að færi ekki inn á reikning seljanda í þessu tilfalli. Ég man alveg eftir þessari færslu, ég er að greiða fyrir tanningar og þjónustu fyrir gæjann.“ Í raun hefði O greitt vitninu og greiðslan farið þessa leið til vitnisins.

Vitnið sagðist ekki muna hvar það hefði ritað undir kvittunina, líklega hefði það verið gert „heima hjá Gogga“.

Vitnið sagði S hafa keypt stóðhest á Íslandi með aðstoð vitnisins. Vitnið sagði að það hefði hentað sér „að þessi hluti greiðslu þessa hests færi þessa leið og bærisk í mínar hendur, ekki til seljanda. Ég man alveg eftir þessum stóðhesti.“ Vitnið hefði verið „í rauninni milligöngumaður um kaup og sölu þarna“. Vitnið hefði beðið S um að leggja inn hjá Félaginu GM. Vitnið sagðist ekki reikna með að S ætti sérstakt viðskiptasamband við ákærða.

Vitnið sagðist hafa selt AG brúnan hest. Vitnið sagðist hafa vitað „að Goggi hann er alltaf í einhverju svona evru-dóti og það kom betur út fyrir mig krónulega að fá þetta greitt þessa leið heldur en í gegn um bankann.“ Vitnið hefði beðið AG um að leggja inn hjá Félaginu GM. Ákærði hefði í framhaldinu greitt vitninu krónur.

Spurt um innlögn AH sagði vitnið að það myndi „ekki nákvæmlega hvaða hrossaviðskipti þarna eru í gangi en á þessum tíma er ég náttúrulega að selja tugi hrossa“. Vitnið sagðist ekki „muna nákvæmlega hvað þessi kona keypti.“ Vitnið sagði að klárlega hefði verið um hrossaviðskipti að ræða.

Vitnið sagði að AJ hefði keypt hross en ekki muna hvaða hross. Vitnið sagðist kannast við konuna og hafa „örugglega selt henni hesta eftir þetta“. Vitnið sagðist hafa verið „milliganga þarna viðskipti og það hentar mér að peningarnir fari“.

Vitnið sagði að í öllum þessum tilvikum hefði það verið hugmynd sín að kaupandinn legði inn á reikning Félagsins GM. Í öllum tilvikum hefði vitnið fengið fullt endurgjald í krónum.

Vitnið var spurt hvers vegna það skráði á kvittanir „fyrir hönd“ einstaklinganna sem greitt hefðu inn á reikninginn. Vitnið svaraði: „Ja, mér fannst svona ágætt að hafa þetta svona, hún er að greiða fyrir vöru.“

Vitnið var spurt hvort verið gæti að það hefði skrifað nýlega undir allar kvittanirnar, og neitaði vitnið því.

Vitnið AT kvaðst staðfesta skjal sem liggur fyrir í málinu, undirritað af vitninu og föður þess, Ö, 19. janúar 2021. Vitnið sagðist hafa fengið lán frá Félaginu GM árið 2013. Lánið hefði ákærði fyrst veitt í tveimur hlutum, fyrst með 10.000 evra millifærslu af reikningi ákærða í Luxemburg inn á reikning vitnisins í [...] 12. apríl 2013, en síðari hlutann, 10.345 evrur hefði ákærði látið vitnið fá í reiðu fé. Lánið hefði verið endurgreitt í fjórum eða fimm millifærslum inn á reikning sem vitnið sagðist telja að hefði verið í Luxemburg. Millifærslur sínar í apríl til desember 2013 inn á reikning Félagsins GM hefðu því verið endurgreiðslur láns.

Vitnið sagðist hafa verið í peningapröng og hjálparþurfi og því leitað til ákærða.

Vitnið sagði aðspurt að engin samtímagögn hefðu verið skráð vegna lánsins, svo sem lánasamningur. Þeir ákærði hefðu verið vinir frá árinu 1994 og ákærði hefði verið eini maðurinn sem vitnið þekkti sem hefði getað veitt slíkt lán, vitnið hefði því beðið hann um lán sem hann hefði samþykkt greiðlega.

Vitnið AD staðfesti yfirlýsingu sína dags. 21. janúar 2021. Vitnið hefði verið í kröggum og fengið lán frá ákærða og endurgreitt lánið í fjórum greiðslum inn á reikning Félagsins GM í Lúxemborg haustið 2013. Engin skjöl hefðu verið samin um lánveitinguna á sínum tíma enda væru þeir ákærði góðir vinir.

Vitnið sagði að ákærði hefði afhent lánið í evrum reiðu fé í [...].

Vitnið U staðfesti undirritun sína á kvittunum sem lagðar hafa verið fram í málinu. Vitnið sagðist ekki muna greinilega eftir viðskiptunum og „þetta stemmir við það sem við vorum að gera á sínum tíma.“ Vitnið hefði selt ákærða gjaldeyri og ákærði greitt honum í reiðu fé. Vitnið sagðist ekki muna hvenær kvittanirnar hefðu verið gefnar út en það hefði ekki verið nýlega, þær hefð verið gefnar út um svipað leyti og viðskiptin hefðu átt sér stað. Vitnið hefði fengið fullt endurgjald í krónum fyrir þær evrur sem vitnið hefði lagt inn hjá Féluginu GM.

Vitnið sagði að ákærði hefði boðið betra verð en bankarnir fyrir evrurnar. Einnig hefðu gjaldeyrishöft verið á umræddum tíma. Ekki hefði verið samið um sérstaka þóknun til ákærða vegna viðskiptanna.

Vitnið sagði að evrurnar hefðu líklega verið hagnaður af sölu hlutabréfa.

Vitnið var spurt hvaða ár kvittun sú hefði verið gefin út sem dagsett er 15. febrúar en árs ekki getið. Vitnið sagðist telja víst að það hefði verið árið 2013 eins og hin kvittunin, en sagðist ekki muna það nákvæmlega.

Vitnið sagðist ekki hafa útbúið kvittanirnar.

Vitnið Q staðfesti undirritun sína á reikningi sem lagður hefur verið fram í málinu. Reikningurinn væri til kominn „vegna þess að Georg Mikaelsson skipti fyrir mig evrum yfir í krónur“. Efni reikningsins væri rétt. Ákærði hefði greitt krónur sem endurgjald fyrir evrurnar.

Vitnið sagði að ákærði hefði útbúið reikninginn. Dagsetning hennar væri rétt.

Vitnið sagði að evrurnar hefðu verið sparnaður sinn og móður sínar. Þeir ákærði hefðu verið vinir í mörg ár. Vitnið hefði vitað að ákærði sinnti gjaldeyrisviðskiptum.

Vitnið AÆ. kvaðst hafa verið einkaeigandi félagsins [...]. Félagið væri hætt starfsemi. Vitnið hefði átt í viðskiptum við ákærða og Félagið GM en kvaðst ekki lengur muna

nákvæmlega á hvaða tíma. Vitnið hefði keypt bifreiðar í Bandaríkjunum og selt þær aftur eða flutt þær þaðan út, og ákærði var fjárfestir í viðskiptunum. Bifreiðar hefðu verið fluttar til [...] en þeir ákærði hefðu einnig rætt um að flytja þær einnig til [...] en ekki hefði orðið af því. Aðspurt sagði vitnið að ekki hefði staðið til að Félagið GM eignaðist hlut í [...].

Borið var undir vitnið að samkvæmt gögnum hefði Félagið GM lagt alls rúmlega 237 þúsund dali inn á reikning [...] árin 2009 til 2013, og sagði vitnið það hljóma sennilega. Vitnið hefði keypt dýrar bifreiðar, jafnvel átta í senn.

Vitnið sagði viðskiptaáætlunina hafa verið þá að kaupa bifreiðar, flytja þær út og selja með hagnaði og það hefði gengið vel. Hugmyndin hefði verið að skipta ágóðanum til helminga. Eftir að nokkurar bifreiðar hefðu verið seldar til [...] hefði reksturinn hrunið þegar kaupandinn þar hefði ekki staðið í skilum. [...] kaupandinn hefði skráð bifreiðarnar á sitt nafn en vitnið ekkert fengið greitt fyrir þær. Vitnið sagðist ekki muna annað nafn á manninum en [...]. Öll fjárfesting vitnisins og ákærða hefði farið í súginn. Þessi viðskipti hefðu kallað á töluverð ferðalög og gistikostnað. Vitnið hefði hitt ákærða margoft og í mörgum löndum vegna viðskiptanna.

Vitnið L sagðist kannast við þrjár færslur sem greint er frá á kvittunum sem lagðar hafa verið fram í málinu, og við að hafa ritað undir kvittanirnar. Vitnið hefði átt gjaldeyrisviðskipti við ákærða á árunum 2011, 2012 og 2013. Á þessum árum hefði verið nokkuð erfitt og tímafrekt að senda peninga hefðbundna leið til Íslands og því hefði vitnið átt viðskiptin. Stundum hefði tekið allt að viku að senda peninga til Íslands. Vitnið hefði lagt inn á reikning sem ákærði hefði átt í Luxemburg „og svo var það borgað út á Íslandi í reiðu fé.“ Ekki væri víst að vitnið hefði sjálft tekið við fénu, hugsanlega hefði einhver á þess vegum gert það.

Vitnið sagðist aðspurt hafa fengið endurgjald í krónum fyrir allt það sem það hefði lagt inn á reikning Félagsins GM.

Vitnið sagðist hafa starfað sem flugmaður í Luxemburg í meira en aldarfjórðung.

Borið var undir vitnið að á einni kvittananna hefur upphaflega verið skráð að lagðar hafi verið inn evrur, en handritaður er texti yfir þess efnis að Bandaríkjadalir hafi verið lagðir inn. Vitnið sagðist telja að allar innlagnir sínar hefðu verið í evrum. Vitnið var upplýst að í gögnum málsins væri skráð innborgun 9. nóvember 2013 sem næmi 12.455 dölum. Vitnið sagði að hugsanlega hefði ein greiðslan verið í dölum. Langt væri um liðið.

Á tímabili hefði vitnið fengið laun í evrum en dagpeninga í dölum svo hugsanlega hefði greiðslan verið í dölum.

Athygli vitnisins var vakin á að á kvittuninum segði að það hefði lagt inn á reikning ákærða. Vitnið sagði að sig minnti að það hefði lagt inn á reikning Félagsins GM.

Vitnið var spurt hvers vegna það hefði átt viðskiptin við ákærða. Vitnið svaraði að það hefði verið statt einhvers staðar „í útlöndum og var að vandræðast yfir því við einhvern kollega, ég man ekki hver það var, að það væri svolítið erfitt að senda pening heim, af því að ég þurfti að gera það, og þá var einhver sem benti mér á það, ég man bara alveg ómögulega hver það var.“

Vitnið sagði að ekki hefði verið gerður skriflegur samningur um viðskiptin. Vitnið sagðist ekki hafa þekkt ákærða áður.

Vitnið sagðist ekki hafa skrifað nýlega undir kvittanirnar.

Vitnið G staðfesti undirritun sína á kvittunum sem lagðar hafa verið fram í málinu af hálfu ákærða. Vitnið sagðist hafa átt gjaldeyrisviðskipti við Félagið GM. Vitnið hefði lagt erlenda fjárhæð inn á reikning félagsins og fengið krónur í staðinn. Krónurnar hefði vitnið fengið afhentar á Íslandi í reiðu fé og með millifærslu. Í einhverjum tilfellum hefði kona vitnisins tekið við krónunum, enda hefði vitnið verið oft utan lands á þessum tíma.

Vitnið sagðist gera ráð fyrir að dagsetningar á kvittuninum væru réttar og að skrifað hafi verið undir kvittanirnar þegar viðskiptin hefðu átt sér stað, eða stuttu síðar.

Vitnið sagðist vera flugmaður og hafa á umræddum tíma starfað hjá ítölsku flugfélagi. Vitnið hefði áður átt bifreiðaviðskipta við ákærða og í framhaldi af þeim hefðu gjaldeyrisviðskiptin farið fram. Ákærði hefði lýst áhuga sínum á að kaupa erlendan gjaldeyri.

Vitninu var bent á að í fjórum kvittananna fimm vill svo til að gerð er sama innsláttarvillan og síðara orðið í nafni félagsins er skráð Mikalesson og vitnið var í því sambandi spurt hvort það væri visst um að kvittanirnar hefðu ekki verið unnar eftir á. Vitnið svaraði að það myndi ekki hvenær það hefði skrifað undir kvittanirnar. Líklega hefðu að minnsta kosti einhverjar verið undirritaðar á þeim degi sem þar er skráður.

Vitnið AP staðfesti undirritun sína á skjali sem lagt hefur verið fram í málinu af hálfu ákærða, nefnt yfirlýsing og dagsett 11. febrúar 2021. Borið var undir vitnið að í gögnum málsins væri skráð innlegg 30. nóvember 2012 að fjárhæð 10.000 evrur og skrifuð fyrir

innlegginu væru [...]. Vitnið sagðist kannast við þetta. Vitnið sagðist hafa átt gjaldeyrisviðskipti við ákærða, vitnið hefði lagt inn á erlendan reikning og fengið í staðinn greitt í reiðu fé á Íslandi. Vitnið sagði efni kvittunarinnar rétt.

Vitnið var spurt hvernig viðskiptin hefðu komið til og svaraði að það hefði verið „eftir hrunárin“, vitnið hefði vantað krónur og hagkvæmara hefði verið „að leggja inn á hann heldur en að borga millifærslugjöld og annað.“ Vitnið sagðist hafa verið flugmaður og hluti tekna þess væri greiddur í erlendri mynt. Vitnið sagði sig og ákærða eiga sameiginlega kunningja og þeir hefðu átt sambærileg viðskipti við ákærða „og hann er bara með þannig orðstír að“ vitnið hefði ákveðið að eiga viðskiptin. Aðrir flugmenn sem vitnið þekkti hefðu verið „búnir að nota þjónustu hans og gekk vel.“ Mjög gott orð færi af ákærða í viðskiptum, hann stæði við sitt og ekki þyrfti kvittanir, treysta mætti orðum hans.

Vitnið sagðist hafa verið beðið um að um að rita undir kvittun í febrúar 2021, „og ég mundi alveg eftir viðskiptunum þannig að ég bara skrifaði undir.“ Vitnið sagði að sig minnti að ekki hefði verið gefin út kvittun á sínum tíma, en tók fram að langt væri um liðið.

Vitnið V kvaðst starfa sem flugstjóri. Vitnið var spurt um fjórar færslur inn á reikning Félagsins GM frá febrúar til og með júní 2013. Vitnið kvaðst ekki kannast við að hafa lagt þær inn á reikninginn. Vitnið sagðist ekki eiga erlendan bankareikning, það hefði búið og starfað erlendis á árunum 2009 og 2010 og hafa örugglega átt slíkan reikning á þeim tíma. Vitnið kvaðst ekki vita hvort það hefði átt slíkan reikning árið 2013.

Borið var undir vitnið að ákærði segðist hafa rætt við vitnið um að vitnið staðfesti viðskipti milli þeirra en um viku síðar hefði vitnið horfið frá því. Vitnið sagði að það væri ekki sín „upplifun af þessu samtali.“ Borið var undir vitnið að ákærði teldi sig vissan um að hann hefði fjórum sinnum afhent vitninu fjármuni á heimili sínu. Vitnið kvaðst hafa í því sambandi skorað á hann „að hjálpa mér þá að skilja hvað þetta væri, með einhvers konar gögnum eða upplýsingum, og þar sem það ekki varð þá lauk þeim samskiptum.“

Borið var undir vitnið að ákærði hefði stundað gjaldeyrisviðskipti á umræddum tíma og margir flugmenn hafi lýst að þeir hafi lagt evrur inn á reikning hans og fengið krónur í staðinn og vitnið var spurt hvort það ræki minni til slíkra viðskipta. Vitnið svaraði að það hefði átt viðskipti með gjaldeyri en dagsetningar væru á reiki. „Eins og ég segi, ég

bjó og starfaði erlendis á árunum circa 2009 til '11, '12, en eins og ég sagði við Georg þá er ég ekki með neitt í höndunum og ekkert minni til þess að staðfesta slíkt svona í hálfgerðri blindni.“ Spurt hvort skilja mætti svör þess að hugsanlegt væri að viðskiptin hefðu átt sér stað svaraði vitnið að það væri „ekki útilokað“. Nánar spurt sagði vitnið að það hefði „ekki minni til þess og engin gögn sem ég hef til að styðja það, þannig að ég gæti staðfest það.“

Bornar voru undir vitnið tvær færslur, hinn 26. febrúar 2013 hefðu verið lagðar inn 5.000 evrur og 5. júní lagðar inn 25.000 evrur. Vitnið sagði að sig ræki ekki minni til slíks. Vitnið sagðist enga minningu hafa um að ákærði hefði afhent sér umtalsverða fjármuni í reiðu fé. Vitnið bætti við að ákærði hefði hringt í vitnið sem „vissi ekki til þess að ég þekkti hann.“ Borið var undir vitnið að innlegg V í evrum á reikning Félagsins GM hefðu jafngilt um 10,3 milljónum króna. Vitnið sagði að „þessar tölur hljóma svona vissulega sko í hærri kantinum fyrir mig sem flugmaður, þá með kannski á bilinu 500 til 700 þúsund í mánaðarlaun, þannig að bæði tölurnar virka, já eins og ég segi, í hærri kantinum fyrir mig, að öðru leyti þá hérna er það dagsetningin sem er skrítin, því vegna þess að ef þetta á að hafa gerzt 2013 þá hef ég lokið þessum hluta míns starfsferils, ég var einfaldlega launþegi hjá [...] frá stofnun þess félags. Það var það sem olli mér heilabrotum líka, það var dagsetningin.“

Vitnið sagði að þegar það hefði fengið „þessar upplýsingar, sem er nú orðið nokkuð langt síðan núna, um þetta mál, þá fór ég yfir öll mín gögn og fann ekkert sem studdi þetta. Enda sagði ég það í upphafi [...] ef ég hefði eitthvað í höndunum þá myndi ég gangast við því að sjálfsögðu ef að þetta væri rétt.“

Vitnið AS staðfesti undirritun sína á kvittun sem lögð hefur verið fram í málinu, dags. 25. 3. 2013, þess efnis að Þ hafi lagt 66 þúsund Bandaríkjadali á reikning Félagsins GM. Vitnið sagði að á þessum tíma hafi þau Þ verið hjón. Þau hefðu ætlað að kaupa sér íbúð á nánar greindum stað í Bandaríkjunum en hætt við þau áform og „ég seldi Georg þessa dollara“. Spurt hvers vegna það hefði skipt við ákærða en ekki banka sagði vitnið að þeir væru vinir „og ég spurði hann hvort hann vildi kaupa þessa dollara og hann sagði bara „ekkert mál“.“ Rétt væri, sem segði í kvittuninni, að ákærði hefði greitt þeim Þ 8.275.000 krónur fyrir dalina. Fullt endurgjald hefði komið fyrir fjármunina sem lagðir hefðu verið inn í Luxemburg.

Vitnið kvaðst vera [...]. Þau Þ hefðu mikið verið í [...] og vitnið átt heima þar um tíma. Vitnið hefði átt bankareikning í [...] og átt peningana þar.

Vitnið sagðist hafa skrifað undir kvittunina á umræddum tíma.

Vitnið BJ kvaðst hafa átt í gjaldeyrisviðskiptum við Félagið GM, hugsanlega árið 2013. Vitnið var spurt um fjögur innlegg á reikning Félagsins GM á fyrstu fjórum mánuðum ársins 2013, öll í nafni R. Vitnið sagðist ekki muna eftir þessu greinilega en muna eftir gjaldeyrisviðskiptum við ákærða „að því leyti að ég lét hann hafa evrur og, ég man ekki hvernig það fór fram, fékk íslenska peninga í staðinn. Það voru bara einföld viðskipti.“ R væri fyrrverandi kona vitnisins og hugsanlega hefði greiðslan farið af hennar reikningi, „en það var nú ég sem stóð í þessu“, en þau hefðu verið „með sameiginleg fjármál.“ Vitnið sagði að alltaf hefði komið endurgjald í krónum fyrir þær evrur sem lagðar hefðu verið inn. Hvorugur hefði skuldað hinum eftir viðskiptin. Vitnið sagði að vinnufélagi sinn, G, hefði bent sér á ákærða. G hefði sagt að ákærði væri „finn gaur“ og óhætt að treysta honum. Vitnið hefði treyst ákærða sem hefði staðið við allt.

Vitnið sagði að ekkert hefði verið undirritað í tengslum við viðskiptin. „Þetta var bara einfalt.“

Vitnið sagðist hafa starfað sem flugmaður á þessum tíma og hugsanlega hefðu fjármunirnir verið eitthvað „sem ég fékk úr fluginu, dagpeningar eða laun eða eitthvað slíkt. Gæti líka hugsanlega verið eitthvað sem R átti þegar hún kemur til landsins. Ég bara man þetta ekki lengur.“

Ákærði óskaði eftir að gefa viðbótarskýrslu að lokinni skýrslugjöf hluta vitna. Hann kvaðst þekkja í sjón V sem kom fyrir dóminn til skýrslugjafar. Væri þetta sá maður sem fjórum sinnum hefði lagt inn á reikninginn í Lúxemburg og ákærði afhent honum krónur á móti. Hefði ákærði afhent þær á heimili sínu. Ákærði sagðist kannast við alnafna V, sem væri þekktur viðskiptamaður, og væri ekki um hann að ræða. Sá sem hefði fengið féð væri V flugmaður. Ákærði hefði hringt í hann og V lofað að rita undir yfirlýsingu um viðskiptin, eða eitthvað slíkt. Viku síðar eða svo hefði ákærði talað við hann aftur og V þá sagt að þeir hefðu aldrei talað saman. „Og ég hringi í sama númerið og tala við sama manninn, svo ég hef náttúrulega hitt hann, ég veit alveg hvernig hann lítur út maðurinn.“

Borið var undir ákærða að á allmörgum kvittunum væri tiltekin stafsetningarvilla í nafni Félagsins GM. Ákærði sagðist hafa verið að flýta sér „og kópera og paste-a mikið

til að spara mér tíma“. Þegar „koma nýir aðilar inn [...]set ég þeirra nöfn inn, paste-a“ til að þurfa ekki að skrifa nafn sitt og bankanúmer aftur og aftur.

Borið var undir ákærða að vitnið BJ hefði sagt að sig ræki ekki minni til að gerður hefði verið samningur eða gefin út kvittun þegar viðskiptin hefðu átt sér stað. Ákærði sagðist telja „að svo hafi verið [...] ég held að ég hafi gert kvittun og prentað út í hverju sinni, en alla vega fylgiskjal til þess að bókhaldið á Sesheylles eyjum hafi stemmt.“ Hefði kvittun ekki verið gerð hefði ákærði útbúið „einhvers konar fylgiskjal sem ég sendi út þá með möppunni, eitthvað svoleiðis.“ Ákærði sagðist telja sig hafa gert kvittanir í öllum tilvikum, „alla vega lang lang lang flestum.“

Ákærði var spurður um nokkurar útgreiðslur af reikningi Félagsins GM. Hinn 21. maí 2010 hefði verið greitt til [...]. Ákærði sagði að hér væri um „væntanlega einhver bílaviðskipti“ að ræða en hann myndi ekki sérstaklega eftir fyrirtækinu. Félagið GM hefði þá líklega verið að kaupa bifreið. Greitt hefði verið til [...]. Ákærði sagði að þarna væri líklega greitt fyrir einhverja sjóflutninga. Hinn 8. nóvember hefðu 40.000 evrur verið greiddar [...]. Ákærði sagðist ekki muna eftir þessu. Hinn 15. nóvember 2011 hefðu 20.000 dalir verið greiddir [...]. Ákærði sagðist ekki muna eftir þessu. Hinn 26. september 2011 hefðu 46.025 evrur verið greiddar [...]. Ákærði sagðist ekki kannast við það. Ákærði sagði að færslur sem merktar væru [...] eða [...], [...], tengdust allar AP.

Ákærði var spurður um greiðslu 8. apríl 2010 sem skráð væri [...]. Ákærði kvaðst telja mjög líklegt að hér væri að um ræða kostnað vegna rekstrar Félagsins GM. Ákærði var einnig spurður um greiðslu 28. febrúar 2011 sem merkt væri [...]. Ákærði sagði að hér væri um að ræða kostnað fyrirtækisins „fyrir að vera til“.

Ákærði var spurður hvernig staðið hefði verið að greiðslu fyrir endurskoðunarstörf á Seychelles eyjum. Hann sagðist ekki muna það. Endurskoðandinn hefði ekkert sent sér um ársreikningana.

Aðspurður ítrekaði ákærði að endurskoðandinn E hefði verið búinn að rita undir ársreikningana þegar ákærði hefði hitt hann á Seychelles eyjum árið 2021. Í framhaldi af því var rætt um sambærilega penna sem þeir virtust hafa notað til að rita undir og sagðist ákærði vera búinn „að hugsa þetta heillengi heilmikið, ég hef ekki skýringar á því [...] ekki nema það að ég er svolítið symmetrískur en ég veit ekki út af hverju, ég man ekki eftir því, það voru allavega á þessu kaffihúsi voru fullt af pennum“. Ákærði hefði hitt E á kaffihúsi. E hefði þá verið með ársreikningana, „það var búíð að undirrita allt hans megin, þar bara átti eftir að undirrita mín megin, sem ég gerði.“ Ákærði var spurður hvort

hann hefði hagað undirritun sinni þannig að ef E hefði skrifað undir með bláu bleki hefði ákærði notað blátt og ef E hefði skrifað undir með svörtu hefði ákærði skrifað undir með svörtu. Ákærði svaraði: „Eins og ég segi, ég man þetta ekki nákvæmlega út af hverju, en ég náttúrulega er symmetrískur sko, það fer í taugarnir á mér [...] sem er með bílnúmerið hérna megin en ekki í miðju“.

Vitnið E kvaðst vera löggiltur endurskoðandi [...]. Vitnið kvaðst vera eigandi og meðeigandi félagsins [...]. Starfsmenn þess væru nú tíu. Félagið hefði unnið fyrir Félagið GM á árunum 2009 til 2013. Félag vitnisins hefði unnið ársreikninga Félagsins GM en vitnið hefði ekki unnið sjálfst að því verki. Það hefði gert starfsmaðurinn [...]. Hún hefði fallið frá árið 2020. Vitnið var spurt hvernig gögn, sem ársreikningarnir hefðu verið unnir eftir, hefðu komið til skrifstofunnar, en vitnið kvaðst ekki vita það, [...] hlyti að hafa fengið gögnin því án þeirra hefði ekki verið hægt að útbúa ársreikning. Vitnið var spurt hvort yfirvöld á Seschelles eyjum hefðu fengið ársreikningana senda og svaraði að það hefði ekki verið skylda á umræddum tíma. Vitnið var spurt hvort ársreikningarnir og bókhaldsgögnin hefðu verið geymd á skrifstofunni og svaraði vitnið að slík gögn væru að jafnaði geymd í sjö ár, svo sem lög mæltu fyrir um. Eftir það væri gögnunum eytt ef eigandi þeirra hefði ekki endurheimt þau. Vitnið kvaðst gera ráð fyrir að [...] hefði haft þennan hátt á. Ársreikningarnir væru hins vegar tiltækir á skrifstofunni.

Vitnið var spurt hvort ákærði hefði fengið ársreikningana senda á hverju ári. Vitnið sagðist ekki vita það, [...] hefði séð um þá.

Vitnið sagðist vera viss um að [...] hefði unnið ársreikningana í samræmi við lög á Seychelles eyjum. Reikningarnir væru á hefðbundnu formi fyrir IBC-félög á Seychelles eyjum á þessum tíma. Vitnið var spurt um árlegan kostnað af því að fá ársreikning gerðan á stofu sinni og svaraði að hann færi eftir ýmsum atriðum svo sem stærð félagsins sem ætti í hlut, umfangi gagna og tímanum sem færi í verkið, þóknun gæti numið frá 800 til 2.000 dólum eða evrum á ári.

Vitnið var spurt um ársreikning 2010 og hvort það ár hefði tap félagsins numið 1.292 evrum. Vitnið sagði það rétt. Vitnið sagði aðspurt að 1.132 evru kostnaður hefði verið þóknun endurskoðunarstofunnar.

Vitnið var spurt um ársreikning 2011 og hvort það ár hefði tap félagsins numið rúmlega 2.000 evrum. Vitnið sagði svo vera.

Vitnið var spurt um ársreikning 2012 og hvort það ár hefði tap félagsins numið tæplega 24.000 evrum. Vitnið sagði svo vera.

Vitnið var spurt um ársreikning 2013 og hvort það ár hefði tap félagsins numið 18.352 evrum. Vitnið sagði svo vera.

Vitnið sagði aðspurt að Félagið GM hefði verið rekið með tapi öll umrædd ár. Aldrei hefði verið greiddur arður úr félaginu enda félagið alltaf rekið með tapi.

Borið var undir vitnið tölvubréf B til vitnisins. Vitnið sagðist ekki muna eftir bréfinu en sjá í gögnum sínum að það hafi svarað því. Vitnið sagðist ekki muna hvort það hefði kannað málið sjálft þegar það hefði fengið tölvubréfið. Vitnið sagði að [...] hefði sinnt málinu. Vitnið sagðist ekki muna hvort það hefði ráðfært sig við hana á sínum tíma. Hún hefði unnið hjá félaginu frá stofnun þess og vitnið hefði enga ástæðu til að ætla að hún hefði gert nokkuð að vanathuguðu máli.

Vitnið sagðist aðspurt hafa hitt ákærða í framhaldi af því að ákærði hefði haft samband við sig. Í framhaldinu hefði vitnið leitað að ársreikningunum. Á þessum tíma hefði covid-19 geisað og vitnið því ekki getað hitt ákærða á skrifstofunni, og því hitt hann á veitingastað. Vitnið sagðist ekki muna hvenær þetta hefði verið, árið 2021 eða 2020. Ákærði hefði skrifað undir ársreikningana á veitingastaðnum. Sjálfst hefði vitnið ritað undir ársreikningana á sínum tíma, [...] hefði talað við sig í hvert sinn um að skrifa undir þá.

Borið var undir vitnið það álit ákæruvaldsins að rannsókn lögreglu hefði leitt aðrar tölur í ljós en ársreikningurinn gæfi til kynni. Vitnið sagði að [...] hefði séð um þetta en hún hefði aldrei brugðizt og vitnið hefði enga ástæðu til að efast um niðurstöður hennar.

Vitnið var spurt hvernig endurskoðunarstofan myndi gera í ársreikningi grein fyrir reiðu fé í bankahólfi erlendis. Vitnið sagði stofuna styðjast við bankayfirlýsingu og sá einstaklingur sem veiti stofunni upplýsingar skrifi undir yfirlýsingu um að allt sé rétt sem fært sé fram. Vitnið var nánar spurt hvar í ársreikningunum yrði gerð grein fyrir slíku fé. Vitnið sagði að venjulega kæmi hún fram í liðnum fjárhagsstöðu. Vitnið var spurt hvar á ársreikningi 2010 þessar upplýsingar væri að finna. Vitnið vísaði til liðarins „Current assets“ og „Cash at bank and in hand“ á bls. 4.

Borið var undir vitnið að ákærði hefði lýst að hann hefði ár hvert upplýst stofuna um fjárhæð í bankahólfi hér á landi. Vitnið sagði að ákærði hlyti að hafa veitt [...] þessar upplýsingar. Borið var undir vitnið það álit ákæruvaldsins að fjárhæðin sem á ársreikningum væri skráð sem „Cash at bank and in hand“ kæmi heim og saman við

bankainnstæður en gæfi ekki til kynna fé sem geymt væri í bankahólfi. Vitnið vísaði til þess að starfsmaðurinn [...] hefði séð um gerð ársreikninganna, samkvæmt sinni reynslu hefði hún staðið rétt að málum. Vitnið var spurt, hvort líta ætti svo á, ef umræddur liður ársreikninganna kæmi heim og saman við bankainnstæður, að samkvæmt upplýsingum stofunnar hefði félagið þá ekki átt fé í bankahólfi á sama tíma. Vitnið svaraði að það myndi ekki vita það, [...] hefði séð um málið. Nánar spurt sagði vitnið að ef svo væri hefði stofan farið „eftir upphæðinni sem var tilgreind hjá bankanum.“

Vitnið var spurt hvort það hefði sjálf séð bókhald Félagsins GM. Vitnið svaraði að það teldi að [...] hefði séð sjálf um málið. Spurt hvers vegna vitnið en ekki [...] hefði skrifað undir ársreikningana sagði vitnið að [...] hefði verið mjög fær og vitnið enga ástæðu haft til að rengja hana.

Vitnið AU kvaðst hafa verið í fyrirsvari félaganna [...] og [...] árið 2013. Borin var undir vitnið yfirlýsing sem liggur fyrir í málinu, dags. 4. nóv. 2021. Vitnið kvaðst staðfesta undirritun sína og efni yfirlýsingarinnar. Vitnið sagði að um hefði verið að ræða gjaldeyrisviðskipti, vitnið hefði lagt evrur inn á erlendan reikning en ákærði afhent „pening hérna heima“. Vitnið sagði að skömmu áður hefði það sjálf lent „í máli og í rannsókn“ og hefði orðið hrætt um „að það yrði allt fryst hérna heima, þetta er yfir hásumar og ég þurfti bara, ég þorði ekki öðru en að, þetta hentaði vel að fá þetta afhent hérna heima í pening, svo lagði ég bara jafnóðum inn á reikninginn hérna heima og borgaði birgjum bara til að vera viss um það að ég myndi ekki, allt yrði fryst og ég gæti ekki klárað að borga bara mínum birgjum hérna heima, og það kláraðist allt saman. Þannig að það gekk sem betur fer bara allt vel fyrir sig og ég náði að nýta þennan pening í að borga birgjum.“

Vitnið sagðist ekki hafa hitt ákærða persónulega heldur hefði verið „einhver milligöngumaður sem ég man bara ekki hver er.“ Vitnið var spurt hvort það gæti ekki nefnt milligöngumanninn eða vildi það ekki. Vitnið svaraði: „Ég bara er ekki viss og ef ég mundi muna það, þá náttúrulega [...] vill maður ekki koma neinum í bobba“. Nánar spurt hvort það væri að halda hlífiskildi yfir milligöngumanni svaraði vitnið: „Nei, ég bara man það ekki.“ Vitnið var spurt hvort það myndi eftir að hafa fengið um fimmtíu milljónir króna í reiðu fé og kvaðst vitnið muna það, en bætti við að „þetta er svolítið blörrí á þessum tíma, maður var einhvern veginn bara alveg í steik sko.“ Vitnið var spurt hvort það væri visst um þá fjárhæð sem það bæri um í yfirlýsingunni. Vitnið svaraði: „Já

ég veit það, þetta er alveg góður punktur líka, [...] það eina sem bara sat einhvern veginn í hausnum á mér er að mig minnir að þetta hafi verið 10%. [...] Mér finnst einhvern veginn, svona í minningunni, að fyrst hafi þetta átt að vera í kring um 5% lækkun en svo út af því að ég var heit kartafla þá var það 10%.“ Þegar yfirlýsingin hefði verið samin hefði verið farið „svólítið aftur í tímann, sáum gengið circa, og tókum 10% af og þá svona hugsaði ég „jú þetta gæti verið circabát upphæðin.“ Þannig að ég get náttúrulega ekki staðfest upp á krónu.“

Borið var undir vitnið, að í yfirlýsingunni segist vitnið hafa tekið við, að því er það minni, 51,3 millj. króna, sem sé um fimm milljónum króna minna en það hafi lagt inn, ef miðað sé við miðgengi, og að vitnið segi í yfirlýsingunni að ákærði hafi fengið um 10% þóknun í viðskiptunum. Vitnið var spurt hvort það væri viss um að ákærði hefði fengið þessa þóknun og hvort verið gæti að milligöngumaðurinn hafi fengið hluta hennar. Vitnið sagðist ekki vita það, vitnið myndi „að ég fékk lægra, og það situr svona í mér þessi upphæð, 10% sem ég fékk lægra, upplifði mig bara svona svólítið sem heita kartöflu þarna á sínum tíma, og í rauninni sætti mig bara við það, [...] að ég yrði bara að taka sénsinn að gera þetta þá frekar svona, þannig að ég gæti verið alveg viss um það að það mundi enginn sitja eftir hérna heima með sárt ennið af mínum birgjum.“

Vitnið sagðist ekki hafa þekkt ákærða áður. Ekki hefði verið gerður skriflegur samningur um viðskiptin. Vitnið var spurt hvort það hefði lagt þessa fjárhæð inn á erlendan reikning hjá manni sem hann þekkti ekkert og hefði ekki haft nein skjöl í höndunum. Vitnið svaraði að „þetta voru mjög skrítnir tímar þarna, maður var náttúrulega algjörlega í steik sjálfur út af því að þessi rannsókn fór í gang og þetta var bara það eina sem komst að hjá mér, ég yrði bara að finna einhverja leið til að í rauninni vera viss um það að ég gæti gert þetta og ég tók bara svona litla skammta um leið og ég fékk bunka af reikningum og lagði inn og borgaði.“

Bornar voru undir vitnið tvær kvittanir sem lagðar hafa verið fram í málinu. Vitnið sagði rithönd á skjölunum ekki vera sína. Stimplar á þeim væru ekki á vegum fyrirtækja sinna og ekki líkir merki þeirra. Spurt hvort það væri enn í fyrirsvari félaganna [...] og [...] svaraði vitnið: „Nei, ég lokaði þessu“.

Vitnið sagði að ákærði hefði haft samband við sig og vitnið hefði þá fengið „hnút í magann og bara fór í ákveðna afneitun [...] en svo einhvern veginn bara svona eftir á þá fór ég að hugsa um þetta og svo hef ég samband við“ verjanda ákærða. „Maður hugsaði náttúrulega líka bara gagnvart [ákærða], að hann sé ekki að lenda þá í því að það sé

tekjufært á hann eða hvernig sem það er, af því að þetta voru náttúrulega viðskipti, þannig að ég get algjörlega staðfest það.“

Vitnið BK kvaðst hafa unnið fyrir ákærða, séð um garðinn hjá honum og viðhald húss hans. Vitnið sagðist hafa unnið fyrir hann í ellefu eða tólf ár. Vitnið væri við þetta allt sumarið og fram að jólum. Þá væri vitnið eitthvað við starfann um vorið. Vitnið sagðist aðspurt þekkingu J, fv. eiganda [...], í sjón. Vitnið kvaðst hafa séð ákærða og J saman, en þeir væru „svolítið miklir kunningjar“. J hefði komið reglulega í heimsókn til ákærða, hugsanlega tíu sinnum eða svo. Eitt sinn hefði vitnið séð „mesta magn af peningum sem ég hef séð á ævinni“ og lýsti því atviki svo að „J kemur í heimsókn til hans og ég býst við að þeir séu inni á skrifstofunni hans“. Þar sem vitnið hefði þurft að fara á snyrtingu og ætlað að fá sér kaffi „þá fer ég bara bak við hús og ætla inn um garðskálann og þá labba ég beint í fangið á þeim, þá sitja þeir inni í eldhúsi, ekki inni á stofu, og eru bara að telja peninga þar.“ Spurt um líklegt verðmæti fjárens sagði vitnið að það gæti verið „þrjátíu eða fimmtíu milljónir“. Vitnið sagðist hafa spurt ákærða síðar „hvort hann væri að fara að verzla eitthvað og hann sagði „já, gjaldeyri“, og ég spurði hvað þetta væri mikið því ég hef aldrei séð svona stóra stafla áður, og held að hann hafi sagt þrjátíu frekar en fimmtíu.“ Vitnið sagði að þetta hefði verið eina skiptið sem það hefði séð einhverja „peninga að ráði“ hjá þeim.

Vitnið sagði að J hefði gjarnan þann hátt á, ef hann kæmi til ákærða og vitnið væri að vinna í bílskúrnum, að fara sjálfur gegn um bílskúrinn og þaðan inn í húsið.

Vitnið var spurt hvenær það hefði síðast séð J hjá ákærða, og svaraði að það vissi ekki hvort það hefði verið sumarið 2021 eða 2020. Vitnið hefði verið frekar lítið hjá ákærða sumarið 2021. Vitnið var spurt hvort mikið væri um að menn sæktu ákærða heim þegar vitnið væri þar við störf, og svaraði: „Já, þetta eru svona kannski tíu gaurar sem koma, kannski tvisvar þrisvar á ári eða eitthvað.“

Vitnið sagðist ekki hafa séð peninga hjá ákærða og gestum nema í þetta eina skipti þegar J hefði verið í heimsókn. Sérstaklega spurt sagðist vitnið ekki muna eftir gestum sem kæmu tómhentir en færu með poka eða umslög.

Vitnið sagði að ákærði greiddi sér fyrir vinnuna í reiðu fé.

Vitnið AI kvaðst hafa keypt notaða bifreið frá útlöndum, [...], og „lét hann hafa erlendan gjaldeyri fyrir erlenda verðinu og hann gaf mér upp eitthvert reikningsnúmer

[...] og ég lagði inn á það.“ Lokareikningurinn hefði komið frá félaginu [...] en „ég man ekkert hvað reikningurinn hét sem ég lagði inn á, það getur verið að það hafi verið hann eða [...], ég man það bara ekki.“ Vitnið kvaðst hafa átt margoft í viðskiptum við ákærða og treysta honum „100%“. Vitnið hefði „keypt sams konar bíl 2006“. Vitnið sagði að það hefði ekki „sett svona fyrirfram öðruvísi, nema ég þekkti hann og vissi að þetta yrði í lagi.“

Vitnið var spurt hvort það hefði fengið fullt endurgjald fyrir gjaldeyrinn sem það hefði lagt inn, og svaraði: „Hann hefur einhvern veginn millifært það gegnum [...], þannig að ég veit ekkert hvernig það er, en ég fékk reikning síðan hjá [...], þá var búið að lækka þetta verð sem ég borgaði honum þarna úti.“

Vitnið var spurt hvort það staðfesti reikning á þess nafni, frá félaginu [...], sem liggur fyrir í málinu. Vitnið svaraði að það hefði fengið „reikning frá [...], þetta hlýtur að vera hann.“

Borin var undir vitnið millifærsla 11. desember 2013 undir nafni vitnisins, að fjárhæð 77.200 dalir. Vitnið sagðist ekki muna „þessar fjárhæðir, en þetta er mjög líklegt að ég hafi verið að gera upp bílinn þarna.“ Vitnið hefði síðan borgað „honum svo hérna heima mismuninn.“ Spurt hverjum það hefði borgað hér heima svaraði vitnið: „Það hlýtur að hafa farið inn á reikning [...], ég man bara man þetta ekki.“ Vitnið sagði að sig minnti „að það hafi verið þannig að hann hafi fengið hjá mér fyrirfram aðeins, til þess að festa bílinn úti“, greiðslan í erlenda gjaldeyrinum hefði verið „fob-verðið úti.“ Tollar og aðflutningsgjöld hefðu komið „inn í þennan reikning [...]“.

Vitnið var spurt hvort það hefði talið sig eiga bifreiðaviðskiptin við [...] og svaraði: „Ég gerði aldrei greinarmun á milli Georgs og [...], hann var nú alltaf sagður vera bílasalinn. [...] Ég vissi af þessu fyrirtæki hans, en ég hef alltaf dflað við Georg og ábyggilega lagt inn á hans reikning þarna eða [...], ég man það ekki. Ég leit á þetta sem eitt og sama.“

Vitnið B sagði þau ákærða vera nána vini og kynni þeirra löng. Vitnið var spurt um Félagið GM og aðkomu sína að því. Vitnið sagðist „frekar lítið“ geta sagt um það, en þó það að móðir vitnisins „eignaðist 90% hlut í félaginu og ég hef nú ekki skipt mér mikið af því, af félaginu sjálfu.“ Spurt hvort það hefði eitthvað skipt sér af félaginu eða haft einhverja aðkomu að því, svaraði vitnið: „Bara að vera meðvituð um það að móðir mín eignaðist 90% hlut í félaginu og þar sem hún er dáið núna, þá er ég einskonar

fylgieinstaklingur að þessu.“ Vitnið sagði aðspurt að dánarbúi móður þess hefði ekki verið skipt enn. Vitnið sagðist vera erfingi móður þess og það væri bróðir vitnisins „væntanlega“ einnig. Spurt hver væri með hlutabréf í félaginu svaraði vitnið að „eiginlega [væru] engin hlutabréf í höndunum okkar, nema traust [á ákærða].“ Vitnið sagðist vita „að það var staðfest að [...] eignaðist 90% hluta í félaginu og staða er sú núna.“

Vitnið sagði að það, að móðir þess eignaðist 90% í félaginu, hefði komið þannig til að árið 2008, þegar móðir vitnisins hefði verið [...] ára gömul, hefði hún beðið vitnið „um að fjárfesta ákveðna upphæð þar sem hún var orðin öldruð, spurði mig hvort ég gæti hjálpað henni með það“, og eina hugmynd vitnisins hefði verið að ræða við ákærða og hefði vitnið gert svo. Ákærði hefði sagt að hann myndi hugsa málið. Síðan hefði ákærði boðið vitninu að hann gæti fjárfest „fyrir hönd móður minnar, og [...] hún samþykkti hugmyndina og lét peningana í hans hendur til að fjárfesta með ávöxtun.“

Vitnið sagði að upphæðin sem móðir þess hefði afhent ákærða hefði verið 1,2 milljónir evra, en einnig dalir og svissneskir frankar, eftir því sem vitnið vissi. Vitnið sagði að þetta hefði ekki verið „lán, heldur fjárfesting.“

Vitnið var spurt hvort umræddar 1,2 milljónir evra hefðu verið stór hluti af eignum móður þess og svaraði að „þetta var greinilega allt sem hún átti.“ Nánar spurt sagði vitnið að það gæti „ímyndað mér það, að þetta var bara hennar, já það sem hún eignaðist í gegn um líf sitt.“

Vitnið var spurt um inntak fjárfestingar móður þess hjá ákærða og svaraði: „Þetta var samningur um að hann [myndi] velta þessum peningum með ávöxtun“. Samið hefði verið um árlega 5% ávöxtun fjárlans. Vitnið var þá spurt hvort í raun hefði verið um að ræða lán til ákærða á 5% vöxtum, og sagði vitnið svo hafa verið.

Vitnið sagði móður sína hafa afhent ákærða fjármunina í reiðu fé. „Georg kom til mömmu minnar og fékk peninga í seðlum“ og hefði það verið á heimili móður vitnisins í [...]. Gerður hefði verið skriflegur samningur um málið. Í upphafi hefði engin trygging verið sett. Vitnið sagði að ákærði væri „mjög traustur maður, og ég er búin að þekkja hann mjög lengi og hann hefur alltaf verið í öllum samskiptum [...] mjög góður og traustur maður.“

Vitnið var spurt um afdrif lánsins eða fjárfestingarinnar. Vitnið sagði móður sína hafa fallið frá [...] 2009 en „síðan var þessum peningum fjárfest þannig að hún eignaðist 90% í [Félaginu GM], sem gerðist í byrjun ársins 2010“. Nánar spurt sagði vitnið að þessi

upphæð hefði verið „lagt inn á félagið, Georg Mikaelsson, þessum peningum, að hún eignaðist 90% hlut í félaginu.“ Spurt hvers vegna móðir vitnisins hefði eignast hlutinn sagðist vitnið ekki muna það. Vitnið sagði að móðir þess hefði engar greiðslur fengið frá ákærða. Ákærði hefði hins vegar boðið vitninu tryggingabréf, tryggt í húsi ákærða, að fjárhæð 70 milljónir króna, „til að veita mér eitthvert öryggi, ef eitthvað myndi koma fyrir hann. Þetta var árið 2016, minnir mig, en svo greiddi hann mér tæplega 50 þúsund evrur í seðlum, sem ég er með.“ Vitnið sagðist aðspurt eiga veð í húsi ákærða „upp á sjötíu milljónir“. Vitnið sagðist eiga frumrit tryggingarbréfs. Þegar vitnið var nánar spurt um fjárhæð bréfsins kvaðst vitnið ekki alveg viss.

Vitnið sagðist aðspurt ekki telja að bróðir vitnisins hefði fengið sambærilegt tryggingarbréf. Vitnið var spurt hvort það stæði eitt til arfs að því er varðaði hlutabréfin í Félaginu og svaraði að það hefði ekki komið „til tals, en móðir mín óskaði eftir því að ég væri einkaerfingi að þessu.“ Vitnið sagðist stýra dánarbúi móður sinnar. Vitnið sagði föður sinn hafa fallið frá [...] 2020 en hann hefði setið í óskiptu búi. Foreldrar vitnisins hefðu átt íbúð í [...] og hefðu foreldrarnir ákveðið að hún kæmi í hlut bróður vitnisins. Samkvæmt [...] lögum hefðu foreldrarnir getað „ákveðið hver eignast hvað.“ Bróðir vitnisins hefði einnig fengið önnur nánar greind verðmæt í sinn hlut.

Vitnið var spurt hvernig staðið hefði verið að því að móðir þess eignaðist 90% hlut í Félaginu GM og hvort vitnið hefði komið að því máli. Vitnið sagðist enga aðkomu hafa haft af því. Spurt hvort það hefði haft samskipti við nokkurn vegna skráningar þessa, svaraði vitnið: „Eftir að móðir mín var látin þá hef ég sent póst til endurskoðanda og tilkynnti það að móðir mín [væri] eigandi, [ákærði] er búinn að mæla með að ég mundi gera það, að senda endurskoðandanum línu um það, tilkynna að móðir mín eignaðist 90% hlut í félaginu, og það var gert. Og það var orðið við því, hann staðfesti það.“

Vitnið var spurt hvort það vissi eitthvað um endurskoðandann, nafn hans eða annað. Vitnið sagði að hann hefði verið „erlendis“, á Seychelles eyjum ef vitnið myndi rétt. Vitnið sagðist aðspurt ekki muna hvers vegna það hefði sent póstinn. „Það var bara ákveðið að móðir mín myndi eignast hlut í félaginu og ég tók ákvörðun um það að senda þessa línu til að staðfesta það.“ Endurskoðandinn hefði svarað „að þetta hefur verið gert. Og ég var mjög róleg um það.“ Vitnið sagði engin gögn hafa fylgt tilkynningu sinni. Vitnið sagðist telja að ákærði hefði gefið sér upp netfang endurskoðandans.

Borinn var undir vitnið lánasamningur milli ákærða og Félagsins GM sem lántaka og C, móður vitnisins, sem lánveitanda, dags 8. febrúar 2009. Vitnið sagði að rétt væri, sem

stæði í samningnum, að hann hefði verið um skammtímalán með tryggingu í 90% af útgefnu hlutfé Félagsins GM. Vitnið var spurt hvort það hefði haft einhverja aðkomu að sammingsgerðinni og svaraði að „einhver“ hefði samið samninginn „fyrir móður mína á [...] og ég þýddi það á [...] á sínum tíma.“ Samningurinn hefði verið undirritaður í [...] þegar ákærði hefði komið þangað „og tók við peningum í seðlum.“ Vitnið og maður þess hefðu verið viðstödd. Vitnið staðfesti undirritun þeirra sem vitundarvotta á samningnum. Peningarnir hefðu verið afhentir í brúnni tösku.

Vitnið sagðist aðspurt ekki vita hver hefði haft frumkvæði að því að móðir þess hefði tekið yfir 90% hlut í félaginu. Borið var undir vitnið að það hefði skrifað undir viðauka við lánasamninginn, þess efnis að gengið væri að eignarhlut ákærða í Félaginu GM, dags. 15. febrúar 2010. Vitnið sagðist ekki hafa munað eftir þessu. Vitnið sagði að mál hefðu gengið nákvæmlega eins og fram kæmi í viðaukanum. Vitnið sagði að það hefði verið hugmynd ákærða að gengið yrði að bréfunum. Vitnið var spurt hvort vanskil hefðu verið komin upp, og svaraði: „Nei nei, hann hefur aldrei komið i vanskil hjá mér.“ Borið var undir vitnið orðalag viðaukans, að vegna vanskila á endurgreiðslu samkvæmt lánasamningnum sé gengið að tryggingum samkvæmt lánasamningnum, og var vitnið spurt hvort vanskil hefðu verið á láninu. Vitnið sagðist ekki muna það, svo langt væri um liðið. „Ef viðauki var til vegna þess, þá greinilega, við erum að tala um einhver vanskil, ég bara man ekki núna.“ Vitnið sagði að móðir sín hefði verið látin á þessum tíma.

Vitnið sagði að dánarbú móður sinnar ætti enn hlutabréfin í Félaginu GM. Spurt hvort mikil verðmæti væru í félaginu svaraði vitnið að það vissi það ekki. Vitnið hefði ekki spurt en sagðist telja að allt væri „á sínum stað og það eru mikil verðmæti í félaginu.“ Vitnið var spurt um í hverju starfsemi félagsins fælist og svaraði það að ákærði sæi um það en vitnið skipti sér ekki af því. Vitnið sagðist ekki leita eftir upplýsingum um stöðu félagsins, „ég bara veit að þessir peningar eru á sínum stað og hef engar áhyggjur af þeim.“ Borið var undir vitnið að félagið hefði verið lagt niður og því lokað árið 2016. Vitnið svaraði: „En alla vega, ég efast ekki um að peningar eru í veltu.“ Vitnið myndi „fá endurgreitt“. Vitnið var spurt hvort því hefði verið kunnugt um að félagið hefði verið lagt niður, og svaraði vitnið að það hefði ekki munað eftir því. Spurt hvort þau ákærði hefðu eitthvað rætt þessi mál svaraði vitnið að ákærði hefði á sínum tíma spurt hvort hann mætti „velta þessum peningum og ég [...] gaf honum leyfi til þess.“

Vitnið sagði aðspurt að það hefði skrifað undir lánasamninginn í febrúar 2009 og viðaukann í febrúar 2010. Hvorugt skjalið hefði verið unnið eftir á.

Vitnið sagðist líta svo á að ákærði skuldaði sér 1.150.000 evrur, auk 5% vaxta á ári. Vegna þessarar skuldar hefði það tryggingarbréf með veði í fasteign ákærða.

Vitnið P staðfesti undirritun sína á kvittun sem liggur frammi í málinu, lögð fram af ákærða. Vitnið sagðist hafa starfað sem flugmaður erlendis og starfsfélagi sinn hefði bent sér á möguleikann á viðskiptum við Félagið GM. Vitnið hefði millifært peninga til félagsins til þess að skipta evrum í krónur „á betra gengi en bankarnir buðu mér á þeim tíma.“ Vitnið sagði að þær dagsetningar og fjárhæðir sem nefndar væru í kvittuninni gætu verið réttar, en vitnið væri ekki „viss með dagsetningar“. Að mati vitnisins hefði það fengið fullt endurgjald fyrir evrurnar. Nánar spurt sagðist vitnið ekki vissst um fjárhæðina í krónum, en þetta væri „nærri lagi“.

Vitnið var spurt hvort það hefði skrifað undir kvittunina nýlega eða á tíma viðskiptanna, og svaraði að ákærði hefði haft samband við sig „síðasta vetur held ég og sagði að hann vantaði kvittun og hvort ég væri tilbúinn að kvitta undir.“ Væri innan við ár liðið frá því vitnið hefði skrifað undir kvittunina. Annað en dagssetning kvittunarinnar væri rétt. Vitnið hefði fengið krónurnar „2012 þá væntanlega, ég er ekki klár á dagsetningu.“

Innborganir á nafni vitnisins á reikning Félagsins GM 10.000 evrur 15. og 23. ágúst, voru bornar undir það. Vitnið sagði að eftir sínu minni gæti þetta verið rétt.

Vitnið sagði að ekkert hefði verið rætt milli þeirra ákærða að ákærði tæki þóknun fyrir viðskiptin. Ákærði hefði einfaldlega boðið betra gengi en bankarnir. Einnig kynnu höft á umræddum tíma að hafa skipt máli.

Vitnið sagði að evrurnar sem það hefði lagt inn hjá Félaginu GM hefði það fengið sem laun og dagpeninga. Krónurnar hefði vitnið lagt í bankahólf sitt enda hefði það ekki treyst bönkunum vel á þessum tíma.

Vitnið sagði að ekki hefði verið gerður skriflegur samningur um viðskiptin. „Mér fannst þetta skrítið á sínum tíma, en ég gerði þetta, vinur minn var búinn að fara þennan hring og þetta var ekkert vesen. Og það gekk allt upp og stóðst allt.“

Vitnið F sagði aðspurt gsm númer sitt vera [...] og sagðist vitnið aðspurt telja sig hafa haft það númer árið 2013. Borin voru undir vitnið útprentuð sms-samskipti sem af hálfu ákærða eru sögð vera milli ákærða og vitnisins. Vitnið var spurt hvað væri rætt í samskiptunum og kvaðst vitnið skorast undan því að svara spurningunni með vísan til 1.

mgr. 118. gr. laga nr. 88/2008. Spurt hvort það gæti staðfest að það hefði átt í umræddum samskiptum sagðist vitnið ekki vita það, svo langt væri um liðið. Spurt hvort það hefði átt í samskiptum við ákærða á þessum tíma sagði vitnið að það hefði þekkt ákærða í um tuttugu ár. Meðal annars hefði vitnið keypt bifreið af ákærða og þau viðskipti gengið snurðulaust.

Vitnið kvaðst aðspurt ekki eiga félagið [...] og ekki tengjast því á nokkurn hátt. Vitnið kvaðst „alls ekki“ hafa tekið við fjármunum fyrir hönd þess félags. Vitnið kvaðst aðspurt ekki hafa samið um viðskipti fyrir hönd félagsins. Vitnið sagðist ekki þekkja til félagsins og hafa aldrei heyrt það nefnt. Vitnið var spurt hvort það hefði samið um viðskipti fyrir hönd J og kvaðst vitnið skorast undan því að svara spurningunni. Spurt hvort það hefði tekið við greiðslum fyrir hönd J skoraðist vitnið undan því að svara.

Vitnið var spurt um Félagið GM og sagðist engu geta svarað um það. Vitnið kvaðst ekki þekkja til félagsins og ekki vita neitt um það, þó það þekkti ákærða.

Vitnið AV kvaðst hafa verið stjórnarformaður félagsins [...] árið 2010. Eftir því sem vitnið myndi hefði félagið átt í viðskiptum við ákærða eða Félagið GM á þessum tíma. Borið var undir vitnið skjal nefnt „staðfesting“, dags. 21. janúar 2010. Vitnið staðfesti undirritun sína á skjalinu. Vitnið sagði að langt væri um liðið, og það hefði ekki sinnt slíkum málum að jafnaði, „en þetta snerist náttúrulega um [...] að fá sem bezt gengi út úr að flytja peninga, evrur, til Íslands.“ Á þessum tíma hefði gengið verið flöktandi en ákærði hefði boðið betra gengi en aðrir. Í staðinn fyrir evrurnar hefði félagið fengið krónur á Íslandi. Vitnið var spurt um fjárhæðir sem kæmu fram í skjalinu. Vitnið sagðist ekki geta fullyrt hvort þær væru réttar, svo langt væri um liðið, en þetta væru „ekkert ótrúlegar tölur“.

Vitnið sagði að dagsetning skjalsins væri rétt, skrifað hefði verið undir skjalið þá. Vitnið hefði ekki séð skjalið síðan ritað hefði verið undir það, allt þar til því hefði verið sýnt skjalið fyrir dómi. Vitnið sagðist ekki muna hver hefði samið texta staðfestingarinnar. Örugglega hefði einhver samið þetta og beðið sig um að skrifa undir.

Vitnið sagði félag sitt hafa fengið til baka „gengi, sem var betra en bankarnir buðu.“

Vitnið sagðist aldrei hafa hitt ákærða og aldrei hafa talað við hann. Vitnið sagðist ekki vita til þess að gerður hefði verið skriflegur samningur um viðskiptin. Vitnið sagðist taka fram að það „var ekki að höndla þessa peninga sjálfur.“

Niðurstaða

Ákærða er gefið að sök að hafa staðið skil á efnislega röngum skattframtölum gjaldárin 2010 til og með 2014 með því að hafa látið undir höfuð leggjast að gera grein fyrir eignarhaldi sínu á félaginu Georg Mikaelsson Ltd. sem skráð hafi verið og stofnað á Seychelles eyjum. Óumdeilt er í málinu að ákærði gat ekki um þetta félag á skattframtölum sínum en hann byggir á því að það hafi honum verið óskýlt þar sem hann hafi, eftir að í febrúar 2010 hafi verið gengið að tryggingu er hann hafi sett fyrir láni sem hann og félagið hafi fengið árið áður, aðeins átt 10% hlut í félaginu.

Sannað er í málinu að ákærði var í upphafi, árið 2009, einkaeigandi Félagsins GM. Jafnframt liggur fyrir í málinu að félagið var afskráð 1. janúar 2016. Verður að líta svo á að ákærði hafi verið einkaeigandi félagsins allt til loka, nema sýnt verði fram á að þar hafi orðið breyting á.

Við mat á þessu atriði er óhjákvæmilegt að horfa til þess að þegar ákærði var fyrst yfirheyrður hjá skattrannsóknarstjóra, 7. júní 2016, kvaðst hann vera eini hluthafi félagsins. Hinn 30. september óskaði hann eftir að gefa skýrslu að nýju til að „leiðrétta hluta af framburði“ sínum og kvaðst í framhaldi af því, í skýrslutöku 1. desember 2016, aðeins eiga 10% hlut í félaginu. Í fyrri skýrslutöku hafi hann ekki mátt segja „allan sannleikann“, því viðskiptafélagi sinn hefði ekki viljað það. Væri viðskiptafélaginn ekki enn tilbúinn að samþykkja það, en ákærði væri á leið til [...] til að ræða það við „hann“. Viðskiptafélaginn væri erlendur aðili. Gaf ákærði ekki upp nafn aðilans í skýrslutökunni. Þegar ákærði var fyrir dómi spurður um þessi svör sín svaraði hann að hann hefði ekki viljað koma C, móður B, í bobba. Í framhaldinu kom fram að C hefði verið látin þegar skýrslutakan fór fram og sagði ákærði þá að hann hefði ekki viljað koma B eða dánarbúinu í bobba. Ákærði var spurður hvers vegna hann hefði ekki greint frá því að hann ætti aðeins 10% hlut í félaginu, en án þess að nafngreina meðeigandann, og hafði ákærði ekki sérstök svör við því.

Ákærði gat ekki á skattframtölum sínum um skuld við C eða B.

Rakinn hefur verið lánasamningur og tilkynning um vanskil og krafa um afhendingu tryggingar, sem B hafi beint til ákærða í febrúar 2010. Vekur athygli að í 1. gr. samningsins segir að nauðsynlegt sé að „bregðast hratt við því tækifæri sem boðist hefur en mun lánveitandi endanlega vera 90% eigandi af félaginu Georg Mikaelsson ltd. sem hér er lögð fram sem trygging fyrir endurgreiðslu.“

Rakið hefur verið tölvubréf B, skráð sent rúmlega mánuði síðar, til viðtakanda sem skráður er E. Í bréfinu kynnir B sig sem dóttur C, segir að ákærði hafi sent E samninginn

frá 8. febrúar 2009 og tilkynninguna frá 15. febrúar 2010, og biður E um að breyta skráningu eignarhalds bréfanna. Fyrir dómi sagði B móður sína hafa fallið frá í [...] 2009 en föður sinn hafa setið í óskiptu búi fram að andláti hans í [...] 2020. Hvorki í tilkynningunni 15. febrúar né í tölvupóstinum er vikið að andláti C eða því að faðir B sitji í óskiptu búi. Eins og áður segir, segir B í tölvubréfinu að ákærði hafi sent E samninginn og tilkynninguna en fyrir dómi kvaðst ákærði telja að hann hefði ekkert skriflegt sent frá sér og hefði engin slík tölvubréf séð. Fyrir dómi sagði ákærði að einu sinni hefði verið hringt í sig frá endurskoðunarstofunni vegna einhvers sem hann myndi ekki hvað hefði verið. Almennt verður að telja fremur líklegt að eigandi félags muni ef erindið í eina símtalinu er að fá staðfest framsal 90% hlutafjár í félaginu,.

Ákærði sagði fyrir dómi að þau B hefðu verið vinir um áratuga skeið og milli þeirra ríkti algjört traust.

Fyrir dómi sagðist B enga aðkomu hafa haft af því að móðir hennar hefði orðið eigandi 90% hlutar í Félaginu GM. Þegar borið var undir B að hún hefði skrifað undir viðauka við lánasamninginn, um að gengið væri að bréfunum, kvaðst hún ekki hafa munað eftir því. Spurð hvort vanskil hefðu orðið svaraði hún fyrst að engin vanskil hefðu orðið. Þegar borið var undir hana orðalag viðaukans, að vegna vanskila á endurgreiðslu væri gengið að tryggingum svaraði hún að hún myndi það ekki, langt væri um liðið. En „ef viðauki var til vegna þess, þá greinilega, við erum að tala um einhver vanskil.“ Spurð hvort mikil verðmæti væru í félaginu svaraði hún að hún hefði ekki spurt en sagðist telja að allt væri „á sínum stað og það [væru] mikil verðmæti í félaginu.“ Hún var spurð um í hverju starfsemi félagsins fælist og svaraði að ákærði sæi um það. Sjálf skipti hún sér ekki af því. Peningarnir væru „á sínum stað“. Þegar borið var undir hana hvort félagið hefði verið lagt niður árið 2016 svaraði hún að hún efaðist ekki um að peningar væru „í veltu“. Hún myndi „fá endurgreitt“. Þegar hún var spurð hvort henni hefði verið kunnugt um að félagið hefði verið lagt niður svaraði hún að hún hefði ekki munað eftir því.

Þegar á allt framanritað er horft þykir ekki unnt að leggja til grundvallar að sýnt hafi verið fram á í málinu að 90% hlutur ákærða hafi farið úr hans eigu með þeim hætti sem rakið hefur verið. Verður því að miða við í málinu að ákærði hafi einn verið eigandi félagsins frá upphafi og þar til það hafi verið lagt niður. Honum bar að greina frá því eignarhaldi sínu á skattframtali en það gerði hann ekki á þeim árum sem rakin hafa verið. Verður að virða honum það til stórfellds hirðuleysis.

Ákærða er gefið að sök að hafa ekki talið fram til skatts 66.354.336 króna tekjur er stafað hafi af hlutareign hans í Félaginu GM á tekjuárinu 2009 og þannig komið sér undan greiðslu 8.097.934 króna fjármagnstekjuskatts. Af gögnum málsins verður ráðið að á umræddu ári námu greiðslur af reikningi Félagsins GM til ákærða, að frádregnum greiðslum ákærða til félagsins, 66.354.336 krónum.

Í skýrslutöku hjá skattrannsóknarstjóra 7. júní 2016 var ákærði meðal annars spurður um innborganir Félagsins GM til sín árið 2009. Ákærði svaraði: „Ég þarf að kynna mér þetta aðeins nánar, þetta er allavega, einhver hluti af þessu, mig minnir að þetta sé lán en ég þarf að kynna mér þetta bara betur.“ Spurður hvort gerður hafi verið lánasamningur svaraði ákærði að það hlyti að vera. Í skýrslutöku hjá skattrannsóknarstjóra 1. desember 2016 var ákærði meðal annars spurður um innborganir Félagsins GM á persónulegan bankareikning hans hinn 22. júní 2009, að fjárhæð 42 milljónir króna. Ákærði svaraði að þetta væri lán til sín. Hann var þá spurður hvenær lánið hefði verið greitt til baka og svaraði þá að þetta hefði verið árið 2009 og hann myndi því ekki svara. Í greinargerð ákærða segir að ákærði hafi í skýrslutöku kallað millifærslurnar lán þar sem þær hafi verið fluttar til Íslands til að mæta rekstrarkostnaði sem áætlaður hefði verið næstu mánuði og ár. Fyrir dómi sagði ákærði um greiðslur Félagsins GM til sín að það hefðu verið gerðar upp skuldir, svo sem vegna gjaldeyrisviðskipta. Menn hefðu leitað til ákærða til að skipta gjaldeyri, þeir hefðu látið millifæra erlendan gjaldeyri á reikning Félagsins GM. Félagið hefði millifært krónur á persónulegan reikning ákærða á Íslandi, ákærði tekið þær úr banka og „í flestum tilvikum“ afhent viðskiptavininum í reiðu fé.

Ef þessi hefði verið skýring millifærslunnanna árið 2009 hefði legið beint við að svara skattrannsóknarstjóra í upphafi með þeim hætti. Þess í stað talaði ákærði um lán og að lánasamningur hefði verið gerður. Engin þörf var á lánveitingum til ákærða í þessu skyni enda hefði Félagið GM sjálft getað opnað reikning í banka hér á landi og átt þar krónur til nota í viðskiptum sínum. Ákærði gaf ekki upp til skatts að hann hefði þegið slíkt lán frá Félaginu GM á umræddum tíma. Þær færslur inn á reikning Félagsins GM sem ákærði hefur í málinu skýrt sem gjaldeyrisviðskipti hefjast á árinu 2010. Þegar á allt framanritað er horft verður að líta svo á að með því að greiða sér umrætt fé af reikningi Félagsins GM hafi hann haft umrædda fjárhæð, 66.354.336 krónur, í tekjur af hlutareign sinni í Félaginu GM tekjuárið 2009. Þær tekjur gaf hann ekki upp til skatts og kom sér þannig undan greiðslu fjármagnstekjuskatts að fjárhæð 8.097.394 krónur. Hlutareign hans stafaði frá erlendu félagi sem hann leyndi fyrir hérlendum skattyfirvöldum og eykur það

verulega saknæmi brotsins. Ákærði er sannur að sök samkvæmt framanrituðu og varðar háttsemi hans við 1. mgr. 262. gr. laga nr. 19/1940 sbr. einnig 1. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003. Sök samkvæmt 1. mgr. 262. gr. laga nr. 19/1940 fýrnist á tíu árum. Má hér líta til dóms Landsréttar í máli nr. 504/2018. Er sök ákærða ekki fyrnd í málinu.

Af hálfu ákærða hafa verið lagðir fram ársreikningar Félagsins GM. Fyrir dómi rakti ákærði hvernig hann hefði aflað þeirra á Seychelles eyjum árið 2021.

Ákærði hafði gefið skýrslu hjá skattrannsóknarstjóra árið 2016 og þá meðal annars verið spurður um ársreikninga Félagsins GM og svarað að hann ætlaði að útvega þá. Hann hefur borið að hann hafi, á meðan á rekstri félagsins stóð, engin gögn fengið frá endurskoðendum þess. Sjálfur hafi hann sent þeim öll sín gögn í pósti, án þess að halda eftir afriti, og hafi svo gleymt nafni stofunnar og heimilisfangi. Hafi hann ekki munað neitt nema skírnamafn eins starfsmanns, sem hann hafi raunar munað skakkt, hún hafi heitað [...] en ákærða minnt að hún hétu [...]. Ákærði kveðst svo hafa farið til Seychelleys eyja og þar fundið forstöðumann endurskoðunarstofunnar, E, með þeirri aðferð sem hann lýsti. [...] hefði þá verið látin.

E gaf skýrslu fyrir dómi og sagði [...] hafa séð um mál Félagsins GM hjá stofunni. Sjálfur hefði E ekki séð gögn félagsins. Hann hefði ekki samið ársreikningana heldur hefði [...] gert það. Hann hefði hins vegar skrifað undir þá á hverjum tíma, en ekki hún. Hann hefði treyst henni. Gögnunum hefði verið eytt en ársreikningarnir legið fyrir á skrifstofunni. E staðfesti að hann hefði hitt ákærða á veitingastað og hefði ákærði skrifað undir reikningana þá. Fyrir dómi sagðist ákærði hafa skrifað undir reikningana í ferð sinni en E hefði verið búinn að skrifa undir þá áður. Eins og áður segir eru sömu dagsetningar handritaðar við undirskrift ákærða og E á hverjum og einum ársreikningi.

Ekki liggja fyrir í gögnum málsins bankafærslur er sýni greiðslu félagsins til umræddrar endurskoðunarstofu.

Þegar á allt framanritað er horft og þá sérstaklega það að ársreikninganna er aflað svo seint sem raun ber vitni, sá starfsmaður sem sagður er hafa fært bókhald og samið ársreikningana mun ekki vera lengur til frásagnar og ekkert liggur fyrir um hvaða gögn hafi legið fyrir starfsmanninum þegar bókhaldið hafi verið fært og ársreikningarnir samdir, engin bókhaldsgögn liggja fyrir hjá endurskoðunarstofunni og sá sem skrifaði undir ársreikningana hvorki samdi þá né sá gögn að baki þeim, þykir ekki unnt að leggja umrædda ársreikninga til grundvallar um stöðu Félagsins GM á hverjum tíma.

Þegar metin eru þau gögn sem liggja fyrir í málinu og stafa frá ákærða er óhjákvæmilegt að líta til þess að æði mörg þeirra bárust á lokastigum málsins. Ákærði kom fyrst til skýrslugjafar árið 2016 og var þá spurður um ýmis gögn, svo sem ársreikninga Félagsins GM. Fjölmörg gögn sem frá ákærða stafa bárust æði seint, jafnvel þegar dómsmeðferð var hafin. Af hálfu ákærða hefur verið byggt á að skattyfirvöld hafi lokið rannsókn sinni án þess að biða heimkomu hans frá útlöndum. Hvað sem um það er að segja er til þess að líta að málinu var vísað til meðferðar héraðssaksóknara 20. maí 2019. Verður að telja að ákærði hafi haft drjúgan tíma til að koma gögnum til rannsakenda fyrir útgáfu ákæru hefði hann kosið að gera svo. Fyrir liggur að ýmissa þeirra gagna sem lögð voru fram af hálfu ákærða undir rekstri málsins hafði hann aflað skömmu áður. Eru þar á meðal kvittanir fyrir viðskiptum sem eru sögð hafa farið fram allmörgum árum áður.

Ákærði hefur stundað viðskipti lengi og komu margir fyrir dóminn og af framburði margra vitna dróst upp mynd af manni sem gott orð fer af og nýtur greinilega trausts margra. Ákærði virðist hafa haft að því leyti óvenjulega viðskiptahætti að hann greiðir útgjöld sín gjarnan í reiðu fé, jafnvel umtalsverðar fjárhæðir. Slíkt er heimilt og ráða menn að jafnaði hvernig þeir haga viðskiptum sín á milli að þessu leyti. Af þessum viðskiptaháttum leiðir hins vegar að sjálfsgöðu að ákærði hefur færri kosti til að færa sönnur á þær greiðslur sem hann kann að hafa innt af hendi. Í þessu máli bar hann auk þess á þá leið að kvittanir sínar og gögn hefði hann sent í pósti til Seychelles eyja, án þess að eiga nokkurt afrit gagnanna, á heimilisfang sem hann hefði gleymt. Rekstur Félagsins GM virðist hafa að mestu hvílt á herðum ákærða og hann ekki haft fasta samstarfsmenn í daglegum rekstri félagsins. Þessi atriði, sem öll eru á valdi ákærða, eru til þess fallin að gera honum örðugra um vik um sönnun útgjalda sinna.

Raktar hafa verið greiðslur sem lagðar voru inn á reikning félagsins frá 47 aðilum. Ákærði hefur byggt á að allir hafi þeir fengið fullt endurgjald fyrir greiðslur sínar.

Óumdeilt er að umræddar greiðslur bárust Félaginu GM. Þær teljast félaginu til tekna. Leggja verður til grundvallar í skattamáli að sá sem vill telja til útgjalda sem komi á móti tekjum sem sannaðar hafa verið, beri sönnunarbyrðina af þeim útgjöldum. Félagið GM er sjálfstæður aðili. Svo til frádráttar tekjum félagsins komi endurgjald sem viðskiptamenn þess hafi fengið, verður að mega líta svo á að endurgjaldið hafi komið frá félaginu sjálfu. Hafi endurgjaldið komið frá öðrum aðila verði að horfa til þess hvort Félagið GM hafi bætt þeim aðila það.

Þegar horft er á umrædda 47 aðila sem lögðu inn á reikning Félagsins GM og fjallað hefur verið um í málinu, sker einn hópur sig nokkuð úr að mati dómsins. Af skýrslu ákærða og allmargra vitna hefur komið í ljós að ákærði hefur notið sérstaks trausts allmargra flugmanna. Í málinu hafa allmargir flugmenn borið um að þeir hafi átt gjaldeyrisviðskipti við ákærða með þeim hætti að þeir hafi lagt erlendan gjaldeyri inn á reikning Félagsins GM í Luxemborg og ákærði afhent þeim krónur í reiðufé stuttu síðar. Eins og rakið hefur verið báru allnokkurir flugmenn á þessa leið og bar saman um að ekki hefði verið gerður skriflegur samningur um viðskiptin en allt staðið eins og stafur á bók. Ákærði hafi boðið hagstæðara gengi en bankarnir og þetta gengið hratt og vel fyrir sig. Virðist ákærði hafa notið slíks trausts að jafnvel þeir sem sögðust ekki treysta bönkum áttu við hann slík viðskipti án nokkurs samnings eða tryggingar af hálfu ákærða. Enginn þeirra sem kom fyrir dóm og bar um viðskipti við ákærða taldi sig hafa verið hlunnfarinn í þeim. Fram kom hjá sækjanda fyrir dómi að alþekkt væri að flugmenn fengju dagpeninga sína greidda í erlendum gjaldeyri svo ekkert óeðlilegt væri við að þeir hefðu talsverðan gjaldeyri undir höndum og vildu skipta honum í krónur. Að mati dómsins voru þeir flugmenn sem báru um gjaldeyrisviðskipti við ákærða trúverðugir. Nokkurir þeirra þekktust innbyrðis og var meðal annars borið um meðmæli félaganna með ákærða. Einn þeirra mun hafa leitað ráða [...] áður en hann gaf ákærða kvittun fyrir viðskiptunum eftir á, að beiðni ákærða. Lítur dómurinn svo á að framburður ákærða um gjaldeyrisviðskipti við flugmenn fái mikla stoð í skýrslum flugmannanna fyrir dómi. Þó margar þær kvittanir sem fyrir liggja í málinu frá hendi flugmanna muni hafa verið unnar eftir á, og flugmennirnir hafi í einhverjum tilvikum borið að þeir geti ekki staðfest fjárhæðir nákvæmlega breytir það ekki því að þeir hafa með trúverðugum hætti veitt framburði ákærða um viðskiptin mikinn stuðning.

Verður nú litið til þeirra 47 aðila sem munu hafa lagt inn á reikning Félagsins GM.

1. [...]. Fyrir liggur kvittun um viðskiptin, undirrituð af AV sem var stjórnarformaður félagsins þegar viðskiptin eru sögð hafa átt sér stað. AV kvaðst muna eftir gengisviðskiptum, ákærði hefði boðið betra gengi en aðrir. Þegar á þetta er horft og trúverðugan framburð AV þykir hafa verið rennt nægilega styrkum stoðum undir að Félagið GM hafi í raun átt gjaldeyrisviðskipti og í ljósi þeirrar kvittunar sem AV ritaði

undir, og staðfesti undirritun sína fyrir dómi, verður talið að hagnaður Félagsins GM vegna innlagnar [...] hafi numið 200.000 krónum en ekki 9.001.500 krónum.

2. F flugmaður staðfesti fyrir dómi undirritun sína á kvittunum. Með trúverðugum framburði vitnisins hefur stoðum verið rennt undir þær kvittanir sem lagðar voru fram af hálfu ákærða. Samkvæmt gögnum málsins lagði F inn hjá Félaginu GM fjárhæð sem nemur 11.003.857 krónum en frá þeirri fjárhæð verða dregnar í ljósi kvittana 10.370.000 krónur. Hagnaður Félagsins GM vegna innlagnar F telst því 633.857 krónur en ekki 11.003.857 krónur.

3. G flugmaður gaf skýrslu fyrir dómi og lýsti gjaldeyrisviðskiptum. Samkvæmt gögnum lagði G inn hjá Félaginu GM sem nemur 17.558.290 krónum en samkvæmt kvittunum fékk hann endurgreiddar 17.560.000 krónur. Með skýrslu G fyrir dómi hefur stoðum verið rennt undir framburð ákærða um gjaldeyrisviðskipti þeirra. Fyrir dómi sagði ákærði að Félagið GM hefði yfirleitt haft 2-3% hagnað af gjaldeyrisviðskiptunum og verður miðað við að hagnaður félagsins hafi í þessu tilviki numið 526.748 krónum en ekki 17.558.290 krónum.

4. [...]. Fyrir liggur kvittun og á henni mun vera undirritun AK. AK kom fyrir dóm og kvaðst kannast við undirskrift sína en kvittunina hefði hann aldrei séð. Hann hefði aldrei tekið við slíkri fjárhæð sem þar væri nefnd. Þegar á þetta er horft hefur ekki verið sannað að Félagið GM hafi haft útgjöld á móti þessari innborgun og telst hún til tekna félagsins án frádráttar.

5. [...]. Eins og áður segir féllst ákærvaldið á að Félagið GM hefði haft 70.000 evra kostnað á móti innlögninni. Að mati dómsins hefur ekkert komið fram sem sýnir fram á annan og meiri kostnað félagsins. Telst félagið hafa haft 70.000 evra hagnað af 140.000 evra innlögn.

6. H. Lögð hafa verið fram gögn um bifreiðaviðskipti og hvorki er ástæða til að ætla að bifreiðin hafi ekki verið greidd seljanda né að H hafi ekki fengið hana afhenta. Ekkert liggur hins vegar fyrir í málinu sem sýnir fram á að Félagið GM hafi haft útgjöld af

bifreiðaviðskiptunum og við svo búið er ekki unnt að telja félaginu þau til útgjalda. Verður að telja 46.500 evra greiðslu H til hagnaðar félagsins.

7. [...]. Vitnið AL bar að hann hefði selt bifreið og vélhjól í [...], kaupandi hafi verið eigandi umrædds félags og hafi félagið lagt kaupverðið inn á reikning Félagsins GM sem síðan hafi látið AL fá krónur. Í málinu liggur ekkert annað fyrir um þessi viðskipti AL og eiganda umrædds félags. Eigandinn hefur ekki verið leiddur fyrir dóminn og ekkert annað lagt fram sem fært geti sönnur á atburðarásina. Við svo búið verður ekki lagt til grundvallar að Félagið GM hafi haft útgjöld á móti innlögn [...] og verður að telja greiðslu sem nemur 5.541.270 krónum til hagnaðar félagsins.

8. [...]. Vitnið BH sem kvaðst hafa verið framkvæmdastjóri og eigandi [...] á árunum 2011 og 2013 sagði tölvur og tölvuvörur hafa verið keyptar af Félaginu GM á umræddum tíma. Hefðu þetta verið beinar sem notaðir væru í tölvukerfi. Af hálfu ákærða hefur verið lagður fram reikningur frá erlendu félagi, stílaður á Félagið GM, vegna kaupa á tölvubúnaði. Ekki hefur hins vegar verið lagt neitt fram sem sýnir fram á raunveruleg útgjöld Félagsins til að afla umrædds búnaðar, svo sem bankafærsla eða staðfest kvittun fyrir greiðslu. Við svo búið er ekki unnt að líta svo á að Félagið GM hafi haft kostnað á móti greiðslunum frá [...] og teljast þær því til hagnaðar félagsins.

9. [...]. Af hálfu ákærða hefur verið lagður fram reikningur fyrir bifreiðakaupum en ekkert sem sýnir fram á greiðslu Félagsins GM við bifreiðakaupin. Við svo búið er ekki unnt að líta svo á að Félagið GM hafi haft kostnað á móti greiðslunni frá [...] og [telst] hún því til hagnaðar félagsins.

10. I. Lögð hefur verið fram kvittun sem sögð er stafa frá I. Fyrir dómi sagðist ákærði ekkert muna eftir I. Enginn hefur borið fyrir dómi um viðskiptin og verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á kostnað sem Félagið GM hafi haft á móti greiðslunum sem skráðar eru frá I.

11. J. Ákærði kveðst hafa átt gjaldeyrisviðskipti við hann. Fyrir dómi kvaðst J ekki muna eftir að hafa lagt umræddar fjárhæðir inn hjá Félaginu GM. Af hálfu ákærða voru lögð fram gögn því til stuðnings að vitnið J væri sá eini sem það nafn bæri í þjóðskrá svo

telja verður líkur á að hann hafi í raun lagt umrædda fjárhæð inn hjá ákærða. Á hinn bóginn liggur ekkert fyrir um útgjöld sem Félagið GM hafi haft á móti innlögnunum og breytir þar engu þó maður, sem mun vinna töluvert við heimili ákærða, hafi borið að hafa séð ákærða og J á heimili ákærða meðhöndla mikið fé. Af því sem fyrir liggur í málinu er ekki hægt að slá neinu föstu um hugsanleg viðskipti Félagsins GM og J og þar með ekki hvaða útgjöld félagið kann að hafa haft á móti innlögnunum.

12. K. Ákærði kvað hér um að ræða gjaldeyrisviðskipti við AQ. AQ kvaðst fyrir dómi hafa átt gjaldeyrisviðskipti við ákærða, hafa látið hann fá evrur og fengið krónur í staðinn. Fjárhæðin fimm milljónir gæti vel verið rétt. Ákærði hefði enga þóknun tekið fyrir viðskiptin. Eins og rakið verður síðar, varðandi lið 27, liggja fyrir samtímagögn, útprentuð sms-samskipti milli ákærða og AQ, sem veita því stuðning að þeir hafi átt með sér gjaldeyrisviðskipti. Telja verður að með framburði AQ hafi framburður ákærða um gjaldeyrisviðskipti fengið stoð. Samkvæmt gögnum lagði „K“ inn hjá Félaginu GM sem nemur 5.150.797 krónum og verður, í ljósi orða ákærða um almennan 2-3% hagnað félagsins af gjaldeyrisviðskiptum miðað verið að hagnaður félagsins hafi numið 154.523 krónum.

13. L flugmaður sagðist fyrir dómi kannast við þrjár færslur inn á reikning Félagsins GM. Vitnið kannaðist við að hafa ritað undir kvittanir sem lagðar hafa verið fram í málinu. Með skýrslu þess hafa kvittanirnar og framburður ákærða um viðskipti við hann fengið stoð. Samkvæmt gögnum málsins lagði L inn hjá Félaginu GM sem nemur 7.367.810 krónum en samkvæmt kvittununum fékk hann endurgreiddar sjö milljónir króna. Verður miðað við að hagnaður Félagsins GM hafi numið 367.810 krónum af viðskiptunum.

14. M staðfesti kvittanir og undirritun sína. Vitnið lýsti því að það hefði ætlað að koma fé sínu inn hjá [...] og lagt inn á reikning Félagsins GM á meðan vitnið hefði beðið eftir því að koma fénu inn hjá [...]. Svo hefði komið í ljós að vitnið hefði ekki átt nægt fé til að komast í viðskiptin. Vitnið hefði því fengið fé aftur hjá ákærða, eftir þörfum. Ekkert hefur verið lagt fram sem tekið getur af tvímæli um þetta, svo sem gögn um að vitnið hafi leitað viðskipta við [...], eftir að hafa lagt inn hjá Félaginu GM, en orðið frá að

hverfa. Við svo búið er ekki hægt að líta svo á að sýnt hafi verið fram á útgjöld Félagsins GM vegna þessara innborgana.

15. AM. Af hálfu ákærvalds var lýst yfir að ekki væri andmælt að Félagið GM hefði haft 7,1 milljónar króna útgjöld á móti innlögn félagsins sem nam 7.213.458 krónum. Ekkert hefur komið fram sem bendir til að útgjöld Félagsins GM hafi í raun verið meiri en þau sem ákærvaldið féllst á og verður við þau miðað og Félagið GM talið hafa haft 113.458 króna hagnað af viðskiptum við AM.

16. N. Lögð hafa verið fram gögn um bifreiðaviðskipti. Engin þeirra sýna að Félagið GM hafi borið kostnað af viðskiptunum þótt í málinu liggja reikningur stílaður á það. Samkvæmt gögnum málsins var [...] innflytjandi umræddrar bifreiðar. Ekki hafa verið lögð fram gögn, svo sem bankafærslur eða gögn úr bókhaldi [...], um að fjármunir hafi runnið frá Félaginu GM til [...] eða annað vegna bifreiðakaupanna. Við svo búið verður ekki lagt til grundvallar að félagið hafi haft útgjöld á móti innborgunum N.

17. O. Samkvæmt gögnum málsins lagði O inn á reikning Félagsins GM. Fyrir liggur kvittun, undirrituð af AO, sem rakin hefur verið. O var ekki leiddur fyrir dóminn og engin gögn hafa verið lögð fram um þau viðskipti sem þarna hafi búið að baki. Hefur þannig ekki verið upplýst hvaða hestur hafi verið seldur, hver hafi selt hrossið og við hvaða verði. Ekki hefur verið lögð fram tollskýrsla vegna hrossasölnunnar. Þegar á allt þetta er horft verður ekki talið að með því sem fyrir liggja hafi verið sýnt fram á útgjöld Félagsins GM vegna þeirrar innlagnar O sem gögn málsins gefa til kynna.

18. [...]. Ekkert liggur fyrir um hvað þar býr að baki. Ákærði stýrði félagi sem tók við greiðslu frá umræddum aðila og getur ekki varpað á ákærvaldið ábyrgðinni á því að gera grein fyrir greiðslunni og eftir atvikum kostnaði á móti henni ef hann telur hana ekki til skattskylds rekstarhagnaðar fyrirtækis síns.

19. P flugmaður staðfesti undirritun sína á kvittun og sagði fjárhæðir þar „nærri lagi“. Framburður vitnisins var trúverðugur og með honum er skotið stoðum undir kvittun sem liggur fyrir í málinu. Samkvæmt henni fékk P endurgreiddar 2.850.000 krónur.

Samkvæmt gögnum málsins lagði P inn hjá Félaginu GM sem nemur 2.956.600 krónum og verður miðað við að hagnaður félagsins af viðskiptunum hafi numið 106.600 krónum.

20. Q sagði fjármunina sem um ræðir hafa verið sparnað sinn og móður sinnar. Þeir ákærði hefðu verið vinir lengi. Ekkert liggur meira fyrir um þetta. Ekki þykir hafa verið sýnt fram á útgjöld Félagsins GM vegna innlagnar Q.

21. [...]. AP flugmaður gaf skýrslu fyrir dómi og staðfesti gjaldeyrisviðskipti og sagði efni kvittunar sem fyrir lægi í málinu rétt. Með trúverðugum framburði AP er stoðum rennt undir kvittunina. Samkvæmt gögnum málsins lagði AP inn sem nemur 1.629.500 krónum og samkvæmt kvittuninni fékk hann 1.550.000 krónur til baka. Verður miðað við að hagnaður Félagsins GM hafi numið 79.500 krónum.

22. [...]. Af hálfu ákærða er byggt á því að umrætt félag sé á vegum J og hafi það átt gjaldeyrisviðskipti við Félagið GM. Framburður J fyrir dóm hefur verið rakinn. Af hálfu sækjanda kom fram við munnlegan málflutning að ekki væri vefengt að J hafi haft einhvers konar stjórnunarleg yfirráð eða fjárhagslega hagsmuni af félaginu [...]. Ekkert hefur komið fram í málinu sem beinlínis sýnir fram á hið gagnstæða og verður miðað við í málinu að félagið hafi að einhverju leyti verið á vegum J. Það er hins vegar byggt á því að ákærvaldið kveðst ekki andmæla staðhæfingu ákærða í þá veru, en um þetta hefur ekkert verið sannað í málinu þannig að geti haft sérstakt gildi að öðru leyti svo sem sbr. 4. mgr. 186. gr. laga nr. 88/2008.

Þótt litnið yrði svo á í þessu máli að umræddur maður hafi verið tengdur félaginu með þeim hætti sem ákærði ber, er ekki þar með sannað að félögin hafi átt gjaldeyrisviðskipti. Þótt vitnið BK hafi borið að vitnið hafi séð ákærða og J meðhöndla verulega fjármuni á heimili ákærða, og að ákærði hafi í því sambandi talað um gjaldeyri við vitnið, rennir það ekki neinum þeim stoðum undir það að á milli félaganna hafi verið gjaldeyrisviðskipti sem máli getur skipt. Í málinu liggur engin kvittun fyrir og engin önnur yfirlýsing umrædds félags eða þess manns sem ákærði kveður raunverulegan forsvarsmann þess. Við svo búið er ekki hægt að slá neinu föstu um greiðslur þær sem félagið lagði inn á reikning Félagsins GM og engu um hugsanlegan kostnað sem Félagið GM hafi haft þar á móti.

23. [...]. Um þetta er í raun ekkert vitað í málinu. Vísast hér til þess sem sagt var um lið 18.

24. R. Vitnið BJ flugmaður kvaðst hafa átt í gjaldeyrisviðskiptum við Félagið GM. R væri fyrrverandi kona sín og hugsanlega hefði greiðsla farið af hennar reikningi. Með trúverðugum framburði vitnisins er stoðum rennt undir að gjaldeyrisviðskipti hafi búið að baki og verður miðað við að Félagið GM hafi haft 87.469 króna hagnað af 2.915.658 króna innleggjum sem skráð eru á R.

25. [...]. Ekki hefur verið sýnt fram á hver stýrði umræddu félagi eða hvaða viðskipti búið hafa að baki innlagn félagsins á reikning Félagsins GM. Við svo búið verður ekki lagt til grundvallar að Félagið GM hafi haft kostnað á móti innlögninni.

26. S. Vísast hér að breyttu breytanda til þess sem segir um lið 17, O.

27. [...]. Af hálfu ákærða var byggt á því að félag þetta væri í eigu AQ og hefði átt gjaldeyrisviðskipti við Félagið GM. Fyrir dómi sagðist AQ ekki muna eftir félaginu en tók fram að hann hefði orðið fyrir slysi og fengið höfuðhögg, og byggi við umtalsvert skert minni eftir það. Meðal greiðslna félagsins inn á reikning Félagsins GM er greiðsla að fjárhæð 135.725 evrur hinn 29. apríl 2013. Fram kom hjá sækjanda við munnlegan málflutning að ákærvaldið vefengdi ekki að framlögð sms-samskipti sem rakin hafa verið hafi verið milli ákærða og AQ. Í sms-skeytum sem miðað verður við að hafi farið milli ákærða og AQ frá 19. – 25. apríl talar ákærði um fjárhæðina 135.725 og AQ segist hafa beðið ónafngreindan aðila um að millifæra. Báðir hafa sagt fyrir dómi að þeir hafi átt gjaldeyrisviðskipti. Í ljósi alls framanritaðs þykir verða litið svo á að greiðslur [...] til Félagsins GM hafi verið vegna gjaldeyrisviðskipta og hagnaður Félagsins GM af 50.382.580 króna innleggjum hafi numið 1.511.477 krónum.

28. T. Af hálfu ákærða var lagt fram ljósrít skjals sem ber með sér að stafa frá bílasölonni [...] í [...]. Er skjalið stílað á Félagið GM. Í þýð. lögg. skjalapýðanda segir meðal annars: „Við afhendum yður eftirfarandi ökutæki“. Kemur fram í skjalinu að það varðar bifreið af gerðinni [...] að söluverði 5.900 evrur. Heildarupphæð hafi verið móttekin sem millifærsla.

Af hálfu ákærvalds var lagt fram ljósrit sambærilegs skjals, sem ber með sér að stafa frá sömu bílasölu, stílað á félagið [...] Eru þar sömu skráningarupplýsingar bifreiðar og greinir í því skjali er lagt var fram af hálfu ákærða. Verð bifreiðar er skráð 7.900 evrur.

Af hálfu ákærða var lögð fram útprentun úr ökutækjaskrá vegna bifreiðar af gerðinni [...]. Verksmiðjunúmer hennar er skráð hið sama og á þeim skjölum sem rakin hafa verið. Innflytjandi bifreiðarinnar er skráður [...]

Ekki hafa verið lögð fram bankagögn er sýni greiðslu Félagsins GM fyrir umrædda bifreið. Ekki hefur heldur verið sýnt fram á greiðslu félagsins til [...] vegna viðskiptanna, svo sem með bankafærslu eða bókhaldsgögnum [...] Þegar á allt framanritað er horft hefur ekki verið sýnt fram á að Félagið GM hafi haft kostnað af umræddum bifreiðaviðskiptum sem komið hafi á móti innlögn T á reikning félagsins.

29. U kom fyrir dóm og sagðist hafa selt ákærða gjaldeyri. Gjaldreyrir vitnisins hefði líklega komið af sölu hlutabréfa. U gaf skýrslu hjá skattrannsóknarstjóra 9. nóvember 2018 og var þá meðal annars spurður um innlagnir sínar hjá félaginu. Vísar hann þar ekki til gjaldeyrisviðskipta í framhaldi af hlutabréfasölu. Þykir ekki hafa komið það fram í málinu sem geti gefið efni til að líta svo á að Félagið GM hafi haft tiltekinn kostnað vegna innlagnar U.

30. V. Ákærði lýsti gjaldeyrisviðskiptum við V, sem er flugmaður. V kom fyrir dóm og kvaðst aldrei hafa hitt ákærða áður og ekki hafa talað við hann fyrr en ákærði hefði haft samband við sig til að staðfesta viðskipti. Þó V hafi sagt fyrir dómi að hann hefði stundað gjaldeyrisviðskipti vildi hann ekki staðfesta að hafa átt þau við ákærða. Þó það væri „ekki útilokað“ væri það ekki í samræmi við minni og gögn hans. Við svo búið verður ekki lagt til grundvallar að slík viðskipti hafi átt sér stað og hefur ekki verið sýnt fram á að Félagið GM hafi haft útgjöld á móti þeim innlögnum sem skráð eru frá V.

31. [...]. Hér vísast til þess sem sagt hefur verið um liði 18. og 23.

32. Þ. Fyrir dóm kom AS og sagði Þ vera fv. eiginkonu sína. AS væri [...] og þau Þ hefðu verið mikið í Bandaríkjunum og AS átt heima þar um tíma. AS hefði átt bankareikning í [...] og átt peningana þar. Hann hefði átt gjaldeyrisviðskipti við ákærða. Framburður vitnisins var trúverðugur. Samkvæmt gögnum málsins nam innlögnin

8.273.100 krónum og verður miðað við að Félagið GM hafi haft af henni 248.193 króna hagnað.

33. Æ flugmaður gaf skýrslu í málinu og staðfesti yfirlýsingu. Með trúverðugum framburði vitnisins er stoðum rennt undir yfirlýsinguna. Samkvæmt gögnum málsins lagði Æ 1.647.735 krónur inn á reikning Félagsins GM og samkvæmt yfirlýsingunni fékk hann 1.600.000 krónur til baka. Verður lagt til grundvallar að Félagið GM hafi fengið 47.735 króna hagnað af viðskiptunum.

34. Ö. Í gögnum málsins sést að 10.000 evrur voru greiddar út af reikningi Félagsins GM til AT 12. apríl 2013. Ekki liggja fyrir samtímagögn um aðrar greiðslur Félagsins GM til AT eða Ö á því láni sem þeir segja að sér hafi verið veitt. Ekki liggur fyrir hvers vegna lánið hafi að öðru leyti verið endurgreitt inn á reikning Félagsins GM en ekki persónulegan reikning ákærða. Verða viðurkennd útgjöld Félagsins GM að fjárhæð 1.548.300 krónur vegna umrædds láns en að öðru leyti hafa ekki hafa verið sýnt fram á útgjöld Félagsins GM á móti umræddum innlögnum.

35. AA kom fyrir dóm og staðfesti kvittanir og undirritun sína. AA kvaðst hafa verið flugmaður um áratuga skeið. Með trúverðugum framburði AA er stoðum rennt undir kvittanir. Samkvæmt gögnum málsins lagði AA sem nemur 9.249.241 krónu inn á reikning Félagsins GM og samkvæmt kvittunum fékk hann níu milljónir króna á móti. Verður miðað við að Félagið GM hafi haft 249.241 krónu hagnað af viðskiptunum.

36. AB flugmaður kvaðst fyrir dómi kannast við yfirlýsingu og undirskrift sína. Með trúverðugum framburði AB hefur stoðum verið rennt undir yfirlýsinguna. Samkvæmt gögnum málsins lagði AB inn sem nemur 391.083 og samkvæmt yfirlýsingu fékk hann 360.000 krónur á móti. Verður lagt til grundvallar að Félagið GM hafi haft 31.083 króna hagnað af viðskiptunum.

37. AC gaf skýrslu í málinu og kvaðst hafa átt gjaldeyrisviðskipti með sparifé sitt. Ekki hefur frekar komið fram í málinu um viðskiptin eða uppruna fjárins. Þykir ekki verða fullyrt að Félagið GM hafi haft kostnað á móti innlögn AC.

38. [...]. Hér er um að ræða greiðslu sem ákærði ber að hafi verið endurgreiðsla vegna borðplötu sem hann hafi fengið í Bandaríkjunum og hafi ekki uppfyllt kröfur. Ekkert liggur fyrir í málinu um að Félagið GM hafi lagt út kostnað vegna borðplötunnar svo skýrt geti að endurgreiðslan renni til félagsins. Verður að telja um að ræða tekjur sem ekki hafi verið sýnt fram á útgjöld á móti.

39. og 40. [...] og [...]. Fyrir liggja þrjú skjöl. Tvær kvittanir sem lagðar voru fram af ákærða á fyrri stigum dómsmálsins og ein yfirlýsing sem lögð var fram af hans hálfu við upphaf aðalmeðferðar. Fyrir dóm kom AU og kvaðst hafa verið forsvarsmaður umræddra félaga og staðfesti síðastnefndu kvittunina. Hinar tvær kannaðist hann ekki við og ekki þá stimpla sem á þeim voru. Fyrir dómi sagðist ákærði aldrei hafa hitt AU en í greinargerð ákærða segir að ákærði muni „að AU kom á jeppa merktum [...] á heimili ákærða [...] að sækja krónurnar.“ Er þannig eitt og annað málum blandið. Allt að einu telur dómurinn að með trúverðugum framburði AU fyrir dómi hafi stoðum verið rennt undir þá yfirlýsingu sem lögð var fram. Samkvæmt gögnum málsins greiddu félögin alls sem nemur 57.073.900 krónum inn á reikning Félagsins GM en samkvæmt yfirlýsingu AU voru 51.300.000 krónur greiddar á móti. Verður miðað við að Félagið GM hafi haft 5.773.900 króna hagnað af viðskiptunum, en ekki hefur verið sýnt fram á í málinu að sú fjárhæð hafi að hluta eða í heild runnið annað, svo sem til milligöngumanns sem ekki hefur komið fram í málinu hver hafi verið.

41. AD. Hér eiga að vissu leyti svipuð sjónarmið við og rakin voru vegna liðar 34. Ekki liggja fyrir samtímagögn um veitingu þess láns sem byggt er á að hafi verið endurgreitt. Ekkert hefur komið fram sem sýnir að lánið hafi komið af fjármunum Félagsins GM og að félagið eigi rétt á endurgreiðslunni. Verða greiðslurnar til Félagsins GM að teljast til hagnaðar þess.

42. AE. Samkvæmt gögnum málsins lagði hún inn hjá Félaginu GM 30.926 dali. Ákærði sagðist ekkert muna eftir þessu og kvaðst telja að aldrei hefði komið til sín útlendingur „og skipti við mig beint“. Alltaf hefði verið „einhver Íslendingur á bak við“. Ekkert hefur komið fram í málinu sem sýnir fram á útgjöld sem Félagið GM hafi haft á móti greiðslunum og verða þær að teljast til hagnaðar félagsins. Eiga hér og við sjónarmið sem rakin voru vegna liðar 18.

43. [...]. Ekkert hefur komið fram í málinu sem sýnir fram á útgjöld sem Félagið GM hafi haft á móti greiðslunni og verður hún að teljast til hagnaðar félagsins. Eiga hér og við sjónarmið sem rakin voru vegna liðar 18.

44. AG. Hér eiga að breyttu breytanda sömu sjónarmið við og rakin voru vegna liðar 17, O.

45. AH. Hér eiga að breyttu breytanda sömu sjónarmið við og rakin voru vegna liðar 17, O.

46. AI. Hér liggur fyrir að AI keypti bifreið. Verður dregin sú ályktun af gögnum málsins að bifreiðina hafi hann keypt af [...] Hefur ekkert komið fram um að Félagið GM hafi átt rétt til hluta kaupverðsins eða að greiðsla frá Félaginu GM, svo sem til [...], hafi verið innt af hendi. Hafa ekki verið lagðar fram bankafærslur eða gögn úr bókhaldi [...] sem tekið geti af tvímæli um slíkt. Orð endurskoðanda [...] fyrir dómi, þess efnis að slíkt mál hafi stundum komið upp í afstemmingum og þá verið færð eftir því, nægja ekki, án slíkra gagna, til að miðað verði við að Félagið GM hafi haft útgjöld á móti tekjunum. Við svo búið verður að telja greiðsluna sem barst Félaginu GM til hagnaðar þess.

47. AJ. Hér eiga að breyttu breytanda við sömu sjónarmið og rakin voru vegna liðar 17, O.

Eins og áður segir féllst ákærvaldið á að tiltekna fjárhæðir skyldu dragast frá hagnaði Félagsins GM. Með hliðsjón af því sem hér hefur verið rakið verður auk þess að telja rétt að lækka rekstrarhagnað Félagsins GM frá því sem í ákæru er byggt á, og þannig að rekstrarhagnaður 2010 lækki um samtals 19.735.608 krónur, rekstrarhagnaður 2011 lækki um 6.877.545 krónur, rekstrarhagnaður 2012 lækki um 7.826.972 krónur og rekstrarhagnaður 2013 lækki um 141.691.688 krónur.

Þær fjárhæðir sem ákærvaldið hafði lýst yfir að það teldi teljast til útgjalda félagsins skiptast með þessum hætti á þau ár sem fjallað er um í málinu. Frá hagnaði ársins 2010 dragast útgjöld að fjárhæð 12.066.404 krónur. Frá hagnaði ársins 2011 dragast útgjöld að fjárhæð 22.299.610 krónur. Frá hagnaði ársins 2012 dragast útgjöld að fjárhæð

23.383.782 krónur og frá hagnaði ársins 2013 dragast útgjöld að fjárhæð 13.740.932 krónur.

Þegar á allt framanritað er horft álitur dómurinn að frá rekstrarhagnaði ársins 2010 skuli þannig draga 31.802.012 krónur; frá rekstrarhagnaði ársins 2011 skuli þannig draga 29.177.155 krónur; frá rekstrarhagnaði ársins 2012 skuli þannig draga 31.210.754 krónur og frá rekstrarhagnaði ársins 2013 skuli þannig draga 155.432.620 krónur. Alls nemi frádráttur því 247.622.541 krónu.

Ekki hefur verið sýnt fram á í málinu önnur útgjöld sem beri að draga frá rekstrarhagnaði Félagsins GM á umræddum árum.

Eins og áður segir liggur fyrir í málinu hvaða tekjur komu inn á bankareikning Félagsins GM. Verður að telja að þegar frá þeim hafi verið dregið allt sem rakið hefur verið í málinu að draga beri frá, standi eftir hagnaður sem hér segir:

Árið 2010 hafi rekstrarhagnaður Félagsins GM numið 38.705.275 krónum.

Árið 2011 hafi rekstrarhagnaður Félagsins GM numið 41.570.920 krónum.

Árið 2012 hafi rekstrarhagnaður Félagsins GM numið 5.548.797 krónum.

Árið 2013 hafi rekstrarhagnaður Félagsins GM numið 135.843.851 krónu.

Alls hafi rekstrarhagnaður Félagsins GM á þessum árum því numið 221.668.843 krónum. Þann rekstrarhagnað gaf ákærði ekki upp til skatts eins og honum bar að gera. Kom hann sér þannig undan skattgreiðslum sem hér segir. Vegna tekjuársins 2010 nema vangreidd tekjuskattur og útsvar ákærða 17.334.778 krónum. Vegna tekjuársins 2011 nema vangreidd tekjuskattur og útsvar ákærða 18.591.312 krónum. Vegna tekjuársins 2012 nema vangreidd tekjuskattur og útsvar ákærða 2.222.699 krónum. Vegna tekjuársins 2013 nema vangreidd tekjuskattur og útsvar ákærða 61.429.528 krónum.

Með hliðsjón af öllu framanrituðu verður að telja að vangreidd tekjuskattur og útsvar ákærða nemi alls 99.578.318 krónum og vangreiddur fjármagnstekjuskattur 8.097.934 krónum, samtals 107.676.251 krónu. Sú háttsemi ákærða er hér hefur verið rakin varðar við 1. mgr. 262. gr. laga nr. 19/1940 sbr. einnig 1. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 og 2. mgr. 22. gr. laga nr. 4/1995 svo sem ákærða er gefið að sök í ákæru. Hefur ákærði með háttsemi sinni unnið sér til refsingar. Ákærða hefur samkvæmt sakavottorði ekki verið gerð refsing. Verður refsing ákærða ákveðin fangelsi í átján mánuði og sekt að fjárhæð 323.028.754 krónur í ríkissjóð. Fullnustu fangelsisrefsingarinnar skal frestað og niður skal hún falla að liðnum þremur árum haldi ákærði almennt skilorð. Greiði ákærði ekki sektina innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins sæti hann fangelsi í 360 daga. Málið

var umfangsmikið, gagnaöflun víðtæk og fjöldi vitna kom fyrir dóm. Málskostnaðaryfirlit verjanda ber þess merki. Þegar horft er á málið og vinnu verjanda í þágu ákærða ákveðast málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Ólafs Garðarssonar lögmanns, 22.196.155 krónur og er virðisaukaskattur innifalinn. Útlagður kostnaður verjandans nemur samkvæmt gögnum 445.410 krónum. Samkvæmt yfirlýsingu sækjanda fyrir dómi féll annar sakarkostnaður ekki til í málinu. Eins og komið hefur fram féll ákærvaldið frá öðrum tveggja ákæruliða og töluverðar fjárhæðir hafa verið dregnar frá rekstrarhagnaði félagsins, meðal annars vegna afstöðu ákærvaldsins. Á hinn bóginn er óhjákvæmilegt að líta svo á, að það hvernig ákærði stóð að rekstri sínum, svo sem að því leyti er snýr að meðferð gagna og fylgiskjala, hafi orðið til þess að gera vinnu við vörn hans umtalsvert tímafrekari en ella hefði orðið. Þegar á allt framanritað er horft verður talið að ákærði þurfi að bera tvo þriðjuhluta kostnaðar við málsvörn sína, en þriðjung skuli ríkissjóður greiða. Gætt var 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008. Af hálfu ákærvaldsins fór Elimar Hauksson saksóknarfulltrúi með málið. Þorsteinn Davíðsson kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Georg Mikaelsson, sæti fangelsi í átján mánuði. Fullnustu refsingarinnar skal frestað og niður skal hún falla að liðnum þremur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði 323.028.754 króna sekt í ríkissjóð en 360 daga fangelsi komi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði að tveimur þriðjuhlutum en ríkissjóður að þriðjungi 22.196.155 króna málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ólafs Garðarssonar lögmanns, og 445.410 króna útlagðan kostnað hans.

Þorsteinn Davíðsson